



EKVADOR
Suður-amerísk menningarhátíð
í Kópavogi 4.-12. okt. 2008

Jacchigua
Danssýning fyrir alla fjölskylduna
í Salnum 4., 5., 8., 10. og 11. okt.
Miðasala á salurinn.is og í síma 570 0400

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. október 2008 – 271. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR




GRIPID TIL VOPNA

Ekkert var gefið eftir á nýliðanámskeiði sersveitarinnar sem Fréttablaðið fylgdist með í Hvalfirði.



VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMA AUSTANLANDS
Í dag verða víða norðan- eða norðaustanáttir 3-8 m/s en heldur stfari vindur austan til. Bjartviðri sunnan- og vestanlands. Hiti á bilinu 0-5 stig.

Beðið aðgerða Seðlabanka

Ólafur Ísleifsson segir Seðlabanka hafa gert alvarleg mistök. Ríkisstjórnin hljóti að taka á trúnaðarbresti. Erlendur sérfræðingur segir Seðlabankann einan í veröldinni um að styðja ekki við fjármálakerfið. Von er á útspli ríkisstjórnar um helgina, jafnvel stórra erlendri lántöku. Bankarnir ekki sagðir í frekari hættu.

EFNAHAGSMÁL „Afleiðingin af því að ríkissjóður axli skuldbindingar Glitnis hefur orðið sú að láshæfismat ríkisins og um leið bankanna hefur lækkað. Þetta gerir fjármögnun bankanna ennþá erfiðari en ella sem getur truflað starfsemi þeirra verulega,“ segir Ólafur Ísleifsson, kennari við Háskólann í Reykjavík.

Hann telur að ekki hafi verið sýnt fram á að þjóðnýting hafi verið eini kosturinn í stöðunni.

„Hér sýnast því hafa verið gerð alvarleg mistök af hálfu Seðlabankans. Auk þess hefur aðgerðaleysi bankans gagnvart gjaldeyris korti og falli krónunnar rýrt traust á bankanum innanlands jafnt sem erlendis. Mjög virðist skorta á að bankastjórn Seðlabankans njóti trausts í stjórnmalalífi þjóðarinnar og í fjármálaheiminum. Slíkt traust er forsenda fyrir því að bankinn geti náð fullnægjandi árangri við þær aðstæður sem nú eru uppi,“ segir Ólafur og bætir því

við að ríkisstjórnin hljóti að bregðast við þessum trúnaðarbresti.

Heimildir innan úr ríkisstjórn herma að unnið verði alla helgina að lausn mála og „allir angar séu úti“ í þeim efnum. Markmiðið sé að kynna ýmsar ráðstafanir fyrir opnun markaða á mánudagsmorgun. Haft er eftir Tryggva Þór Herbertssyni, efnahagsráðgjafa forsætisráðherra, á fréttaveitunni Reuters að ekki sé unnið sérstaklega að björgun bankanna, enda standi þeir vel. Hins vegar þurfi að treysta gjaldeyrismarkaðinn og liðka fyrir viðskiptum. Í samtali við Bloomberg segir Tryggvi Þór að ekki standi til að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að unnið sé að mjög stórra lántöku ríkissjóðs erlendis og hafa erindrekar Seðlabanka fundað beggja vegna Atlantshafsins síðustu daga í þeim tilgangi.

„Það bíða allir eftir því að Seðlabankinn geri eitthvað,“ er haft eftir Beat Siegenthaler,

háttsettum sérfræðingi hjá verðbréfafyrirtækinu TD í Lundúnum í frétt Bloomberg.

„Þetta er eini seðlabankinn í veröldinni sem ekki hefur gripið inn í ástandið með einhverjum hætti í því skyni að styrkja fjármálageirann,“ segir Siegenthaler enn fremur í viðtali við Bloomberg. Hann segir að fjölmargir erlendir miðlarar hafi haft á orði að þeir hafi aldrei áður séð gjaldmiðil veikjast svo mikið og á jafn skömmum tíma án þess að seðlabanki viðkomandi ríkis segi eitthvað eða reyni með einhverjum hætti að bregðast við því.

Fulltrúar ríkisstjórnarinnar funduðu í gær með aðilum vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðanna um efnahagsráðstafanir og mögulegar aðgerðir til að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans, til dæmis með sölu erlendra eigna lífeyrissjóða. Sú vinna heldur áfram um helgina. Einn heimildarmaður blaðsins sagði að lítið yrði sfofið næstu daga, meðan unnið væri að lausn mála.

- bih, óká / sjá síðu 4, og 28



SAMEINAD ÁTAK Margir aðstoðuðu við að moka snjó af Laugardalsvelli í gær þannig að hægt væri að spila bikarúrslitaleik karla þar í dag. Hér eru nokkrir vaskir menn á fleygiferð en í fararbroddi er Kristinn V. Jóhannsson, sonur vallarstjórans.

Bikarúrslitin á Laugardalsvelli: Handmokuðu völlinn í gær

FÓTBOLTI Stærsti knattspyrnu-leikur sumarsins, bikarúrslitaleikur karla milli KR og Fjölnis, fer fram á Laugardalsvelli klukkan 14 í dag samkvæmt áætlun. Rúmlega sólarhring áður var tíu sentimetra snjólag yfir vellinum.

Vallarstarfsmenn, starfsfólk KSÍ og starfsmenn af golfvöllum höfuðborgarsvæðisins, tóku sig til í gærdag og handmokuðu um 800 rúmmetrum af snjó af vellinum. Ekki var hægt að nota vélar til verksins því þær hefðu eyðilagt völlinn.

Jóhann Kristinsson vallarstjóri segir völlinn vera viðkvæman eftir snjóinn. Hann telur þó ekki að völlurinn muni skemmast meira í leiknum en þegar leikið er á honum blautum eftir rigningu.

- óóg / sjá síðu 50

Ragnar Aðalsteinsson hefur sent ríkissaksóknara erindi vegna Hafskipsmálsins: Hafskipsmenn krefjast rannsóknar

DÓMSMÁL Embætti ríkissaksóknara hefur borist krafa um opinbera rannsókn á Hafskipsmálinu. Hæstaréttarlögmennirnir Ragnar Aðalsteinsson og Sigríður Rut Júlíusdóttir sendu inn erindi fyrir hönd Hafskipsmanna, þeirra Björgólfs Guðmundssonar, Páls Braga Kristjánssonar, Þórðar H. Hilmarssonar og Helga Magnússonar.

Krafan beinist að meintum brotum fyrrverandi dómara við skiptarétt Reykjavíkur, fyrrverandi ríkislögmans, ríkissaksóknara og rannsóknarlögreglustjóra ríkisins auk annarra starfsmanna embætta ríkissaksóknara og rannsóknarlögreglu ríkisins.

Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari staðfestir að krafan hafi borist embættinu á fimmtudag. Að sögn

Valtýs er beiðnin „á annað hundrad síður“.

Ragnar Aðalsteinsson vill ekki tjá sig um málið að öðru leyti en því að hann staðfesti að erindið hafi verið sent inn. Hann segir ekki tímabært að greina frá einstökum efnispáttum kröfunnar né hverju kærendur vilja ná fram með rannsókninni.

- shá

Europris
ÓDYRT FYRIR ALLA!

KORPUTORG

Ný Europris verslun opnar á Korputorgi í dag, laugardaginn 4. október kl 8:00.

FJÖLDI OPNUNARTILBOÐA

Europris - ódyrt fyrir alla

ALLIR BÍLAR Á EINUM STAÐ - Á KLETTHÁLSI

muundu eftir mjólkinni!

SPURNING DAGSINS



Jakob, ætlaðu að láta sverfa til stáls í þessu máli?

„Ja, nú standa öll spjót á Tollinum.“

Jakob Sigurðsson fær ekki samúræjarsverð sem hann pantaði frá Bandaríkjunum leyst úr tolli.

Orkuveita Reykjavíkur semur við Evrópska fjárfestingarbankann:

Samið um 170 milljóna evra lán

VIRKJANIR Orkuveita Reykjavíkur hefur samið við Evrópska fjárfestingarbankann um 170 milljóna evra lán á 9,8 punktum til 20 ára. Lánið verður nýtt í framkvæmdir við Hellið og Hverahlíðarvirkjanir.

„Það er mjög jákvætt að fá þetta lán núna og mun tryggja framkvæmdir langt inn á árið 2010,“ segir Guðlaugur G. Sverrisson, formaður stjórnar Orkuveitunnar. „Þetta eru mjög jákvæð tíðindi fyrir fyrirtækið og raunar landsmenn alla. Ekki veitir af þessa dagana.“

Evrópski fjárfestingarbankinn veitir lán til framkvæmda í Evr-



GUÐLAUGUR G. SVERRISSON
Formaður stjórnar Orkuveitunnar segir orðspor fyrirtækisins góðan og tryggja því hagstæð lán.

ópu með áherslu á endurnýjanlega orku. Verkfræðingar á hans vegum mátu verkin og veittu þeim hæstu einkunn. „Það ásamt

orðspori fyrirtækisins og þeirri áherslu sem við höfum lagt á umhverfisvæna orku er ástæða þess að við fáum lánið á svo góðum kjörum,“ segir Guðlaugur. Hann segir að lánið muni ekki hafa áhrif á gjaldskrár Orkuveitunnar.

Samningurinn við Evrópska fjárfestingarbankann er um lán, sem hægt er að taka í fimm áföngum á næstu átján mánuðum, eftir þörfum og öðrum aðstæðum.

Ákvörðun stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þarf að staðfesta af eignum fyrirtækisins, Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað og Borgarbyggð. - kóp

Ósk um að færa eignir heim:

Lífeyrissjóðir funda yfir helgi

EFNAHAGSMÁL Stjórnir lífeyrissjóða munu funda yfir helgina um þá hugmynd forsætisráðherra að lífeyrissjóðirnir færi hluta eigna sinna til Íslands til að styrkja efnahagskerfið.

„Þetta er nokkuð sem þarf að skoða í breiðu samhengi. Annars vegar þarf að huga að því að styrkja okkar gjaldmiðil, sem kemur lífeyrissjóðunum til góða, og hins vegar þröngra hagsmuna lífeyrissjóðanna og skjólstæðinga þeirra,“ segir Ögmundur Jónsson, varaformaður lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hann segir menn ekki útiloka neitt og allir möguleikar verði kannaðir. - kóp



NÝR UMSJÓNARMAÐUR Björgvin Franz Gíslason boðar ýmsar nýjungar í Stundinni okkar.

Stundin okkar á morgun:

Þórður hús-vörður mætir

FÓLK Þórður gamli hús-vörður verður gestur Björgvins Franz Gíslasonar í Stundinni okkar á morgun en Björgvin er nýr umsjónarmaður Stundarinnar.

Þátturinn verður með nýju og spennandi sniði í vetur að sögn Björgvins en hann mun fá til sín gesti í hvern þátt auk þess sem skyggst verður inn í gamla þætti Stundarinnar okkar, svo foreldrarnir gætu haft jafn gaman af því að horfa. „Svo hef ég fengið efni sent frá krökkum alls staðar að af landinu svo Stundin okkar er orðin stundin þeirra,“ segir Björgvin. - rat /sjá Heimili og hönnun

FJÁRLÖGIN 2009

Embætti héraðssaksóknara

Verja á 33 milljónum króna til að stofna nýtt embætti héraðssaksóknara á næsta ári.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

Ríkissáttasemjara leitað

Fimm sóttu um embætti ríkissáttasemjara en umsóknarfrestur rann út fyrsta þessa mánaðar. Umsækjendur eru Aðalheiður K. Þórarinsdóttir, Haukur Nikulásson, Magnús Pétursson og Valtýr Þór Hreiðarsson.

Erlendar glæpaklíkur setjast að hér á landi

Fíkniefni og austur-evrópskar glæpaklíkur einkenna skipulagða glæpastarfsemi á Norðurlöndunum. Íslenskir glæpahópar eru mikilvirkir í fíkniefnainnflutningi. Þetta er niðurstaða greiningardeilda lögreglu og tollgæslu landanna.

LÖGREGLUMÁL „Rauði þráðurinn í skipulagðri glæpastarfsemi á Norðurlöndum, þar með talið hér á landi, er fíkniefnabrot og austur-evrópskar glæpaklíkur,“ segir Gylfi Gylfason, lögreglufulltrúi hjá embætti ríkislögreglustjóra. Hann segir austur-evrópsku glæpaklíkurnar farnar að hreiðra um sig hér á landi. Þá sé vitað að íslenskir glæpahópar séu mjög virkir á sviði fíkniefnainnflutnings.

Gylfi sat fund sem haldinn var nýverið á vegum ríkislögreglustjóra og tollstjórnar í Reykjavík um skipulagða glæpastarfsemi á Norðurlöndunum. Fundurinn var liður í norrænu samstarfi greiningardeilda tollgæslu og lögreglu á Norðurlöndunum sem hefur staðið frá árinu 2007. Í þessu samstarfi eru haldnir tveir fundir á ári þar sem skipulögð glæpastarfsemi er til umfjöllunar. Fundinn sátu fulltrúar frá tollgæslu og lögreglu í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Fulltrúar á fundinum fóru yfir stöðu mála í hverju landi fyrir sig og fjölluðu um glæpahópa og aðferðir sem hóparnir beita. Á fundinum var unnið að sameiginlegri skýrslu um skipulagða glæpastarfsemi á Norðurlöndunum sem verður kynnt á norrænum fundi yfirmanna miðlægra embætta tollgæslu og lögreglu.

„Ástandið hjá okkur, hvað varðar skipulagða glæpastarfsemi, er líkast því sem er í Noregi,“ útskýrir Gylfi. „Glæpaklíkur frá Austur-Evrópu eru í auknum mæli að „markaðssetja“ sig á



Á VERÐI Lögregla og tollgæsla eru vel á verði ef óvelkomna gesti ber að garði. Auðveldara er að kortleggja slíkar heimsóknir ef öflugt alþjóðlegt samstarf er fyrir hendi.

Norðurlöndunum, þar með talið hér. Umsvif þeirra fara vaxandi. Norðmenn hafa eytt miklum tíma og orku í að greina þessa austur-evrópsku glæpahópa hjá sér. Hóparnir eru vel skipulagðir í Noregi og stunda bæði skipulagða innbrotshjófnaði og standa að fíkniefnasmygli, auk annarra brota. Þessum umsvifum fylgir harðandi ofbeldi.“

Gylfi segir tollgæslu og lögreglu hér á landi vinna náið

saman, sem sé mjög mikilvægt.

„Þá leggur embætti ríkislögreglustjóra mikla áherslu á þetta alþjóðlega samstarf til þess að menn séu betur í stakk búnir til að mæta þessari skipulögðu glæpastarfsemi,“ útskýrir Gylfi. „Þetta eru glæpir án landamæra og Ísland ekki eins einangrað og það var. Því er svo mikilvægt að virkt upplýsingastreymi sé milli landa og samvinna tollgæslu og lögreglu öflug.“ jss@frettabladid.is

Porsteinn Már Baldvinsson:

Vill samþykkja tilboð ríkisins

VIÐSKIPTI Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis, hvetur hluthafa bankans til að samþykkja tilboð ríkisins um kaup á 75 prósent hlut í bankanum.

Hann segist treysta því að ríkið komi til móts við hluthafa sem orðið hafi fyrir tjóni.

Þorsteinn sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann sagði enga óvissu lengur um það að bankinn yrði í meirihluta eigu ríkisins eftir hluthafafund í næstu viku. Hann segir brýnt að menn slíri hverðin og einbeiti sér að því að skapa ró um Glitni. Það þjóni hagsmunum allra. - kóp



ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON

Álit Skipulagsstofnunar:

Kísilverksmiðja mengar ekki verulega mikið

UMHVERFISMÁL Skipulagsstofnun telur að starfsemi fyrirhugaðrar kísilverksmiðju í Helgúvík „muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið“.

Sjónræn áhrif verði óveruleg og að mestu staðbundin. En verksmiðjan komi til með að losa um 180.000 tonn af koldíoxíði á ári og er því talið að verksmiðjan hafi „töluverð neikvæð áhrif með losun gróðurhúsalofttegunda.“

Skipulagsstofnun bendir á að lítið sé eftir af losunarheimildum vegna þessa. Svo kunni að fara að verksmiðjan þurfi að kaupa þær að utan. - kóp

Bandaríkjaþing samþykkir 700 milljarða dala ríkisaðstoð við fjármálakerfið vestra:

Hlutabréfaverð tók strax kipp


BANDARÍKIN, AP Fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykkti loks í gær frumvarp Bandaríkjaþings um 700 milljarða dala björgunaráætlun fyrir fjármálakerfið í landinu. Þar með gat George W. Bush forseti staðfest lögin og hafist handa við að hringja áætluninni í framkvæmd.

Lokaatkvæðagreiðslan fór þannig að 263 samþykktu en 171 hafnaði hinni umdeildu ráðstöfun svo mikils skattfjár þegar aðeins mánuður er til bæði þing- og forsetakosninga.

„Við vitum allir að við erum komnir á kaf í fjármálakreppu,“ sagði John Boehner, leiðtogi repúblikana í fulltrúadeildinni áður en hann greiddi sjálfur atkvæði.

„Við vitum að ef við aðhöfumst ekkert mun þessi kreppa að líkindum versna enn og leiða okkur í dýpri efnahagslægd en nokkur okkar hefur upplifað,“ sagði hann í brýningarskyni við aðra þingmenn Repúblikanaflokksins. Það voru fyrst og fremst þingmenn úr þeim hópi sem sáu til þess að frumvarpið næði ekki fram að ganga þegar það var borið undir atkvæði í byrjun vikunnar.

Ýmsar smábreytingar voru gerðar á frum-



LOKS SAMÞYKKT Mynd úr sjónvarpsútsendingu frá atkvæðagreiðslunni á Bandaríkjaþingi í gær.

varpinu í vikunni til að koma til móts við áhyggjuefni þingmanna. Hlutabréfavisitalan á Wall Street tók strax kipp upp á við er niðurstaða atkvæðagreiðslunnar lá fyrir. - aa


www.ellingsen.is

Full búð ævintýra fyrir byssumanninn.

Ellingsen
- fullt hús ævintýra

Snjóinn burt

Vertu viðbúinn vetrarsnjónum, og settu snjóbræðslukerfi í gangstígginn og heimreiðina. Fáðu ráðgjöf hjá starfsmönnum pípulagnadeildar.



Pem snjóbræðslurör, 25 mm, hitaðolið 50°
8120400

Tengigrind f/snjóbræðslu, avtb 10kW 50 - 60 m² plan
8961584

153.300
~~205.155~~

73 kr/m
~~99 kr/m~~

Hitachi Power Box

HITACHI
POWER TOOLS



Hitachi Power Box
Hleðsluborvél 12V, 3 stk rafhlöður, ljós og bitasett 31 stk, borasett 36 stk.
5247028

19.995
~~29.998~~

ALLT Í VIÐHALDIÐ

HÚSASMÍÐJUBLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT




Vinnu-
vettlingar
m/gúmmígrípi
5866386-90

799



Stingsög
DWT, 550W,
framkast
5245277

2.799



Kaupauki með
Hitachi Borhamar
5247610

HITACHI HÚFA
FYRIR VETURINN

Hitachi Borhamar
SDS, 800W, 0-3,2 Joule.
5247150

15.995
~~27.999~~



1.299
~~2.299~~

Sporjárnasett
Toolux, 4 stk,
6/12/18/24 mm
5008536



799
~~1.399~~

Skrúfjárnasett
Toolux, 6 stk, torx
5010008



Hallamál
Komelon, 40 sm.
2 dropar.
5014024

599
~~1.129~~

Smáhlutabox
Keter Cantilever.
laus box 572x307x167 mm
5024639

2.999
~~5.929~~

50%
AFSLÁTTUR

4.499



Veggmálning Jotaplast

Venjuleg plastmálning með gljástig 7, beinhvít, 10 ltr.
7119800

Ath!

Munið að nýta ykkur töflureikninn fyrir þakrennur sem finna má á www.husa.is

isola



Þakrennur

213001-850

Norskar kantaðar PVC rennur til í hvítu og svörtu, henta öllum byggingum, einföld samsetning, kraginn á rennunum er tvöfaldur sem gerir þær stöðugri.

Plasmo



20%
AFSLÁTTUR

Danskar plast þakrennur, mjög harðar og sterkar, enda límdar á samskeytum, til í gráu og hvítu, hægt að sérpanta svartar og brúnar. Erum einnig með Sanyl þakrennur á 20% afslætti.

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	112,36 112,9
Sterlingspund	198,72 199,68
Evra	155,65 156,53
Dönsk króna	20,862 20,984
Norsk króna	18,75 18,86
Sænsk króna	16,015 16,109
Japanskt jen	1,0683 1,0745
SDR	172,37 173,39

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206.7204
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Magnús Stefánsson vill tafarlaugar aðildarviðræður við ESB og upptöku evru:

Aðildarumsókn þegar í stað

STJÓRNMÁL Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokks, segir krónuna hafa runnið sitt skeið og aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru eina kostinn. „Hvaða skoðanir sem fólk hefur á aðild að ESB, þá blasir við sú staða að við verðum að sækja um innngöngu í ESB og vinna að því að taka upp evru,“ skrifar Magnús á heimasíðu sína. Tilfinningar og trúarbrögð gagnvart aðild geti ekki lengur ráðið för. „Ríkisstjórnin á nú þegar að tilkynna það að þetta verði gert. Ég hef trú á því að í kjölfarið fylgi jákvæð viðbrögð gagnvart íslensku efnahagskerfi, ekki veitir af.“ Steinunn Valdís Óskarsdóttir,



MAGNÚS STEFÁNSSON



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR



ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR

varaformaður þingflokks Samfylkingarinnar, segir aðildarumsókn enga tófralaun á vandanum sem nú stöðji að, margt annað þurfi að koma til. Hún telur þó líklegt að aðildarumsókn myndi líkja fyrir í

þeirri stöðu sem nú er uppi. Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir aðildarumsókn nú enga þýðingu hafa fyrir ástandið. Efnahagsferfið leikar séu uppi í aðildarríkjum Evrópusambandsins líkt og hér. Skyndileg stefnubreyting bæri vott um taugaveiklu enda hafi málið ekki verið undirbúið, líkt og nauðsynlegt væri.

Fangelsi og skaðabætur:

Greip í klof og káfaði á stúlku

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi og til greiðslu skaðabóta fyrir að grípa í klof og káfa á stúlku. Síðan beraði hann sig. Auk ofangreinds var maðurinn ákærður fyrir að hafa elt stúlkuna fram í anddyri þar sem atburðurinn átti sér stað og káfað á henni og klipið hana þar. Hann var kærður fyrir kynferðisbrot en neitaði sök. Dómurinn taldi koma lögfulla sönnun þess að maðurinn hefði gerst sekur um athæfið. Hann var dæmdur til að greiða stúlkunni 250 þúsund krónur í skaðabætur.

Landlæknisembættið:

Krepputal gæti skaðað heilsuna

HEILBRIGÐISMÁL „Menn keppast við að taka djúpt í árinni og spádómar sem dynja á fólki eru grimmilegir,“ segir Sigurður Guðmundsson landlæknir um umræðu um íslenskt efnahagslíf sem hann segir reyna mjög á marga. Landlæknisembættið sendi í gær frá sér yfirlýsingu auk Kristins Tómassonar, yfirlæknis Vinnuefirlitsins og Þórólfs Þórlindarsonar, forstjóra Lýðheilsustöðvar. „Þetta er alvarleg umræða sem snertir unga sem aldna og þar af leiðandi er mikilvægt að vanda orðaval til að valda börnum, ungmennum, veikum og öldruðum ekki óþarfa kvíða.“

Ástandið í efnahagsmálum:

Vandinn styrkir fjölskyldurnar

FÉLAGSMÁL Ástandið í efnahagsmálum hefur ekki orðið til þess að auka á hjónabandsöruggleika fólks. Þetta segir Páll Einarsson, sálfræðingur sem annast meðal annars fjölskylduráðgjöf. Páll segir að hann telji þá erfiðleika sem margar fjölskyldur standa nú frammi fyrir vegna samdráttar í efnahagslífi ekki þurfa að sundra fjölskyldum heldur þvert á móti geti það þjappað fólki saman. Fólk vilji gjarnan aðstoða ástvinu sína í gegnum þrengingar en ekki skilja þá eftir í vanda.

LEIÐRÉTTING


Í grein í Fréttablaðinu í gær um keppnina Matreiðslumaður ársins var Sverrir Halldórsson sagður forseti Klúbbs matreiðslumeistarara. Hið rétta er að forsetinn heitir Alfreð Ómar Alfreðsson. Sverrir er formaður nefndar um keppnina.

Krónan segir skort ekki í kortunum

Framkvæmdastjóri Bónuss segir vöruskort blasa við. Í fyrsta skipti í áratugi heimti erlendir birgjar bankaábyrgðir. Íslensk framleiðsla sé ljós í myrkrinu. Talsmaður Krónunnar segir enga ástæðu til að valda fólki áhyggjum.

VERSLUN „Erlendir birgjar, sem við erum búnir að vera í viðskiptum við til margra ára, eru nú í fyrsta sinn að fara fram á fyrirframgreiðslu áður en varan fer af stað,“ segir Guðmundur Marteinson, framkvæmdastjóri Bónuss, sem óttast vöruskort batni ástandið á gjaldeyrismarkaði ekki. „Við eigum nóg af krónum en þær duga ekki fyrir erlenda birgja. Ef aðgangur að gjaldeyri verður ekki með eðlilegum hætti getum við átt von á að það verði erfitt að leysa út vörur. Við erum bara að benda á að þessi staða gæti alveg komið upp. Fólk er eðlilega uggandi enda svara ráðamenn þjóðarinnar engu,“ segir Guðmundur.

Að sögn Guðmundar má búast við skorti eftir sex til átta vikur ef aðgangur að gjaldeyri verður ekki aftur eðlilegur. „Óvissan fer verst með fólk. Það er sorglegt að á sama tíma og kaupmáttur er að rýrna er líka hækkun á vöruverði. Þetta er baneitruð blanda sem kann ekki góðri lukku að stýra,“ segir hann. Eysteinn Helgason, framkvæmdastjóri hjá Kaupási, sem meðal annars rekur Krónubúðirnar tekur ekki undir með Guðmundi um að það stefni í vöruskort. „Við höfum ekki orðið varir við neitt slíkt. Við fáum allan þann gjaldeyri sem við þurfum og öll viðskipti eru eðlileg. Það er engin ástæða til að valda fólki óþarfa áhyggjum með því,“ segir Eysteinn sem kveðst ekki heldur verða var við skort á erlendum gjaldeyri. „Það eru ekki nein teikn á lofti um



DAGLEGT BRAUÐ Hjá Bónusi er varað við hugsanlegum vöruskorti en í Krónunni segja menn óþarft að vekja áhyggjur fólks af slíku.



EYSTEINN HELGASON



GUÐMUNDUR MARTEINSSON

það og við höfum ekki orðið varir við það.“ Að sögn Guðmundar eru miklar verðhækkningar fyrirsjáanlegar. „Við erum búnir að hlaupa okkur móða í langan tíma og haldið í við okkur eins og við mögulega getum og tekið á okkur hverja hækkunina

af annarri án þess að koma nema broti af henni í verðlagið. En nú er þetta gjörsamlega þurrmjólkað,“ segir Guðmundur. Eysteinn segir birgja þrýsta verulega á með verðhækkunir. „Það streyma inn tilkynningar sem ekki er óeðlilegt í sjálfu sér miðað við gengi krónunnar. Í þessari viku hefur verið tilkynnt um hækkunir á bilinu sjö til fimmtán prósent,“ svarar hann. Guðmundur bendir almenningi á leið til að leggja lód vogarskálarnar. „Það er svartnætti framundan ef ekkert er að gert en það má segja að íslensk framleiðsla sér ljósið í myrkrinu. Við hvetjum fólk til að velja íslenskt.“

gar@frettabladid.is

HEFUR ÞÚ ÍHUGAÐ AÐ HAMSTRA MATVÆLI?

(Spurt fyrir framan Bónus og Krónuna)

Jón Bragi Bjarnason, prófessor

„Nei. Mér finnst það hörmuleg ráðgjöf og fíflalegt að hvetja fólk til að hamstra. Það hvetur fólk til vandræðalegra og klaufalegra aðgerða. Þetta fer allt á réttan veg, þótt það taki tíma.“



Katie Buckley, hörpuleikari

„Nei. Ég er frá Kaliforníu í Bandaríkjunum og hef aldrei lent í svona efnahagskreppu, nema þegar ég var fátækur námsmaður. Þetta er áhyggjuefni en ég held að það sé ekki ástæða til að örvænta ennþá.“



Sverrir Þórðarson, í atvinnuleit

„Nei. Ég gæti trúað að þetta sé eiginhagsmunapot hjá búðunum. Ég hef enga trú á því að við þurfum að hamstra mat hér á Íslandi, ekki stax að minnsta kosti.“



Linjohn frá Færeyjum

„Já, í rauninni. Ég er á Íslandi vegna Sjávarútvegs-sýningarinnar í Smáranum, en eiginkonan skipaði mér að kaupa inn áður en ég kæmi heim. Það er allt þrefalt ódýrara hér en í Færeyjum núna.“



Mikið úrval af klukkum - Ný sending

Kr. 12.500

Opíð í dag kl. 11-16

HEIMA mood heima HÚSIÐ Onn/leggi

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir Veðurfréttamaður

HLÝNAR Í VEDRI Í dag verður víðast hvar flott veður til að fara út að ganga eða spila knattspyrnu þó að austan til muni blása dálítið. Það mun hlýna örlítið um helgina en úrkoman sem kann að falla gæti orðið í formi slydduélja. Eftir helgina mun úrkoman að öllum líkindum falla sem rigning eða skúrir.


Á MORGUN Suðlægur áttir, 3-8 m/s.

MÁNUDAGUR Suðaustan 8-13 m/s, stífari SV-til.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	11°
Billund	12°
Ósló	8°
Stokkhólmur	13°
Gautaborg	11°
London	16°
Paris	14°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	6°
Berlín	12°
Alicante	20°
Mallorca	21°
Basel	8°
Eindhoven	12°
Las Palmas	23°
New York	19°
Orlando	31°
San Francisco	17°

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegis.



ENEMM / SA / M032739

Við komum til þín og tengjum án þess að taka krónu fyrir

Með Sjónvarpi Símans opnast þér aðgangur að öllum íslensku sjónvarpsstöðvunum og yfir 60 erlendum stöðvum í bestu mögulegu myndgæðum. Þú færð einnig aðgang að SkjáBíói þar sem þú getur leigt um 2000 þætti og bíómyndir. Starfsmaður okkar kemur heim til þín og tengir Sjónvarp Símans fyrir 0 kr.* Þantaðu Sjónvarp Símans á siminn.is, hjá þjónustuverinu 800 7000 eða í næstu verslun Símans.

*Gegn 6 mánaða bindingu í ADSL hjá Símanum.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn** 



Sími



Netið



Sjónvarp

KJÖRKASSINN



Er kominn tími á þjóðstjórn?

Já	36,5%
Nei	63,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætlar þú að sækja opinunarskiptið á Korputorgi um helgina?

Segðu þína skoðun á visir.is



Framsóknarflokkurinn vill faglega Seðlabankastjóra:

Fundagerðir Seðlabanka verði birtar

STJÓRN MÁL Þingflokkur Framsóknarflokksins stendur allur að frumvarpi sem miðar að því að faglega sé staðið að ráðningu Seðlabankastjóra. Höskuldur Þór Þórhallsson, þingmaður flokksins, sagðist í Fréttablaðinu í vikunni vonast til að einhver stjórnarliði yrði í hópi flutningsmanna en svo er ekki.

Samkvæmt frumvarpinu ber að auglýsa stöður seðlabankastjóra og verður gerð krafa um reynslu og þekkingu á sviði peninga- og efnahagsmála. Einnig verður viðkomandi að hafa háskólapróf á þessum sviðum.

Í gildandi lögum eru ekki gerðar kröfur um menntun eða þekkingu.



FRAMSÓKNARMENN vilja breytt lög um Seðlabankann.

Í greinargerð frumvarpsins segir að Seðlabankinn hafi haft

forystu um þjóðnýtingu Glitnis og engum megi dyljast að slík ákvörðun sé tekin út frá faglegum forsendum en ekki pólitískum.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að fundargerðir vaxtaákvörðana fundu bankastjórnar Seðlabankans verði birtar. Í þeim skuli gerð grein fyrir forsendum ákvörðunarinnar og þeim markmiðum sem eigi að nást með henni.

Er þetta lagt til í þeim tilgangi að auka tiltrú á Seðlabankanum og auka gagnsæi á stýrivaxtaákvörðun bankans sem um leið fengi nauðsynlegt aðhald og málefnaleg umræða myndi aukast.

- bps

Olís býst ekki við olíuskorti:

Hafa gjaldeyri fyrir bensíninu

VERSLUN Framkvæmdastjóri vörustýringasviðs Olís tekur ekki undir með Hermanni Guðmundssyni, forstjóra N1, sem sagði í fjölmiðlum í gær að hætta væri á eldsneytisskortri hérlendis vegna stöðunnar í gjaldeyrimálunum.

„Við fáum gjaldeyri til að greiða fyrir okkar innkaup og erum í góðu samstarfi við viðskiptabanka okkar og teljum að þannig verði það áfram,“ segir Samúel Guðmundsson sem ítrekar að staðan hjá Olís sé góð. „Við borgum okkar reikninga á gjalddaga eins og við höfum alltaf gert og reynum að sinna okkar rekstri vel.“

- gar



RÚIN TRAUSTI Fylgi ríkisstjórnarinnar mældist um áttatíu prósent í upphafi kjörtímabilsins í fyrra.

Skoðanakönnun Stöðvar 2:

Innan við þriðjungur styður ríkisstjórnina

KÖNNUN Stuðningur við ríkisstjórnina hefur hrunið og fólk virðist hafa misst tiltrú á stjórnarmálanönnun, hvort sem þeir tilheyra stjórn eða stjórnarandstöðu. Þetta kom fram í skoðanakönnun sem unnin var fyrir Stöð 2 og greint var frá í gær.

Ríkisstjórnin nýtur stuðnings 35 prósent þeirra sem spurð voru hvort þau styddu ríkisstjórnina en 65 prósent svöruðu spurningunni neitandi.

Einn af hverjum tíu var óákveðinn og fjögur prósent aðspurðra vildi ekki svara. Ef tillit er tekið til þeirra við útreikning sagðist 30 prósent aðspurðra styðja ríkisstjórnina en 56 prósent svöruðu því neitandi.

Fylgi ríkisstjórnarinnar mældist tæplega 80 prósent í könnun Gallup í upphafi kjörtímabilsins.

- kdk

KANADA

Harper í vörn

John Harper, forsætisráðherra Kanada, sætti hörðum árásum af hálfu pólitískra mótherja sinna í sjónvarpskapp-ræðum í fyrrakvöld. Harper hraktist út í að viðurkenna að ákvörðun sín um að styðja innrásina í Írak árið 2003 hefði verið mistök. Kosið verður 14. október.

Rannsóknar krafist á Hafskipsmálinu

Embætti ríkissaksóknara hefur borist krafa um opinbera rannsókn á Hafskipsmálinu. Tveir hæstaréttarlögmenn sendu inn erindið fyrir hönd fjögurra Hafskipsmanna og er það rúmlega 100 síður og tekur til 20 atriða í málsmeðferðinni.

DÓMSMÁL Embætti ríkissaksóknara hefur borist krafa um opinbera rannsókn á Hafskipsmálinu. Hæstaréttarlögmennirnir Ragnar Aðalsteinsson og Sigríður Rut Júlíusdóttir sendu inn erindið fyrir hönd Hafskipsmanna; þeirra Björgólfs Guðmundssonar, Páls Braga Kristjánssonar, Þórðar H. Hilmarssonar og Helga Magnússonar.

Krafan beinist að meintum brotum þeirra Ragnars H. Hall og Markúsar Sigurbjörnssonar, fyrrverandi dómurum við skiptarétt Reykjavíkur, Gunnlaugs Claessen, fyrrverandi ríkislögmans, Jónatans Þórmundssonar, fyrrverandi ríkissaksóknara og Hallvarðar Einvarðssonar, fyrrverandi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, auk starfsmanna embætta ríkissaksóknara og rannsóknarlögreglu ríkisins.

Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari staðfestir að krafan hafi borist embættinu á fimmtudag. „Það verður tekin afstaða til þessarar beiðni fljótlega. Hún er reyndar mjög viðamikil, en þegar farið hefur verið yfir hana verður ákveðið hvort orðið verður við henni.“ Að sögn Valtýs er beiðnin „á annað hundrað síður“, þar sem það er tíundað hvað hæstaréttarlögmennirnir telja að hafi farið úrskeiðis við meðferð Hafskipsmálsins. „Þetta eru um tuttugu atriði sem óskað er eftir að verði skoðuð,“ segir Valtýr.

Ragnar Aðalsteinsson vill ekki tjá sig um málið að öðru leyti en því að hann staðfesti að erindið hafi verið sent inn. Hann segir

HAFSKIPSMÁLIÐ Í NOKKRUM ORÐUM

Hafskipsmálið var umfangsmikið gjaldprotamál skipafélagins Hafskips hf. á árunum 1885 til 1991. Málið teygði anga sína víða sem kom ekki síst fram í ítarlegri umfjöllun fjölmiðla, en málið rataði einnig inn í sali Alþingis.

Stjórnendur Hafskips og Útvegsbankans, sem var viðskiptabanki fyrirtækisins, voru kærðir, alls 17 einstaklingar. Dómsmáli lauk í júní 1991, fimm árum eftir gjaldþrotið, með því að fjórir æðstu menn Hafskips voru dæmdir sekir um brot á lögum.



FORSÍÐA HELGARPÓSTSINS Hafskipsmálið er löngum rakið til umfjöllunar Helgarpóstsins.



ÞÓRÐUR H. HILMARSSON

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON

VALTÝR SIGURÐSSON

PÁLL BRAGI KRISTJÁNSSON

HELGI MAGNÚSSON

ekki tímabært að greina frá einstökum efnisþáttum kröfunnar né hverju kærendur vilja ná fram með rannsókninni.

Beiðnin er sett fram á grundvelli fjórðu málsgreinar 66. greinar laga um meðferð opinberra mála: „Þegar sérstaklega stendur á er ríkissaksóknara heimilt að mæla fyrir um rannsókn þótt ætla megi að refsingu verði ekki við

komandi, svo sem vegna þess að sök er fyrnd, ef ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með því.“ Þessi heimild var sett í lög vegna máls Magnúsar Leópoldssonar sem var á sínum tíma grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar í Keflavík og látinn sæta gæsluvarðhaldi vegna þess á fyrri hluta árs 1976.

svavar@frettabladid.is

Botnplata á Finnbogastöðum:

Söfnun komin í 6,5 milljónir

FÓLK Plata undir nýtt íbúðarhús á Finnbogastöðum í Trékyllisvík var steypt á miðvikudag að því er segir á trekyllisvik.blog.is.

Gamla húsið á Finnbogastöðum brann ofan af Guðmundi Þorsteinessyni bónda um miðjan júní. Söfnun til styrktar Guðmundi var strax sett í gang. Á miðvikudag færði Kristmundur Kristmundsson, formaður Félags Árneshreppsúa, Guðmundi sex og hálf milljón króna sem safnast hafa. Söfnuninni er þó ekki lokið. Húseiningarnar frá Kanada eru væntanlegar til landsins á næstu dögum. „Allt stefnir í að takmarkið náist: Að Mundi og fjölskylda geti haldið jólni í nýju húsi,“ segir á heimasíðunni.

- gar

Mjólurmengunin í Kína:

Grunur beinist að súkkulaði

HONG KONG, AP Breski súkkulaðiframleiðandinn Cadbury hefur innkallað vörur sem framleiddar hafa verið fyrir fyrirtækið í Kína vegna gruns um melamínmengun. Um er að ræða elflu súkkulaðitegundir sem dreift var til sölu í Ástralíu, Taívan og Kong Kong.

Þá hafa tveir bandarískir matvælaframleiðendur, Kraft Foods og Mars, innkallað súkkulaði sem innkallar meðal framleitt annars Snickers og M&M í var í Kína

til sölu í Indónesíu. Fundist hefur hátt hlutfall af melamíni í þessum vörum en talsmenn fyrirtækjanna segjast vilja gangast fyrir eigin rannsóknum með óháðum sérfræðingum til að ganga úr skugga um málið.

- gar



SNICKERS

Fyrirtækið Mars Inc. innkallar meðal annars Snickers og M&M í Indónesíu.


Allt að **16,85%** vextir ...

Þeir sem stofna **SPRON Vaxtabót** á Netinu fyrir 3. nóvember nk. fá um næstu áramót 10% vaxtaauka á áunna vexti*

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is

... **+10%** vaxtaauki!

spron
- bankinn þinn



Samstillt átak, sameiginlegur ávinningur

Rekum smiðshöggjö á söfnun Krabbameinsfélagsins
fyrir nýjum stafrænum greiningartækjum.
Kaupping er aðalstyrktaraðili Krabbameinsfélags Íslands.

VEISTU SVARIÐ?



1 Í hvaða bæjarfélagi hefst fimm manna fjölskylda við í skútu við höfnina?

2 Hvað heitir barinn á Selfossi þar sem halda á svokallað Sóðakvöld eða Dirty Night um helgina?

3 Eftir hvern er nýr söngleikur um Janis Joplin sem frumsýndur var í Íslensku óperunni í gær?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Rætt um fjárlagafrumvarpið þótt forsendur þess séu brostnar og óvissan algjör:

Vildu fresta meðferð fjárlaga

ALÞINGI Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks VG, lagði til við upphaf þingfundar í gærmorgun að umræðu um fjárlagafrumvarpið yrði frestað. Sagði hann óvissuna í efnahagsmálum slíka að engu þjónaði að ræða frumvarpið fyrr en betur lægi fyrir til hvaða ráðstafana yrði gripið.

Jón Magnússon, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, var á sama máli enda hefði frumvarpið aðeins spádómsgildi.

Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokks, tók undir að umræðan yrði ómarktæk en flokkur hennar vildi engu að síður að umræðan færi fram.



RÝNT Rætt var um fjárlagafrumvarpið á Alþingi þótt flestir séu sammála um að forsendur þess séu þegar brostnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sturla Böðvarsson þingforseti kvað eðlilegt að gengið yrði til umræðunnar svo hægt væri að vísa frumvarpinu til meðferðar fjárlaganefndar.

Geir H. Haarde forsætisráðherra var á sama máli. „Ég skil út af fyrir sig ábendingarnar, við vitum öll af óvissunni. Það breytir ekki því að eðlilegt er að ræða frumvarpið,“ sagði Geir. Mikilvægt sé að koma frumvarpinu í vinnslu og framvandan muni ráðast af ákvörðunum sem kunni að verða teknar.

Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, sagði það þýða óvissu ef þingi myndi fara á svig við stjórnarskrána og fresta umræðunum. Sagði hann að umræðan gæti átt þátt í að skapa stöðugleika.

- bps

Sjö ára „ógeðfældur“ strákur:

Var í drápshug í dýragarðinum

ÁSTRALÍA Sjö ára strákur braust inn í vinsælan dýragarð í gær og gekk um í drápshug. Pilturinn kom þrettán dýrum fyrir kattarnef á hálf tíma.

Hann mataði 200 kílóa krókóðil með nokkrum dýrum, þar á meðal ástsælli 20 ára gamalli eðlu. Því næst barði hann nokkrar eðlur í mask með grjóti. Öryggismynda vélar náðu pilti á mynd og sýna að hann sýndi engin svipbrigði á meðan slátrunin gekk yfir.

„Þetta er ansi ógeðfældur sjö ára strákur,“ segir Rex Neindorf dýragarðsstjóri.

Sökum aldurs verður drengur ekki kærður.

- kóp

Dómur Hæstaréttar:

Eiríkur greiði Þóru bætur

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Þóru Guðmundsdóttur gegn Eiríki Jónssyni blaðamanni þess efnis að Eiríkur greiði Þóru fimm hundruð þúsund krónur í skaðabætur.

Um er að ræða grein sem birtist í Séd og heyrt undir fyrirsögninni „Þóra er blönk“ og er Eiríkur höfundur greinarinnar. Málið varðaði einbýlishús sem Þóra lét byggja fyrir sig og að þeim sem það gerði hafi gengið erfiðlega að fá greitt fyrir vinnu sína.

Mikael Torfasyni, þáverandi ritstjóri Séd og heyrt, var einnig stefnt en hann var sýknaður.

Porsteinn Svanur Jónsson sem seldi Þóru einbýlishúsið var einnig sýknaður.

- jss

Fangelsismálastofnun fagnar frumkvæði ráðuneytis:

Fyrstu fangarnir farnir til Litháens

FANGELSISMÁL Fyrstu tveir litháisku fangarnir sem hafa afplánað refsingu sína í fangelsum hér hafa verið sendir til síns föðurlands. Þriðji fanginn fer væntanlega heim í næstu viku.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra ræddi við dómsmálaráðherra Litháens fyrr á árinu um flutning Litháa, sem íslenskir dómstólar hafa dæmt til fangavistar, til afplánunar í ætlandi sínu. Varð samkomulag um þá tilhögun.

Fyrstu tveir fangarnir voru látnir yfirgefa landið síðastliðinn þriðjudag. Þriðji maðurinn, sem nú afplánar dóm sinn hér, verður sendur utan í næstu viku þar sem hann mun, eins og hinir tveir fyrri, ljúka afplánuninni í föðurlandinu.



LITLA-HRAUN Litháískir brotamenn sem dæmdir eru hér verða nú sendir heim til afplánunar.

„Hér eftir fara mál fólks frá þessu landi, sem dæmt hefur verið í óskilorðsbundið fangelsi, strax í ferli eftir að því hefur verið vísað brott og það verður sent heim,“ segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar. „Þetta er virkilega gott frumkvæði hjá dómsmálaráðuneytinu.“

- jss



HVÍTVOÐUNGUR Fæðingum hefur fjölgað umtalsvert á síðustu tveimur árum og foreldrum sem taka fæðingarorlof hefur einnig fjölgað.

Fleiri fara í fæðingarorlof

Auka þarf framlög til Fæðingarorlofssjóðs um rúma tvo milljarða á næsta ári. Fæðingum hefur fjölgað, fleiri taka fæðingarorlof og greiðsluviðmið hafa breyst.

STJÓRNMÁL Breyttar forsendur gera það að verkum að auka þarf framlög til Fæðingarorlofssjóðs um rúmlega 2,2 milljarða króna á næsta ári.

Á þessu ári voru framlögin ákveðin 8,8 milljarðar en verða 11 milljarðar á því næsta.

Framlögin – og þar með áætlaðar greiðslur – aukast um rúman milljarð króna þar sem fæðingum hefur fjölgað umtalsvert. Undanfarna tólf mánuði hafa fæðst um 4.800 börn sem er fjölgun um 300-400 börn ef miðað er við árin 2003-2005.

Þá sýnir samanburður á fyrri helmingi þessa árs og sama tímabils í fyrra að foreldrum sem taka fæðingarorlof hefur fjölgað um rúm sjö prósent.

Vegna þessarar fjölgunar hafa greiðslur á yfirstandandi ári aukist talsvert og í fjárákallögum fyrir árið 2008 verður farið fram á 700 milljóna króna viðbótarfjárhéimildir til Fæðingarorlofssjóðs.

Launahækkunar í gerðum og ógerðum kjarasamningum hafa

einnig sít að segja en fæðingarorlofsgreiðslur eru hlutfall af tekjum fólks. Vegna þess er ráð fyrir gert að greiðslur úr sjóðnum aukist um 900 milljónir. Taka framlög í hann mið af því.

Rúmar þrjú hundruð milljónir eru svo tilkomnar vegna breytinga á viðmiðunum greiðslna. Breyttust lög í vor á þann veg að í stað þess að leggja til grundvallar tvö almanaksár fyrir fæðingar barns er miðað við tólf mánaða samfelld tímabil sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns.

Fyrir nokkrum misserum breyttust lög um fæðingarorlof þannig að að hvort foreldri um sig á sjálfstæðan og óframseljanlegan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjú mánuði. Að auki eiga foreldrar rétt til greiðslna í þrjú mánuði til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða þeir skipt á milli sín. Réttur til fæðingarorlofs gildir þar til barnið verður átján mánaða.

bjorn@frettabladid.is



Óþið hús

Í dag, laugardag, kl. 12–16

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands býður til kynningar á starfsemi sinni í dag, laugardaginn 4. október, kl. 12–16.

Á fyrstu hæð Háaleitisbrautar 1 (Valhallar) kynnis starfsfólk HTÍ og sérfræðingar frá fyrirtækjunum Widex, Phonak og Siemans það nýjasta sem er í boði af heyrnartækjum og öðrum hjálparbúnaði fyrir heyrnarlausla og heyrnarskerta.

Aðstaða stofnunarinnar á 4. hæð verður til sýnis. Leitast verður við að svara fyrirspurnum og hægt verður að bóka tíma í heyrnarmælingu.

Fyrirlestrar í hliðarsal:
13:00 Að lifa með heyrnarskerðingu Soffía Jakobsdóttir leikkona
13:25 Að missa heyrn Ingibjörg Hinriksdóttir, yfirlæknir HTÍ
13:40 Hlé
14:00 Málþroski barna Þóra Másdóttir, talmeinafræðingur HTÍ
14:20 Framtíð íslensks táknaðs Hjördís Anna Haraldsdóttir, formaður Félags heyrnarlausra

Sérstakar kynningar:

■ Heyrnarmælingar á nýburum ■ Meistaránám í talmeinafræði við Háskóla Íslands

Allir velkomnir – kaffi á könnunni!

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
 Háaleitisbraut 1 • 105 Reykjavík • Sími: 581 3855 • ht@hti.is • www.hti.is



Suður-amerísk menningarhátíð í Kópavogi:

Mannshöfuð á sýningu

MENNING Sérkennilegur fengur barst í Kópavog í gær, en þar var á ferð 175 ára gamalt mannshöfuð. Höfuðið, sem eitt sinn tilheyrði ættarhöfðingja og töframanni Shuar-indíanaþjóðflokksins í Ekvador, er hluti af suður-amerískri menningarhátíð sem sett var í gær.

Höfuðið má sjá í Náttúrufræðistofu Kópavogs, auk skjalda af risaskjaldbökum. Þær eru þær stærstu sinnar tegundar og eiga heimkynni á Galapagoseyjum.

Í Gerðarsafni er yfirlitssýning listmuna og málverka frá 4.000 fyrir Krist og til okkar daga. Þar getur að líta forna leirmuni, Inkagull og ýmislegt fleira.

- kóp



TÖFRAMAÐURINN Hér sést stærð höfuðsins í samanburði við eldspýstokk.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



einfaldlega betri kostur

Velkomin í ILVA.

Öðruvísi húsgagnaverslun.
Opnum 7000m² verslun að
Korputorgi, þann 4. október kl. 8:00



Golía barstóll
39.950,-

NÚ **29.950,-**



Lounge ofinn stóll
19.900,-

NÚ **9.900,-**



Ypsilon karafla 1líter
990,-

NÚ **690,-**



Tealight kertaglas
295,-/stk.

NÚ **195,-/stk.**



Porthole standlampi
59.900,-

NÚ **39.900,-**

Tilboð á
yfir 400
vöruliðum



Campo borð + Cebu 4 stólar
161.500,-

NÚ **129.500,-**



Curve hægindastóll
64.900,-

NÚ **49.900,-**



Umbria Eaton 2½ sæta sófi
89.900,-

NÚ **69.900,-**

VISA Lán
- VAXTALAUST

Bjóðum uppá vaxtalaust
lán til 6 mánaða

4. okt. laugardagur **8-20** - 5. okt. sunnudagur **10-19**

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
mánudaga - föstudaga **11-19** laugardaga **10-18** sunnudaga **12-18**

verslaðu allan sólarhringinn á www.ilva.is



HLUTHAFAFUNDUR GLITNIS BANKA HF.

Með vísan til 7. gr. samþykktu Glitnis banka hf. er hér með boðað til hluthafafundar í félaginu. Hluthafafundurinn verður haldinn í Háskólabíói, stóra sal, Hagatorgi, Reykjavík, laugardaginn 11. október 2008 kl. 17.00.

Dagskrá:

1. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.¹⁾
2. Önnur mál.

Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur liggja frammi hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, Kirkjusandi 2, 5. hæð, viku fyrir hluthafafund hið minnsta. Þessi gögn verða einnig aðgengileg á www.glitnir.is.

Óski hluthafi eftir því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum skal hann gera skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir upphaf fundar. Skal ósk hluthafa komið skriflega til skrifstofu félagsins með sannanlegum hætti²⁾ fyrir miðnætti sunnudaginn 5. október 2008.

Atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 16.00 á fundardegi. Afhendingu aðgöngumiða og atkvæðaseðla verður hætt kl. 17.00. Hluthafar geta greitt atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins rafrænt.

Hluthafar sem hyggjast greiða atkvæði með rafrænum hætti þurfa að hafa aðgang að interneti. Nánari upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku á fundinum má nálgast á heimasíðu félagsins, www.glitnir.is.

Stjórn Glitnis banka hf.

1) Stjórn Glitnis banka hf. leggur svohljóðandi tillögur til breytinga á samþykktum félagsins fyrir hluthafafund, haldinn 11. október 2008:

Að hlutafé félagsins verði aukið um kr. 44.642.103.909 – fjörutíu og fjóra milljarða sex hundruð fjörutíu og tvær milljónir eitt hundruð og þrjú þúsund níu hundruð og níu krónur – að nafnverði. Aukningarhlutirnir verði seldir Ríkissjóði Íslands fyrir 600.000.000€ – sex hundruð milljónir Evra. Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar vegna hækkunar þessarar.

Verði tillagan samþykkt mun 1. mgr. 4. gr. samþykktu Glitnis banka hf. verða svo að hækkun afstaðinni:

„Hlutafé félagsins er kr. 59.522.805.212 – fimmtíu og níu milljarðar fimm hundruð tuttugu og tvær milljónir átta hundruð og fimm þúsund tvö hundruð og tólf krónur – og skiptist í jafn marga hluti að fjárhæð 1 króna.“ Þá fellur 5. mgr. 6. gr. samþykktu Glitnis banka hf. brott.

2) Hægt er að koma skriflegri kröfu til skrifstofu félagsins á faxnúmer: 440 4001 eða á pdf-formi á netfangið: hluthafafundur@glitnir.is. Frumritum gagna skal skilað til skrifstofu félagsins mánudaginn 6. október 2008.

GLITNIR

Varaforsetaefnin vestra mættust í kappræðum:

Palin stóðst prófið

BANDARÍKIN, AP Sarah Palin, varaforsetaefni repúblikana, reyndi að heilla kjósendur með því að blikka augum, brosa og beita látbragði er hún mætti Joe Biden, varaforsetaefni demókrata, á fimmtudagskvöld í kappræðum.

Skóðanakannanir í gær sýndu að meirihluti taldi reynsluboltann Biden hafa haft betur, en þar sem hinn lítt reyndi ríkisstjóri frá Alaska komst í gegnum kappræðurnar án þess að verða neitt verulega á í messunni þótti Palin hafa staðið sig betur en margir áttu von á.

Efnahags- og skattamál, orku- og Íraksstríðið voru meðal



KURTEISLEGAR KAPPRÆÐUR Biden og Palin í sjónvarpssal í St. Louis í fyrra-kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

málefna sem þau skiptust á skoðunum um. Biden lét það að mestu ógert að gagnrýna Palin beint, heldur beindi spjótum sínum meira að John McCain, forsetaframbjóðanda repúblikana. - aa



AFTUR Í DOWNINGSTRÆTI Peter Mandelson brosir framan í myndavélarnar fyrir utan Downingstræti 10 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gordon Brown stokkar upp í bresku stjórninni:

Spunameistarinn snýr aftur í stjórn

BRETLAND, AP Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, stökkaði upp í ríkisstjórn sinni í gær. Mjög kom á óvart að hann fól Peter Mandelson að taka að sér embætti efnahagsmálaráðherra.

Mandelson var á sínum tíma samherji þeirra Tonys Blair og Browns er þeir sköpuðu „Nýja Verkamannaflokkinn“ og leiddu til sigurs í kosningum fyrir meira en áratug, en hann hefur setið í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í Brussel undanfarin fjögur ár.

Michael Ellam, talsmaður stjórnarinnar, sagði uppstokkuninni ætlað að „styrkja getu ríkisstjórnarinnar til að fást við þann hnattræna efnahagsvanda sem við nú stöndum frammi fyrir“. Meðal annarra eftirtektarverðra breytinga á skipan stjórnarinnar er að Des Browne vikur fyrir John Hutton í embætti varnarmálaráðherra og tveir fyrrverandi ráðherrar úr stjórnartíð Blairs fá ný hlutverk –

Geoff Hoon tekur við samgöngumráðuneytinu og Margaret Beck-er ráðuneyti húsnæðismála.

Blair tilkynnti enn fremur að hann hefði skipað sérstakt efnahagsmálaráð, sem í eiga sæti ráðherrar úr stjórninni og nokkrir valinkunnir sérfræðingar úr atvinnulífinu. Verkefni þess verður að leiða Bretland í gegnum efnahagsmálaþrengingarnar fram undan.

„Að sækja Mandelson á ný er að sækja herra Ofurspunameistara,“ hefur AP eftir Rodney Barker, stjórnmalafraeðiprófessor við London School of Economics. Endurkoma Mandelsons kemur líka á óvart þar sem vitað er að á köflum var mjög grunnt á því góða milli hans og Browns þegar þeir voru báðir ráðherrar í ríkisstjórn Tony Blair.

Þar sem Mandelson situr ekki á þingi verður hann skipaður í lávarðadeildina til að hafa rétt til að taka til máls á þingfundum. - aa

TOYS R US

Þetta tilboð gildir aðeins í Grafarvogi

Allt LEGO á

-50%



SUNNUDAGA 5. OKTÓBER
FRÁ KLUKKAN 12.00

KORPUTORG, 112 REYKJAVÍK

Sameinum fjölskyldur



Jóhannes Arnason

Elisabet Eyþórsdóttir

Árni Jóhannesson

Snorri Pétursson

Þorsteinn Einarsson

Ellen Kristjánsdóttir

Elín Eyþórsdóttir

Galdur Þorsteinsson

Sigríður Eyþórsdóttir

Ellen Þorsteinsdóttir

Eyþór Ingi Eyþórsson

Göngum
til
góðs

Fallegur dagur til að ganga til góðs

Söfnunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu

101 Lækjartorg, húsbíll Rauða krossins • 101 Ráðhúsið, Tjarnargötu 11 • 101 Iðnskólinn, Skólavörðuholti • 105 Laugardalslaugin, Sundlaugarvegi 30a • 107 Vesturbæjarlaug, Hofsvallagötu • 108 Austurvegur, Háaleitisbraut 68 • 109 Tónskólinn Hólmaseli, Hólmaseli 4-6 • 110 Árbæjarlaug, Fylkisvegi 9 • 111 Breiðholtslaug, Austurbergi 3 • 112 World Class, Spönginni 41 • 112 Grafarvogslaug, Dalhúsum 2 • 113 Húsasmiðjan, Vínlandsleið 1 • 170 Seltjarnarneslaug, Suðurströnd 8 • 200 Hamraborg 11 • 200 Digranesskóli, Skálaheiði • 200 Sundlaug Kópavogs, Borgarholtsbraut • 200 Snælandsskóli, Víðigrund • 201 Sundlaugin Versalir, Versölum 3 • 201 Smáraskóli, Dalsmára 1 • 203 Vatnsendaskóli, Funahvarfi 2 • 210 Garðabær, Garðatorgi • 220 Hafnarfjörður, Strandgötu 24 • 225 Álftanes, Haukhús • 270 Mosfellsbær, Þverholti 7

Mætum öll á söfnunarstöðvarnar og göngum til góðs.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
3.127 -0,23%Fjöldi viðskipta: 1.917
Velta: 18.670 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ LANDSBANKINN +19,85%
ATLANTIC PETR. +0,83%
EXISTA +0,22%

MESTA LÆKKUN

↓ SPRON -17,39%
ATORKA -6,54%
EIK BANKI -6,43%

GENGISVÍSITALA KRÖNNAR: 206,6 -0,14%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,21 -0,96% ... Atorka 4,00 -6,54% ... Bakkavör 17,40 -2,52% ... Eimskipafélagið 3,97 -1,00% ... Exista 4,62 +0,22% ... Glitnir 3,91 -2,74% ... Icelandair Group 16,90 -3,43% ... Kaupþing 654,00 -0,91% ... Landsbankinn 19,85 +4,20% ... Marel Food Systems 81,40 -1,57% ... SPRON 1,90 -17,39% ... Straumur-Burðarás 7,08 -1,26% ... Össur 88,00 -2,22%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Krónan temprar tap Exista


Bókfært tap Existu af eignarhlut í bresku íþróttavörversluninni JJB Sports nemur tæpum tíu milljörðum króna á tæpu einu og hálfu ári.

Gengi bréfa í JJB Sports endaði í 35 sentum á hlut í gær og er 87 prósentum lægra en þegar Exista flaggaði kaupum á 14,5 prósent hlut í versluninni í júní í fyrra.

Breska dagblaðið Financial Times segir í gær gengishrun JJB tilkomið af lækkuðu verðmati Deutsche Bank, sem metur bréfin á 28 pens á hlut.

Exista keypti hlutinn á genginu 275 pens á hlut fyrir 95 milljónir punda. Í gær var verðmæti hlutarins hins vegar tólf milljónir punda. Bókfært tap nemur því 83 milljónum punda, eða 16,5 milljörðum króna, á gengi krónu gagnvart pundi í gær.

Hlutur Existu í JJB Sports kostaði hins



ANNAR FORSTJÓRA EXISTU Virði eignar Existu í bresku íþróttavörversluninni JJB Sports hefur fallið um 87 prósent á tæpu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

vegar tólf milljarða íslenskra króna á þávirði. Miðað við óbreytt gengi er hann nú 2,4 milljarða króna virði og nemur tapið því 9,6 milljörðum króna. Því má segja að gengisfall krónu gagnvart pundi hafi varið tap Existu á kaupunum í JJB Sports. -jab

Mikil velta með Landsbankann

Mikil viðskipti voru með hlutabréf í Landsbankanum í Kauphöllinni í gær og hækkaði gengi bréfa í honum um 4,2 prósent.

Heildarviðskipti á hlutabréfamarkaði námu tæpum 18,7 milljörðum króna. Þar af nam velta með bréf Landsbankans 11,3 milljörðum og í Kaupþingi 4,67 milljörðum. Af viðskiptum með bréf Landsbankans skáru utanþingsviðskiptin sig úr en þau námu 8,2 milljörðum króna.

Tvenn utanþingsviðskipti með bréf bankans upp á tæpa 3,8 milljarða skáru sig úr. Er þá undanskilin utanþingsviðskipti rétt eftir upphaf kauphallarviðskipta í gærmorgun. -jab

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
UNIVERSITY OF REYKJAVÍK

ÓLYMPIUSTÆRÐFRÆÐI
HEFST Í NÆSTU VIKU
Nánari upplýsingar á hr.is/os

ÓLYMPIUSTÆRÐFRÆÐI
FYRIR GRUNNSKÓLA

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið



MERVYN KING Seðlabankastjóri Bretlands segir bankann ætla að gera allt til að forða bönkum frá þroti vegna lausafjárþurrðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Englandsbanki slakar á reglunum

Englandsbanki rýmkaði í gær reglur um veðhæfi sem á að auðvelda breskum bönkum að sækja sér lausafé til bankans þegar 40 milljarða punda lánalínur til þriggja mánaða verða boðnar upp í næstu viku.

Samkvæmt þessu geta bankar lagt fram skuldabréf fyrirtækja með lánshæfismat í hæsta flokki sem veð fyrir láni frá seðlabankanum.

Í tilkynningu sem bankinn sendi frá sér í gær segir að ákveðið hafi verið að grípa til aðgerða vegna

lausafjárþurrðar á breskum fjármálamarkaði um þessar mundir.

Mervyn King, bankastjóri Englandsbanka, sagði í samtali við breska ríkisútvarpið að bankinn muni beita öllum sínum kröftum til að koma í veg fyrir gjaldprot banka þar í landi.

Robert Peston, viðskiptaritstjóri BBC, bætir því við að bankar og fjármálafyrirtæki í Bretlandi hafi lagt nær allt fram sem þeir geti og hafi Englandsbanki því brugðist við því með rýmri veðheimildum. -jab

Undruðust litla gjaldeyrisveltu

„Gjaldeyrismarkaðurinn var mjög hægur og við þurfum að átta okkur á stöðunni,“ segir Agnar Hansson, forstjóri Icebank, en bankinn lokaði fyrir gjaldeyrisviðskipti í rúman hálf tíma í gærmorgun.

Agnar segir veltu á gjaldeyrismarkaði hafa verið afar litla í gær og hafi það komið mönnum á óvart. Um stund hafi verið talið að tölvubíln hafi komið upp.

„Hinir stóru bankarnir eru markaðsvakar á gjaldeyrismarkaði. Eftir að við ráðfærðum okkur við þá opnuðum við aftur fyrir gjaldeyrisviðskiptin,“ segir Agnar. -jab



AGNAR HANSSON Forstjóri Icebank segir að gjaldeyrismarkaður hafi farið hægt af stað í gærmorgun og því lokað fyrir viðskiptin í um hálf tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Kalifornía vill neyðarlán

Ríkisstjóri Kaliforníu, Arnold Schwarzenegger, tilkynnti fjármálaráðherra Bandaríkjanna á fimmtudag að Kaliforníuríki kynni að þurfa sjö milljarða dollara neyðarlán frá alríkinu. Ástæðan er bág lausafjárstaða Kaliforníuríkis, en ríkið hefur ekki getað fengið lán á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sökum fjármálakreppunnar.

Nokkur önnur ríki Bandaríkjanna hafa lent í vandræðum með lántökur undanfarið. Ríki hafa þurft að fresta framkvæmdum vegna þessa, en Schwarzenegger varar við því að Kalifornía muni ekki geta greitt kennurum og öðrum ríkisstarfsmönnum laun ef ekki rætist úr fyrir 28 október.

- msh



TORTÍMANDINN Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, hefur sent Henry Paulson bréf þar sem beðið er um neyðarlán.

MARKADURINN/AP



ÖSSUR Í PONTU Sprotafyrirtæki þurfa allt að fimmtán ár til að koma vöru sinni á markað.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samstilltur stuðningur við sprotana

„Þetta er fyrsta skrefið af mörgum,“ sagði Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra áður en hann skrifaði undir stofnun um samstarfsvettvang fyrir uppbyggingu hátækniiðnaðs og sprotafyrirtækja á Sprotabíngi Íslands í gærmorgun. Vettvangurinn mun starfa í þrjú ár til að byrja með.

Að vettvanginum koma fjármála-, iðnaðar-, menntamála- og utanríkisráðuneyti auk Samtaka sprotafyrirtækja, Samtaka íslenskra líftæknifyrirtækja,

upplýsingatæknifyrirtækja og Samtök iðnaðarins.

Stjórnvöld og Samtök iðnaðarins leggja hvort um sig 3,5 milljónir króna á ári til verkefnisins.

Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku, sagði vettvanginn mikilvægan fyrir sprotana og nýsköpunarfyrirtæki og lagði áherslu á að slíkt væri aðeins mögulegt með samstilltu átaki allra aðila. Benti hann á að nýsköpunarfyrirtæki þurfi langan tíma til að koma vöru sinni á markað, eða um fimmtán ár. - jeb

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND

Ný Nautilustæki // Stórir salir með lausum lóðum // Mikill fjöldi hlaupabretta Fullkomin þrektæki // Ný sjónvörp Salur fyrir spinning-/hjólátíma

 **Nautilus**

ÁRSKORT Á 27.990 Kr.

Aðeins 2.333 kr. á mánuði. Þjóðum VISA/EURO-léttgreiðslur. Tilboðið gildir til og með 6. október 2008.

KORTIÐ GILDIR Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á BÁÐUM STÖÐVUM NAUTILUS Í KÓPAVOGI – SUNDLAUG KÓPAVOGS OG ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI SALAHVERFI.

Ókeypis prufutími undir leiðsögn þjálfara.
Panta þarf tíma með fyrirvara – 16 ára aldurstakmark.

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöðin Versalir / sími 570 0480
www.nautilus.is



vodafone

Komdu með allt í Gull

Vodafone Gull – það besta sem við bjóðum

- Þú færð Ofurheimasímann. **Allt innifalið**, símtöl í alla aðra síma, óháð kerfi – líka í GSM og til útlanda fyrir 3.490 kr.*
- Þú færð **lægsta mínútuverð** í GSM, óháð kerfi
- Þú færð **mesta hraðann** á Netinu
- Þú færð okkar **bestu kjör** og sparnað sem er gulls ígildi

Vertu með allt á einum stað og skráðu þig strax í nýja vildarþjónustu í **1414** eða á vodafone.is.

Lifðu núna



OPNUM Í DA



3+2 VENJULEGT VERÐ: 129.900,-

59.900,-

„ZIDANE“ 3+2 SÓFASETT

Nett og einstaklega þægilegt sófasett að sitja í. Litur: dökkbrúnt PU. Gott sófasett á alveg einstöku tilboði núna. Stærð á 2ja sæta: B150 x H94 x D93 sm. Stærð á 3ja sæta: B201 x H94 x D93 sm.



50%
AFSLÁTTUR

SÆNG ÁÐUR 7.990,-

3.990,-

„GREY-LINE“ SÆNG

Frábær sæng, fyllt með 1200 gr. af trefjafyllingu. Trefjarnar hafa svipaða eiginleika og dúnn, þ.e.a.s. að léttleikinn og öndunin í trefjunum er svipaður. Stærð: 135 x 200 sm. Sængina má þvo á 60°C.



50%
AFSLÁTTUR

VENJULEGT VERÐ: 69.900,-

34.900,-

„VANESSA“ ANTÍK GLERSKÁPUR

Virkilega flottur glerskápur í antík stíl. Einnig hægt að fá bókahillur, borð og stóla í sömu línu. Komdu og skoðaðu úrvalið!



OPNUM
STÆRSTU OG
GLÆSILEGUSTU
VERSLUN OKKAR
Á KORPU-
TORGI!



VENJULEGT VERÐ: 12.900,-

6.990,-

„METZ“ TÖLVUBORÐ

Flott tölvuborð með góðu vinnuþlássi, útdraganlegri lykklaborðshillu og skúffu.



BJÓÐUM
UPP Á KAFFI OG
KLEINUR, SAFI OG
BLÖÐRUR FYRIR
BÖRNIN!

„DHAKA“ GARDÍNUR 2 Í PK.

Einlitar, flottar gardínur með kósum. 2 vængir í pakka. Litir: hvítt, kremað og lime. Stærð: 2 stk. x 140 x 245 sm, venjulegt verð: 2.990,- Nú: 1.990,- Gardínur einnig fánlegar bleikar og bláar. Stærð: 2 x 140 x 175 sm, venjulegt verð 1.990,- Nú: 990,-

50%
AFSLÁTTUR

2 X 140 X 175 SM. ÁÐUR 1.990,-

990,-

45%
AFSLÁTTUR

4G KL. 8:00



ÁÐUR 9.990,-

4.990,-

„ICEBAG“ GRJÓNAPÚÐAR

Frábærir grjónapúðar sem henta bæði í leik og starfi. Nokkrir mismunandi litir fáanlegir. Stærð: 100 x 130 sm, Junior size. Nú á sérstöku opnunartilboði!



45%
AFSLÁTTUR

VENJULEGT VERÐ: 109.900,-

59.900,-

„VANESSA“ ANTÍK SÓFI

Gullfallegur lounges / sessalon sófi í antík stíl. Þægilegur að sitja í. Stóll til í stíl. Athugið takmarkað magn. Stærð: B187 x H90 x D70 sm.

50%
AFSLÁTTUR



40%
AFSLÁTTUR

ÁÐUR 3.490,-

1.990,-

SÆNGURVERASETT

Flott sængurverasett úr 100% bómull. Sængurver: 140 x 200 sm. Koddaver: 50 x 70 sm.



25%
AFSLÁTTUR

VENJULEGT VERÐ: 1.990,-

1.490,-



40%
AFSLÁTTUR

ÁÐUR 2.490,-

1.490,-

LAMPI MEÐ STÆKK-UNARGLERI

Frábært hjálpar-tæki! Flott fyrir þá sem stunda fluguhnýtingar, útsaum eða fyrir safnarana. Nýtist einnig vel fyrir eldri lesendur sem þurfa góða birtu og stækkunargler við lestur.

40%
AFSLÁTTUR

KULDAGALLAR

Flottir og góðir kuldagallar með heitu sem hægt er að smella af. Fást í bláu/gráa og brúna/bleiku. Stærðir: 90-130 sm.



40%
AFSLÁTTUR

ÁÐUR 16.900,-

9.990,-



VENJULEGT VERÐ: 16.900,-

9.990,-

„SEATTLE“ SJÓNVARPSKÁPUR


Mjög flottur sjónvarps-skápur með tveimur skúffum. Fæst einnig í svörtu. B: 140 x H:32 x D:49 sm.



40%
AFSLÁTTUR

„TOP FIT“ ÞREKHJÓL

Nýkomið í Rúmfatalagerinn! Flott þrekhjól með mismunandi þyngdarstillingum. Digital skjár sem sýnir tíma, hraða, vegalengd, kaloríubrennslu og púls. Nú er tíminn til að koma sér í form!



TILBOÐIN GILDA AÐEINS 4.-5. OKTÓBER Í VERSLUN OKKAR AÐ KORPUTORGI.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

KORPUTORGI

FRÉTTASKÝRING: Úrelding olíunnar

NiMH H₂ C₂H₆O DME CO₂ O₂ Li-ion

3. hluti

Hin rafvædda framtíð er nærri

Tiltölulega litlar breytingar þyrfti á rafdreifikerfinu til að sjá flota tengiltvinnbíla fyrir alla Íslendinga fyrir orku. Þegar floti slíkra bíla yrði kominn í umferð skapaðist möguleiki á að nýta orkugeymslugetu rafgeyma þeirra til að gera rafdreifikerfið skilvirkara.

Heimahlæðsla
Tengiltvinnbíla má auðveldlega hlaða úr heimainnstungu; venjulegt 10 A öryggi og rafmagnssnúra duga til þess. Að fullhlaða 10 kWh rafhlöðu, sem dugur til um 50 km aksturs, tekur um fjóra tíma. Sé rafmagnsúttakið þriggja fasa með 16 A öryggi er hægt að hlaða mun hraðar, eða á um klukkustund. Gera má ráð fyrir að hleðslustöðvar verði til að mynda við verslunarmiðstöðvar og jafnvel hraðhleðslustöðvar við þjóðvegi. Í samstarfi við Mitsubishi á að byggja upp slíkt þjónustukerfi fyrir raf- og tengiltvinnbíla hérlendis í tilraunaskyni á næstu árum.

Rafdreifikerfið
Rafdreifikerfið á Íslandi er byggt upp þannig að það þoli miklar sveiflur í rafmagnsnotkun milli ára, árstíða og tíma sólarhringsins. Séu rafgeymar bíla hlaðnir þegar lítið álag er á kerfinu, svo sem á nóttunni, getur kerfið auðveldlega annað því að sjá öllum bílum Íslendinga fyrir rafmagn, væru þeir tengiltvinnbílur.

RAF- OG TENGILTVINNBÍLAR Í SAMFÉLAGI FRAMTÍÐARINNAR

Hrein orka
Það sem gerir rafmagn að sérstaklega eftir-sóknarverðum kosti til að knýja bíla á Íslandi er sú staðreynd að öll raforkan kemur frá endurnýjanlegum orkulindum og hún kæmi í stað dýrs og mengandi innflutts eldsneytis. Auk þess er orkunýtni bíls sem knúinn er rafmagn miklum mun betri en bíls sem knúinn er hefðbundnum sprengihreyfli.

Möguleiki á álagstöfnun
Stórfjölgun raf- og tengiltvinnbíla opnar möguleikann á því að sú mikla raforkugeymslugeta sem rafgeymar þess bílaflota býr yfir geti líka nýtt í hina áttina; það er möguleikinn á að rafmagn yrði sótt af rafgeymunum til að jafna út álagstoppa í rafdreifikerfinu. Með þessu móti gætu tengiltvinnbílur átt þátt í að auka skilvirkni rafdreifikerfisins.



VETNISBÍLL Efnarafals-tilraunabíll við vetnisstöðina í Reykjavík.

HVAÐ UM VETNIÐ?

Meðal mögulegra framtíðarlausna sem tekið gætu við af olíu og bensíni sem eldsneyti til að knýja farartæki er vetni. Þessum kosti hefur reyndar verið hampað mjög á síðustu árum í umræðunni hérlendis. Vetni er þó ekki orkugjafi heldur orkuberi; til að vetni sé nothæft sem eldsneyti þarf fyrst að kljúfa það úr vatni (eða jarðgasi), geyma það undir marghundraðföldum andrúmsloftsþrýstingi á þar til gerðum kútum og brenna því síðan annað hvort í hefðbundnum sprengihreyfli eða í efnarafal. Kosturinn við vetni sem eldsneyti er að bruni þess er mjög hreinn; við hann myndast ekkert annað en vatnsgufa. Ókosturinn er hins vegar hve mikla orku þarf til að búa það til, flytja það og geyma. Vegna þess hve orkunýtni brennslu vetnis í sprengihreyfli er lítil er mjög ólíklegt að sá kostur eigi framtíð fyrir sér. Mun betri orkunýtni næst með brennslu vetnis í efnarafal, en með því er framleitt rafmagn sem knýr rafmótor sem knýr bílinn áfram. Efnarafals-vetnisbíll er því rafbíll, eða í raun tvínnbíll.



EFNARAFALL

Rafhlöðutæknin tekur stórstíggum framförum en hún er lykillinn að rafvæddum samgöngum framtíðarinnar

Veðjað á lípíum til fjöldaframleiðslu í bíla

Í smábænum Nol norður af Gautaborg er starfrækt fyrirtækið ETC-Battery and FuelCells Sweden AB. Það er ásamt sænskum orkufyrirtækjum, orkumálayfirvöldum og bílaframleiðendum Volvo og Saab þátttakandi í samstarfsverkefni um þróun tengiltvinnbílátækni og innviða fyrir árangursríka markaðssetningu slíkra bíla í stórum stíl í Svíþjóð.

Robert Aronsson, aðstoðarforstjóri fyrirtækisins, segist aðspurður vera sannfærður um að lípíumrafhlöður verði sú gerð rafhlaða sem notaðar verði að minnsta kosti í fyrstu kynslóð fjöldaframleiddra tengiltvinnbíla.

Að vísu verða nikkal-málmhýdríð-rafhlöður í fyrsta fjöldaframleidda tengiltvinnbílum sem væntanlegur er á markað í lok næsta árs, en það er tengilútgáfa af uppfærðum Toyota Prius. Ástæðan er sú að Toyota hefur nú safnað yfir tíu ára reynslu af fjöldaframleiðslu tvínnbíla og selt samtals yfir milljón slíkra, flesta á Bandaríkjamarkaði. Í þeim öllum eru nikkal-málmhýdríð-rafhlöður, en þær hafa reynzt gegna hlutverki sínu vel þrátt fyrir að viðurkennt sé að lípíumrafhlöður séu skrefi fram og henti betur til fjöldaframleiðslu. Því telur Aronsson að Toyota muni ætla að



ROBERT ARONSSON Forsvarsaður ETC í Svíþjóð segist bjartsýnn á að með fjöldaframleiðslu lípíumrafgeyma fyrir bíla komist verði þeirra á fáum árum niður í það sem hefðbundnir blýsýrurafgeymar kosta nú.

hámarka arðsemina af því forskoti sem þessi reynsla skapar fyrirtækinu á keppinauta með því að skipta nikkalrafhlöðunum að sinni ekki út fyrir hinar fullkomnari, en óreyndari, lípíumrafhlöður.

Toyota veðjar á tengiltvinnbíl

Í þeim Prius-bílum sem hefur verið breytt í tengiltvinnbíl og er nú verið að gera tilraunir með í París, Lundúnum og Stokkhólmi eru aukarrafhlöðurnar, sem hægt er að hlaða úr innstungu, lípíumrafhlöður. Piet Steel, aðstoðarforstjóri Evrópu deildar Toyota, staðfesti þetta á ráðstefnunni Driving Sustainability 08 í Reykjavík á dögum. Katsuaki Watanabe, aðalforstjóri Toyota, tjáði blaðamönnum í lok ágúst að Toyota myndi veðja stórt á tvínn- og tengiltvinnbílum. Toyota á eitt stærsta rafgeymafyrirtæki Japans, Panasonic EV Energy, og hefur fest mikið fé í rannsóknir á vænlegustu tækninni fyrir tvínn-,

tengiltvinn- og hreinræktaða rafbílur. Watanabe gaf reyndar til kynna að hans menn væru að vinna að enn betri lausn en lípíum-jónarrafhlöðunum sem nú þykja lofa beztu.

Austurasíulönd með forskot

Þau fyrirtæki sem hafa mesta forskotið í þróun og framleiðslu rafhlaða sem hentað geta í raf- og tengiltvinnbílur eru í Japan og öðrum Austurasíulöndum; Suður-Kóreu, Taívan og Kína. Þó eru nokkur fyrirtæki og rannsóknastofnanir í Evrópu og Bandaríkjunum líka framarlega á þessu sviði. Einn þekktast er A123Systems, sem varð til sem sprotafyrirtæki út úr rafhlödurannsókn hjá MIT-háskóla í Bandaríkjunum. Lípíumrafgeymarnir í Chevrolet Volt-tengiltvinnbílum, sem bílarísinn GM bindur miklar vonir við og ætlar að setja á markað árið 2010, munu væntanlega verða framleiddir af A123Systems.

Framleiðslugeta mikilvægust


Robert Aronsson bendir á að þegar fjöldaframleiðsla tengiltvinn- og rafbílur fari í gang fyrir alvöru þá verði það ekki aðalatriði hver eigi einkaleyfin að hönnun bestu rafhlaðanna, heldur hver hafi getu til að framleiða þessa hátæknivöru á skilvirkum og hagkvæman hátt. Sprotafyrirtæki sem stofnað var út úr ETC í Svíþjóð, Ále Lion Batteries AB, ætla að koma sér upp getu til að sjá bílaöndunum fyrir slíkum rafhlöðum. Fjárfestarnir í fyrirtækinu líta svo á að slík framleiðslugeta sé liður í því að tryggja að bílaöndun eigi sér framtíð í Svíþjóð.

Nægt hráefni til

En er til nóg af lípíumi til að sjá fjöldaframleiðslu á lípíumrafhlöðum fyrir hráefni á samkeppnishæfu verði? Aronsson segir svo vera. Mjög lítið lípíum þurfi í lípíum-jónarrafhlöðu eða um 0,14 kg á hverja kílóvattstund orkugeymslugetu.

Til samanburðar þurfi í hefðbundinn blýsýrurafgeymi 14 kíló á kWh. Gizkað sé á að aukaðgengi-legalar birgðir af lípíumi í heiminum séu um sjö milljónir tonna, en það magn nægi til að framleiða rafgeyma sem dygði 33 milljörðum tengiltvinnbílur. Til samanburðar má nefna að ársbílaframleiðsla heimsins er nú um 70 milljónir bíla.

Aronsson bendir líka á að eins og er kosti hver kílóvattstund af orkugeymslugetu í lípíumrafhlöðu um 1000 Bandaríkjadali en aðeins um 150 dali í blýsýrurafgeymi. Hann spái því hins vegar að með fjöldaframleiðslu muni verði á kílóvattstund í lípíumrafhlöðum verða komið niður í sambærilegt verð við blýsýrurafgeyma á innan við fimm árum.



LÍPÍUM-BÍLARAFHLAÐA í rafgeymi fyrir raf-, tvínn- eða tengiltvinnbíl er svona rafhlöðum raðað saman. NORDICPHOTOS/AFP

FRÉTTASKÝRING
AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

ÞRIÐJA GREIN AF FJÓRUM
Á mánuðag:
Almenningssamgöngur o.fl.




RIS ÓSKAR SMI TIL HAMINGJU

MEÐ OPNUN GLÆSILEGS KORPUTORGS



Við erum stolt af því að
hafa tekið þátt í að gefa
Íslendingum færi á að
gera hagkvæmari kaup
við Vesturlandsveginn.



Stór viðfangsefni og skammur tími:

Ráð og traust

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Næstu tveir dagar eiga að gefa ríkisstjórninni svigrúm til þess að gera nauðsynlegar bráðaráðstafanir til þess að skjóta stöðum undir fjármálakerfið. Hún þarf samtímis að endurvekja traust þar sem það hefur brostið. Aukheldur er brýnt að veita sýn inn í framtíðina.

Tíðindi frá erlendum fjármálamörkuðum benda til að á þeim vettvangi líti of margir svo á að Seðlabanki Íslands hafi skorið sig úr með minni ráðstöfunum til þess að leysa lausafjárvalda fjármálastofnana en aðrir sambærilegir bankar í heiminum. Vaxandi efasemda gætir um að Seðlabankinn hafi gefið ríkisstjórninni rétt ráð gagnvart aðstoð við Glitni. Ástæðan er sú að leiðin sem farin var sýnist hafa leitt til meiri skaða fyrir fjármálakerfið í heild en ástæða var til. Var vandinn þó ærinn.

Í þessu ljósi hvílir sú mikla ábyrgð á ríkisstjórninni að reisa við traust á Seðlabankanum samhliða öðrum ákvörðunum sem hún tekur um helgina. Til þess að það megi takast þarf meira en orð. Jafnframt er ljóst að þeir einkareknu bankar sem hugsanlega fá opinbera aðstoð til þess að komast í gegnum lausafjárkreppuna þurfa að sæta með einhverjum hætti aðkomu fulltrúa skattborgaranna. Það er þáttur í að byggja upp traust og trústöðu.

Þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin ákveður þurfa að vera það stórar í sniðum að enginn vafi leiki á að fjármálamarkaðurinn og fólkid í landinu hafi trú á að undirstöður fjármálakerfisins haldi. Aðalatriðið er að hefðbundin atvinnufyrirtæki í framleiðslu og þjónustu geti haldið áfram að skapa verðmæti. Eins er óhjákvæmilegt að auðvelda fjármálastofnunum að greiða götu þess fólks sem mætir mestu erfiðleikunum á húsnæðismarkaðnum.

Sú meginregla er mikilvæg að þeir beri sjálfir ábyrgð á gerðum sínum sem óvarlega hafa farið. Íslenska þjóðin er hins vegar í sömu sporum og aðrar þjóðir að skynsamlegt er vegna almanna-hagsmuna að gera allt sem í mannlegu valdi stendur til þess að koma í veg fyrir að hagkerfið skaðist. Umræður um stefnuræðu forsætisráðherra fyrir tveimur kvöldum sýndu betur en nokkru sinni hversu sterka samstöðu má mynda þegar alvara er á ferðum. Öllum var ljóst að hefðbundin vopnaburður stjórnmála-átaka var ekki á dagskrá. Mikilvægt er að ríkisstjórnin nýti það andrúm til þess að auka þunga og traust þess sem gert verður.

Um leið og bráðaráðstafanir eru ákveðnar verður ekki hjá því komist að leggja línur sem sýna fólkinu í landinu þau markmið sem að er stefnt til framtíðar. Gjaldmiðillinn og staða Íslands í alþjóðasamfélaginu eru mikilvæg atriði í því efni. Það er vandasamt viðfangsefni. Augur er ekki unnt að loka fyrir því að þar eru sjónarmið mismunandi og mat á hagsmunum ólíkt.

Þessari spurningu er hins vegar ekki unnt að ýta til hliðar nú vegna þess hversu flókin hún er. Nú skiptir máli að finna markvissri umfjöllun og mati á hagsmunum trúverðugan farveg. Þar verður hver skodanahópur að taka nokkuð tillit til annars. Allir verða til að mynda að geta treyst því að hagsmunir sjávarútvegsins verði ekki fyrir borð bornir þegar farvegur verður fundinn fyrir móttun framtíðarstefnu á þessu sviði.

Af öllu þessu má sjá að þeir sem ábyrgð hafa axlað þurfa að taka stærri og veigameiri ákvarðanir um framtíð þjóðarinnar á færri klukkustundum en nokkru sinni fyrr. Það er hægt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365

RIÐSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is **ADSTODARRITJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdóm verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraenu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Nýtt!

Vetrardvöl á Kýpur

Frá 19. október 2008 til 8. febrúar 2009

Verð á mann miðað við tvo í íbúð:

337.810 kr.

3.071 kr. á dag á mann

Innihaldið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum til Kýpur um Kaupmannahöfn, gisting í Kaupmannahöfn í tvær nætur og gisting í íbúð á Kýpur, allt tímabilið.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Eitt bros...

Landlækniseimbættið, Lýðheilsustöð og Vinnueftirlitið sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem fjölmiðlar voru hvattir til varkárni í fréttum af efnahagsmálum.

Yfirskrift erindisins er tilvitnun í *Einaræður Starkaðar* eftir Einar Benediktsson *Aðgát skal höfð*, í nærveru sálar, bætti Einar við. Það leiðir hugann að upphafi kvæðisins, *Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt*. Hvort það er eitt bros frá Geir H. Haarde sem breytir dimmu efnahagsþrenginga í dagsljós skal ósagt látið.

Öryggisnet

Ög vitnum þessu næst í forseta vorn. Nánar til-



tekið spámannleg orð mælt í ræðu hjá Sagnfræðingafélagi Íslands fyrir tveimur árum. Grípum niður í útlæggingu á íslensku útrásarvikingunum: banka- og peningamönnum:

„Í þriðja lagi að eiga auðvelt með að taka áhættuna, að þora þegar aðrir hika, kannski vegna þess að lífi sjómannsins fylgir jafnan hætta og útrásin er eins konar róður á ný mið. Við vitum líka að ætíð er hægt að hverfa aftur heim til Íslands ef illa fer í leiðangrinum og eiga hér hið besta líf því öryggisnetið sem velferðarsamfélagið veitir okkur tryggir öllum sama rétt til menntunar og umönnunar óháð efnahag.“

Ríkisbubbi?

Bubbi Morthens er ötull í baráttu fyrir réttindum þeirra sem minna mega sín eins og fyrri daginn. Á miðvikudag boðar hann landslýð á Austurvöll til að láta ráðamenn heyra í sér.



Af því tilefni hafa ýmsir rífað upp að Bubbi seldi Jóvía á sínum tíma allar tekjur af lögnum sínum. Glitnir varð síðar eigandi að lagatekjunum og nú á íslenska ríkið Glitni. Nú þegar rétturinn á lögnum er í eigu ríkisins hefur hin mikilvæga stétt gárungar spurt sig hvort Bubbi sé þá orðinn ríkis-Bubbi? Og gárunga ber að hlýða á. kolbeinn@frettabladid.is

Við förum í gegnum þetta saman

UMRÆÐAN

Steingrímur J. Sigfússon skrifar um efnahagsmál

Ríkisstjórn Íslands verður nú á næstu sólahringum að svara því hvort hún treysti sér til og hefur bolmagn og styrk, kjark og sjálfstraust til að leiða endurreisnaraðgerðir í okkar þjóðarbúskap. Ef ekki, þá verður þar að verða breyting á, með hvaða hætti sem það getur gerst. Við Vinstri græn erum tilbúin til að axla ábyrgð og leggja okkur sjálf undir ef það má verða að liði.

Við verðum að ganga í að leysa gjaldeyrisgreppuna og stöðva fall krónunnar. Takist það ekki innan fárra daga verður gjaldeyrisviðskiptum sjálfhætt og eins gott að stöðva þau formlega. Við verðum að fullvissa almennungum að inni-stæður landsmanna í innlendnum viðskiptabönum og sparissjóðum verði tryggðar og að í þeim efnum sé ástæðulaust að óttast. Við verðum að ná hratt niður verðbólgu og lækka vexti, við lifum ekki veturinn hvað þá lengur við óbreyttar aðstæður. Við verðum að veita fé í umferð þannig að almennungur, fyrirtæki og stofnanir fái eðlilega bankþjónustu og hjól samfélagsins og þjóðarbúskaparins geti snúist áfram.

Við verðum að verja líf skjörin og stöðu heimilanna eins og nokkur kostur er og afstýra því að fólk fari unnvörpum að missa húsin sín og komast í þrot. Í því efni verðum við að beina þeim mætti sem við höfum til þeirra sem standa höllu-stum fæti. Þeir sem betur eru settir verða að sjá um sig. Tekju-lágt fólk, ungt skuldsett fólk, einstæðir foreldrar, aldraðir og öryrkjar sem hafa einan saman lífeyri til að framfleyta sér og aðrir hópar sem lakast eru settir verða að vera í forgangi við aðstæður sem þessar. Og síðast en ekki síst verðum við að slá óvigrí skjald-



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Við verðum að verja líf skjörin og stöðu heimilanna eins og nokkur kostur er og afstýra því að fólk fari unnvörpum að missa húsin sín og komast í þrot.

En; við skulum ekki missa kjarkinn. Ekki missa móðinn. Ekki gefast upp. Við förum í gegn um þetta saman. Það er líka þannig að margt mun leggjast með okkur. Við eigum enn fiskimiðin og tæki mannafla og þekkingu til að nýta þau. Við eigum enn landbúnað og matvælaíðnað sem sér fyrir um hálfri fæðubörf þjóðarinnar. Við eigum útlutningsíðnað og tækniþekkingu í matvæla-, stöðtækjalyfjaiðnaði o.fl. ofl. Við eigum þetta dásamlega og orkuríka land sem útlendingar vilja sækja heim og sem sér okkur fyrir ljósi og hita. Við eigum í ríkulegum mæli ein eftirsóttustu gæði jarðarinnar sem nú eru að verða, hreint vatn.

Við erum ung og vel menntuð þjóð. Við erum dugleg þjóð og teljum ekki eftir okkur að vinna mikið svo lengi sem vinnu er að hafa. Við eigum tungu okkar, menningu og rætur og þangað sækjum við styrk, sjálfsvitund og sjálfstraust. Við eigum hvert annað, við hjálpumst að, við styðjum hvert annað innan fjölskyldunnar, vinahópsins, byggðarlagsins. Við erum öll áhöfn

á sama báti og það er löngu komið ræs.

Og hvernig á að fara í þetta orlagaverkefni í sögu þjóðarinnar?

Á morgun á að boða saman til fundar: Okkur forustumenn stjórnmálanna, forustumenn fjármálalífsins, verkafélagsforustu og atvinnurekendur, mikilvægustu heildarsamtök. Og læsa okkur inni.

Við þurfum ekki Laugardalshöllina, hið sögufræga hús Höfði nægir. Þetta eru nokkrir tugir karla og kvenna, því þarna eiga ekki bara að vera jakkafataklæddir karlar, þarna þurfa líka að vera margar konur, sem hefðu betur ráðið meiru um okkar mál en þær hafa gert, við höfum ekki staðið okkur svo vel karlarnir. Og þarna á þessi hópur að sitja og koma ekki út fyrr en biði er að ná samkomulagi um hvernig þjóðarbiði verður unnið út úr yfirstandandi erfiðleikum. Dyrnar verða læstar þar til kominn er hvítur reykur.

Við höfum ekkert leyfi til þess, við sem höldum nú á fjöreggi þessarar þjóðar í höndunum, á efnahagslegu og stjórnmálalegu sjálfstæði þjóðarinnar og á framtíð barnanna okkar, að láta okkur mistakast.

Forsætisráðherra góður, þú átt að boða fundinn, ég er tilbúinn til að mæta og það sama gildir örugglega um alla aðra. Slíku fundarboði yrði tekið fagnandi bæði af þeim sem boðaðir yrðu og af þjóðinni.

Munum það að lokum, góðir landsmenn, að öll el birtir upp um síðir en þóssum vel upp á hvert annað meðan þetta gengur yfir, þessi bylur sem nú stendur.

Og vaki nú allar góðar vættir yfir Íslandi.

Höfundur er formaður Vinstri grænna. Texti að ofan er úrdráttur úr ræðu sem flutt var við setningu Alþingis á fimmtudag.

Uppfinningamaðurinn Leonardo

UMRÆÐAN

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skrifar um sýningu í Orkuveitunni

Fljúgandi skrúfa, vegalengdamælir, vatnknúin sög, fljúgandi vél, þrykkvél, brynvagn, gatavegur, tveggja hæða brú, gröfuvél og sveiflyfta. Allt þetta og fleira eru smíðaðir gripir eftir teikningum uppfinningamannsins Leonardo Da Vinci og er til sýnis í Gallery 100° í Orkuveitunni til 28. Nóvember.

Það er einstakt tækifæri fyrir Íslendinga að fá þessa gripi til landsins. Allir smíðslutirnir koma frá heimabæ Leonardos, Vinci og eru höfðinglega lánaðir án endurgreiðslu af bæjarstjóra Vinci. Sýningin, Da Vinci í dag, er styrkt af Reykjavíkurborg, Hagkaupum og Orkuveitunni. Einstakt samstarf milli þessara fyrirtækja hefur orðið til þess að þessi glæsilega sýning er sérstaklega hönnuð fyrir skólakönn leikskóla og grunnskóla. Markmiðið með sýningunni er fyrst og fremst að fá skólakönn í heimsókn til að skoða það sem Da Vinci fann upp á 15 öld, löngu áður en uppfinning hans fóru í almenna notkun eða í smíði.




ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Höfuðborgarstofa, Menntasvið og Leikskólasvið Reykjavíkurborgar eru búin að vinna kennslufni og þemaefni fyrir kennara til að nýta sér. Hægt er að nálgast þessi verkefni á heimasíðu leikskólasviðs, www.leikskolar.is og heimasíðu menntasviðs www.grunnskolar.is. Einnig er hægt að fá leiðsögn um safnið fyrir skólakönn. Nú þegar hafa tugir skóla bókað leiðsögn. Allir eru velkomnir á sýninguna enda býst þarna tækifæri til að skoða uppfinningamanninn Leonardo betur en flestir þekkja hann sem listamann fyrst og fremst og höfund Monu Lisu. Leonardo var svo margt annað, eðlisfræðingur, myndhöggvari, tónlistarmaður, verkfræðingur og arkitekt.

Þessi sýning á tæknigripum sem Leonardo da Vinci teiknaði og smíðaði á 15. öld er einstakt tækifæri til að efla og kveikja áhuga barna og unglinga á tækni og vísindum. Ekki síður er sýningin skemmtileg fyrir alla aldurshópa og mun hvetja til skemtilegrar umræðu um uppfinningar í skólafunni og á heimilinu.

Höfundur er borgarfulltrúi.



netto

*Opnunaráttíð alla helgina
í Hverafold, Grafarvögi.*

Verið velkomin!



Opnunartími í Hverafold:

mán - fös: 10-19 • lau: 10-18 • sun: 12-18

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI



Krónan féll og féll

Úttekt á efnahagsmálum vikunnar.

Polir ekki græðgi

Vigdís Hrefna Pálsdóttir leikkona í viðtali

Fjölskyldan

fylgir með Fréttablaðinu á sunnudaginn

BÖRN og Íþróttir

Nauðsynlegt er að gæta jafnvægis í tómstundum barna, afþreying fyrir litlu krílin, ömmur og barnabörn

Íslendingar eru skynsamir

Vigdís Finnbogadóttir ræðir um baráttuna við krabbameinið og söfnun til styrktar Krabbameinsfélaginu.

Ég er smáskífumaður

Birgir Ísleifur í Motion Boys spjallar við Dr. Gunna.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga



MAÐUR VIKUNNAR

Gleymir ekki rótum þó klingt sé með kóngum

Þeir sem þekkja vel Þorstein Mát Baldvins-son, stjórnarformann Glitnis og forstjóra Samherja, segjast vita að hann hafi orðið að beita sjálfan sig miklum sjálfsaga til að halda ró

sinni þegar hann kom fram í Kastljósi síðastliðinn þriðjudag og greindi frá framvindu mála sem lauk á þann veg að ríkið keypti 75 prósent hlut í bankanum.

Þar sagði hann þá spurningu áleitna hvort Davíð Oddsson seðlabankastjóri væri hæfur í starfið eftir að hafa rifjað upp framgöngu hans í málinu. En hann leit einnig í eigin barm og harmaði að hafa leitað eftir liðsinni Seðlabankans: „Því miður ég get eingöngu sagt við hluthafa í dag: ég bið ykkur bara afsökunar því stærri mistök hef ég ekki gert lengi.“

Í forystu með frystitogarann

Þorsteinn Már heldur upp á 56 ára afmæli sitt næstkomandi þriðjudag, 7. október. Hann er fæddur á Akureyri, sonur hjónanna Baldvins Þorvalds Þorsteinssonar og Bjargar Finnbogadóttur. Faðir hans var skipsstjóri og hafnarvörður þar í bæ. Hann er alinn upp í sjávarútvegsumhverfi eins og einn vinur hans komst að orði og þó hann kunni einnig að klingja við kónga hafa tengsl hann við þessar söltu rætur aldrei rofnað. Til dæmis er hann ósjaldan uppi í brúnni hjá skipsstjórum Samherjaskipanna að ræða málin áður en lagt er í túrinn. Sjálfur leysir svo ságreifinn landfestar þegar skipið heldur úr höfn.

Þorsteinn er sjálfur lærður skipstjóri. Hann lærði einnig skipaverkfræði í Háskólanum í Prándheimi. Hann var ráðgjafi Skagstrendinga þegar þeir tóku fyrstir Íslendinga frystitogara í sinn flota. En saga frystitogara númer tvö er samofin sögu Samherja því Þorsteinn Már, ásamt frændum sínum og bræðrunum Kristjáni og Þorsteini Vilhelmssonum, keypti nær allt hlutfé í Samherja sem stofnaður var í Grindavík árið 1972. Guðsteini GK, skipi fyrirtækisins, hafði verið lagt í Hafnarfjarðarhöfn en því var breytt í frystitogara og gert að flaggskipi hins nýja Samherja sem flutti höfuðstöðvar sínar til Akureyrar. Þorsteinn er því brautryðjandi í sögu frystitogara hér á landi.

Saga sem kemur við kaunin

Vinir og samstarfsmenn Þorsteins lýsa honum sem skarpgefudum manni. Hann er talnaglöggur og afar fljótur að hugsa. Þar sem hann er skarpur og duglegur hefur hann tilhneigingu til að sinna mörgum hlutum á sama tíma. Sumir vilja meina að hann geti gert um of í þeim efnunum og haldi því of

mörgum boltum á lofti í stað þess að deila frekar verkefnum á fleiri hendur. Hann er strangheildarlegur og maður orða sinna. „Það stóð allt sem hann sagði,“ segir gamall samstarfsmaður. En þó er til

saga sem gengur í berhögg við þetta háttalag og kemur því nokkuð við kaunin á Þorsteini Má þegar minnst er á hana. Sú saga er frá 1996 en þá sameinaðist Hrönn hf. á Ísafirði, sem var útgerð Guðbjargar ÍS, Samherja og urðu margir Vestfirðingar hræddir um örlög skipsins við þau tímamóti. Til að taka af allan efa sagði Þorsteinn Már að „Guggan“ yrði áfram gul og gerð úr frá Ísafirði. Þetta gekk ekki eftir og hefur oft verið núð honum um nasir.

Er ekki með baksýnispegla

Þeir sem hafa farið á kappleik í félagsskap Þorsteins Má fara ekki varhluta af skaphita hans. Sérstaklega átti hann erfitt með að hemja sig ef KA var beitt misrétti eða ef menn lögðu sig ekki alla fram. Ekki fer þó

miklum sögum af honum á Hlíðarenda að fylgjast með hornamanninum knáa, syni sínum Baldvini. Sjálfur var Þorsteinn Már íþróttamaður mikill en hann stundaði skíði og í seinni tíð fer hann reyndar oft til fjalla en þó skíðalaus.

Hann er metnaðarfullur og kröfuharður, ekki síst við sjálfan sig. Hann liggur ekki á skoðunum sínum á starfsvettvangi sínum frekar en hann gerði á kappleikjunum en hann tekur mótrökum, „þannig að það þrífast aðrar skoðanir í kringum hann,“ eins og einn samherja hans segir.

Hann leggur það heldur ekki í vana sinn að erfa einhverjar sakir við menn. Einn komst svo að orði að Þorsteinn Már hefði enga baksýnispeglar og liti því aðeins fram á veginn.

En þegar baksýnispeglar berast í tal minnst menn þess einnig að hann er víst afleitur bílstjóri. Svo virðist sem hugurinn leiti svo víða að athyglin virðist ekki dvelja við aksturinn.

Samherjarnir í Samherja

Þó að Þorsteinn Már hafi þurft að biðja hluthafa Glitnis afsökunar á dögnum þótti mönnum sem Fréttablaðið talaði við framgangna hans þar með miklum sóma. Þeir hafa engar grunsemdir um að hann hafi ekki sagt alþjóð rétt frá gangi mála.

Samherji hóf sína útrás árið 1994 og uppgangur fyrirtækisins hefur verið gríðarlega mikill í íslensku viðskiptalífi en aðeins um 30 prósent af umsvifum fyrirtækisins fer fram hér á landi. Í brúnni sitja þeir bræðrasynir Þorsteinn Már og Kristján Vilhelmsson en Þorsteinn bróðir Kristjáns sagði sig úr stjórn og seldi hlut sinn árið 2000.



Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð

Næsta listmunauppboð Gallerís Foldar verður haldið 13. október

Erum að taka á móti verkum



Karl Kvaran

LISTMUNASALA

fold

Opið í Gallerí Fold á Rauðarárstíg, virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

4^{stk.}
Erika
999_{kr}

Magntilboð
á haustlaukum

Túlípanar 50 stk
Krókusar 50 stk
Páskaliljur 2 kg

999_{kr}
pr/pk

Verðsprengja í Blómavali

EGG

EGG opnar
í Blómavali
í dag 4. okt.



Rósir, 10 stk
1199



Krýsi, 5 stk
1199



Liljur, 5 stk
1199



Alpafjóra **699**



Haustkrýsi, stór
999
lítill **599**


blómavali
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind



OPNUN

KORPUTORG - NÝ VERSLUNARMÍÐSTÖÐ VIÐ VESTURLANDSVEG



VERSLANIR KORPUTORGS:



AFGREIÐSLUTÍMI
 MÁN.- FÖS. 11 - 19
 LAU. 10 - 18
 SUN. 12 - 18





GOTT FOLK

OPNUNARHÁTÍÐ UM HELGINA

Á Korputorgi geta Íslendingar loksins gert hagkvæmari stórinnskaup á einum og sama staðnum þar sem úrvalið er enn meira.

Við efnum til rísa opunarhátíðar um helgina með frábærum opunartilboðum og spennandi dagskrá innandyrna fyrir alla fjölskylduna. Töframaður, hoppukastalar og hringekja verða á svæðinu og börnin fá blöðrur. Komdu við um helgina, njóttu skemmtidagskrárinnar með fjölskyldunni, taktu þátt í opunarleik og gerðu góð kaup. Opnum kl. 8 í dag – Næg bílastæði!


LAUGARDAGUR 4. OKT.

- 11:00 Skoppa og Skríttla
- 12:00 Ingó Veðurguð
- 13:00 Gosi og Lóra
- 14:00 Skoppa og Skríttla
- 15:00 Pétur pókus
- 16:00 Gosi og Lóra
- 17:00 Sveppi og Villi

SUNNUDAGUR 5. OKT.

- 13:00 Latibær
- 14:00 Pétur pókus
- 15:30 Latibær
- 16:30 Ingó Veðurguð

AUÐVELT AÐGENGI



KORPUTORG.IS



KORPUTORG

Rísa verslunarmiðstöð við Vesturlandsveg

Bankarín og rassálfar, Jesse James, Lárus Welding o.fl.

Í dagbók **Práins Bertelssonar** er fjallað um bankarín, Jesse James, Lárus Welding og rassálfa. Einnig er fjallað um fyrstu skrefin á menntabrautinni og drungalegar kvikmyndir; og svo er borin fram afsökunarbeiðni ...



KÆRA DAGBÓK Práinn Bertelsson skrifar

LAUGARDAGUR, 27. SEPTEMBER.

Á hestbak

Keyrðum úr rigningunni í Reykjavík austur fyrir fjall og síðan sem leið lá austur í Rangárbæing ytra. Þar á hestbak. Það verður reyndar ekki mikið verk að draga undan gæðingunum þegar þeir fá frið, því að flestir eru búnir að sparka undan sér einhverjum járnnum.

Við frú Sólveig erum eftir bestu samvisku að reyna að pæla gegnum staflann af þeim myndum sem koma til greina að fá tilnefningu til Evrópuverðlauna, en á hverju hausti fæ ég sendan kassa af einhvers konar úrvalsmyndum til umsagnar verandi meðlimur í hinni fýsformenu Evrópsku kvikmyndakademíu.

Allar myndir sem við höfum séð úr þessari Evrópuverðlaunasamkeppni eiga það sameiginlegt að vera mjög þyngslalegar og fjalla um dapurlega eða ljóta atburði.

Það eimur lengi eftir því í kvikmyndalífinni að líta á húmor sem óviðeigandi dónaskap og jákvæða afstöðu til lífsins sem óbrigðult merki um heimsku eða listrænt metnaðarleysi.

SUNNUDAGUR,
28. SEPTEMBER.

Spennubrungríð andrúmsloft

Það er ekki laust við að nokkur spennu hafi legið í loftinu í kvöld. Litla Sól hefur nefnilega ákveðið að frá og með morgundeginum skuli nýtt tímabil í lífi hennar hefjast. Hún ætlar að mæta í sinn fyrsta tíma í 5 ára bekk í Landakotsskóla í fyrramálið og kveðja vini og kennara á leikskólanum Njálshöfðum með söknuði.

Við fengum fréttir af því fyrir helgi að henni stæði til boða laust pláss í bekknum, ef áhugi væri fyrir hendi, og gerum ráð fyrir að það taki nokkra daga að komast að því, að hún vilji í alvörunni færa sig upp um eitt skólastig í stað þess að halda í rólegheitum áfram á leikskólanum í vetur.

Núna áðan fórum við svo í eitt af þessum yndislegu kvöldverðarboðum hjá Margræti Björnsdóttur, upp í Bergstaðastræti. Dönskfrönsk kæfumáltíð. Við höldum upp á kreppuna með því að borða gæsalifrarkæfu í forrétt og síðan grófhakkað leverpostej danskt með beikoni og sveppum og rifsberjasultu úr garði Ástu Ragnheiðar. Beltið út um tvö göt. Þetta er alls ekki óbærileg kreppa.

Reyndar er það soldið furðulegt að sitja og borða hátiðamat og tala um kreppu. Hvað er í gangi? Ef einhverjir stuttbuxnadrengir sem hafa verið að hala inn milljónir á mánuði verða núna að fara á þrjú-hundruðþúsund kallinn er þetta ekki kreppa heldur síðbúið réttlæti. Alvörukreppa er komin þegar þú eða einhver af þínum nánasta



umgengnishópi missir vinnuna og getur ekki lengur séð fyrir sér.

Enginn veit hvort þetta er upphaf á langvarandi ástandi eða endirinn á yfirspennnu neyslufylleri. Við erum alls ekki viss í okkar sök og meðan við sitjum til borðs er spennan í því sem við segjum. Krepputali og kreppubróndurum fylgir sú hugsun, að öllu gamni hljóti að fylgja nokkur alvara og hugsanlega sé mikil alvara yfirvofandi núna.

MÁNUDAGUR, 29. SEPTEMBER.

Fyrsti skóladagurinn hjá litlu Sól

Sólveig Kristín var ákaflega ánægð með fyrstu kynni sín af Landakotsskóla. Hún mætti í morgun og var vel tekið. Hún var ákaflega uppnumin af þessari reynslu og segist vera staðráðin í að halda áfram námi í Landakoti.

Í morgungjöf fékk maður þær fréttir að Glitnir sé farinn á hausinn. Er hann sá fyrsti í röðinni eða verður þetta eina bankahrunið? Reyndar er þjóðnýtingin mýkt með því að láta ríkið koma inn með 75% eignarhlut í stað þess að yfirtaka líkið.

2 rooms for rent with balcony, down town 101 (Bankastræti), sharing Bathroom, living room and big kitchen with washing machine. Only orderliness (reglusemi) people, no smoking or partying aloud. Available now. Information 897 7922.

3 herbergja íbúð við Hagamel til leigu, uppl 899-1220 eftir kl 17

75 fm 3ja herb. íbúð til leigu í Mosó. Langtl., laus 2. nóv. s.841-1061/695-6277

Lítið 2 herb. íbúð í Hfj. hiti innifalinn. Leiga 90 þ. + 1 mán. trygging. Uppl. í s. 821 4978 & 555 4968.

Íbúð til leigu í Hábergi 111 R. 3-4 herb. S. 898 4188.

Er með 3 herb. íbúð með húsgögnum til leigu í hverfi 101. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Uppl. í s. 861 6841.

3 Bedroom Apartment for rent in Seljahverfi ready for occupancy. For more infocall 557 2262/849 7166.

Til leigu 4 herb. risibúð í 104 Rvk. 135 þ. með öllu. Uppl. í s. 895 2281.

Til leigu herbergi á svæði 104, sérinnangangur og sérsnyrting, aðgangur að þvottavél og geymslu. Uppl. í s. 895 9702 & 554 6430.

30 fm íbúð til leigu í Kóp. Sérinnang. Er húsgögn fylgja. 70.000 kr.mán. og trygging 2 mán. Mögul.á húsalbótum. Uppl.S:699 1595

Herbergi til leigu í Seljahverfi, aðgangur að sturtu, WC og neti. Upplýsingar í síma 824 3205 laus strax.

Til leigu 3 herb. íbúð á góðum stað í Salahverfi. Jarðhæð með góðum palli. Leiga 130.000,- á mánuði allt innifalið. Uppl. 693 1814 Ásdís.

Góð 3ja herb. íbúð við Sjávargrund í Garðabæ, stæði í bílag. Uppl. í s. 896 6260.

93 fm 4 herb. björt og falleg íbúð til langtímaleigu á Völlum í Hfj. Leik- og grunnskóli í göngufæri. Sér geymsla og hæð. Leiga 135 þ. Uppl. í s. 896 4591 & 897 8437.

3ja herb. snyrtileg íb. til leigu í falllegu & rólegu hv. í R. 109. Eingöngu reykl. & reglus. V. 107þ. pr mán. S. 695 1790.

Room for rent in 101
Recently renovated 13 square meter room with furniture,cooking facilities and balcony. Access to bathroom and washing machine. 45000 isk a month. Internet access, heat and electricity included. Lena tele. 659 3902.

Falleg og björt 3 herb. 84fm íbúð til leigu í 105 Rvk. 150þ. á mán. Áhugasamir hafið samband í s. 823 7098.

Til leigu einbýli með 2 íbúðum í. Ris 60 fm 3 herb. & neðri hæð 100 fm 3 herb. + 30 fm sólskáli með heitum pott og 46 fm bílskúr. Leigist saman eða í sitt-hvoru. Uppl. hustileigu@visir.is

Falleg og björt 4 herb. sérhæð í 105 rétt við Laugardalinn. Sér innng. og bílastæði. Leigð fullbúin húsg. og tækjum í a.m.k. 1 ár frá 1 nóv. sanngj. leiga fyrir góða leigjendur. S. 842 5447.

4 herb. sérhæð á Langholtsvegi. Allt sér. Verð 135.000 husaleiga.is eða s. 868 1543.

107 Rvk. Snyrtilegt herbergi til leigu, wc, sturta, eldhúsi. 50þ. á mán. Hiti/rafm. innif. S. 862 2336.

3 herb. íbúð í keflavík til leigu. Aðeins 65 þús. á mánuði. Uppl. í s. 695 3497.

Herb. í 101 miðsv. Rúmg. + aðst. V. ca. 44 þ. + trygg/ábm. Leigut. min. 8 mán. S. 867 4280.

3 herb. íbúð til leigu á sv. 108, Jöldugróf. Laus strax. Uppl. í s. 863 8892.

55fm björt íbúð í Fells múla til leigu. Laus strax S. 866 0444.

15 fm risherbergi í vesturbænum fæst leigt fyrir 25.000 kr. á mán. Aðgangur að WC en ekki sturtu. S. 822 9515 á milli 17:00-19:00.

60 þúsund
2ja herb. nýl. einstkl. íb. m. öllu + þv. V-bæ Kóp. Leigist reykl., skilv., & reglus. eins. S. 694 2369.

Tvö herbergi til leigu í hverfi 108 Rvk. fyrir rólega og reglusama námsmenn. Aðgangur að 2 baðherbergjum, eldhúsi og stofu. V. 40.000,- og 50.000.- Innifalið Rafmagn, hiti og Internet. Nánari uppl. í S. 821 3545.

Ca. 110 fm, 3-4 herbergja íbúð til leigu á Seltjarnarnesi, verð 110 þús á mán + rafm. og hiti. Leigutími 3-6 mánuðir + - . Uppl. gefur Auður í s. 696 3700

3 herb. íbúð á 4 hæð (efstu) í Hlíðarhverfi 105 Rvk. Uppl. í s. 895 9415.

Sjarmerandi og góð 2-3 herb. íbúð með húsgögnum til leigu í Skipasundi. V. 115 þ. á mán. með hússjóði og hita. Laus strax. Uppl. í s. 690 0150 & 844 4497, steinigumm@gmail.com

Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3 herb. íbúð frá 1 nóv. á 90-100þ. Uppl. í s. 841 1692 e. kl. 14.

Óskas eftir að leigja til langs tíma, 4 herb. íbúð í 203 Kóp. Helst nálægt Hörðuvallaraskóla. S. 825 6627.

Rúmlega fimmtug kona óskar eftir góðri 2ja-3ja herb. íbúð í rvk á sanngjörnu verði. S. 696 5052.

Leita að studioíbúð til leigu frá 1. nóv. Er reyklaus og reglusöm. Hanna Rósa (867-9065/hre@hi.is)

Hefur þú prófað:

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Ayurveda nudd

Vísindi lífsins

Opnunartími:
Virka daga 11.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
message@dongfang.is
www.dongfang.is

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

Óska eftir 3 herb. nýlegri eða nýlega innréttaðri íbúð miðsvæðis. 101 eða 105. Upplýsingar í s. 844 7345.

Sumarbústaðir

Getum bætt við framleiðslu okkar húsum sem afhendast voríð 2009 einnig verkefnum í viðhaldsvinnu bustadasmíðjan@bustadasmidjan.is sími 8620512

Atvinnuhúsnæði



Til sölu nýtt 104.6 fm. iðnaðarhúsnæði í Hfj., lofthæð 4 m., góð innkeyrsluhurð, verð 19.9 millj., áhv. 10.8 millj., uppitaka á bil eða öðrum eignum kemur til greina. Opið hús laugard. 4.Okt frá kl. 13:30 - 15:00 Uppl. í s. 663 4736, 663 4836.

Til leigu iðnaðar- og lagerhúsnæði í Hafnarfirði, stærðir frá 95 fm til 1000 fm. S. 822 4200 & 660 1060.

Til leigu atvinnuhúsnæði við höfnina í Hafnarfirði með stórum innkeyrsluhurð, 140 fm, ásamt 40 fm millilofti, sem er starfsmannaaðstaða og skrifstofa. Um skammtímaleigu er að ræða, 6-8 mánuðir. Samngjarn leiguverð. Uppl. í s. 820 0051

200 fm. atvinnuhúsnæði til leigu. 101 Reykjavík. S. 849 3230.

Vesturbær Herbergi búið húsgögnum með aðgang að snyrtingu, sími 899-1220

Geymsluhúsnæði

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislód) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Vetrargeymsla fyrir ferðavagna! Eigum nokkur stæði laus fyrir tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og báta í Hveragerði í vetur. Vetrargeymsla 53 ehf Kvíarhól, S.856 1848

Geymsluhúsnæði

Fyrir tjaldvagna og hjólhýsi ofl Uppl síma 770-5144

Ódýr tjaldvagna og fellihýsageymsla

Tjaldvagnar kr. 15.000, lítil fellihýsi 20.000 kr. miðlungs 25.000 stór 30.000 S. 893 3347.

Bílskúr

Er að leita að geymslu/skúr fyrir bíl með hita, helst í eða við grafarvog. En skoða allt eftir verði. 100% greiðslur. Upplýsingar í s. 862 8400.

ALLT FERÐIR
Miðvikudaga og laugardaga

Gisting

Gisting í Köben.Stúdíóíbúðir jonas@ mail.dk. www.sitecenter.dk/jonas0 Sími+4531106412

ATVINNA

Atvinna í boði

starLis
Nú er rétti tíminn til að breyta til.

Tilheggnáttíðir
Nýsköpunar- og leikfangaverkefni
Eit leiga aðstoða fyrir sjákráþjálfara. É er að vinna fyrir starfsmann Herbergi sem er sérhannað fyrir starfsmannafélagið. É hef þetta líka átt í huga fyrir sjákráþjálfara sem vilja ekki vinna sjálfstætt. É myndi yr aðstoða fyrir meðlara, sýntíðræðinga, listafræðinga eða lívverkunar starfsmann sem hefur með höndunum. Í höndun er þessi þjálfari, Kíspráttur, Bráttur, Kíspráttur, Kíspráttur, Kíspráttur. É tilheggnáttíðir og fl.

ALORKA

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA.

Við óskum eftir að ráða trausta starfsmenn á þjónustustöðvar okkar í Reykjavík og á Akureyri. Um er að ræða tímabundin störf í haust. Áhugasamir hafi samband í síma 577 3080 eða á alorka@alorka.is



Óskum eftir að ráða góða starfskrafta á svínabú nú þegar. Húsnæði á staðnum. Uppl. í s. 892 0966 eða á ggg@simnet.is

TOPP VERKTAKAR EHF.
Sími: 8609266

Pípulagningarmenn!

Óskum eftir vönum pípurum, góð verkefnastaða næstu árin. Uppl. gefur Kjartan í s. 844 5169

Fjölbreytt skrifstofustarf
Veisluhald leitar eftir að ráða þjónustulípran einstakling í fjölbreytt skrifstofustarf. Reynsla af skrifstofustörfum æskileg, ásamt góðri tölvuþekkingu. Nánari upplýsingar veitir Stefán Ingi í gegnum vefpóstinn stefan@veisluhald.is eða í síma 659 1111.

Ritfanga- og leikfanga- verslun

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Umsóknir sendist á ritfong@gmail.com

Veitingahúsið Tilveran í Hfj. óskar eftir þjóni öll virk hádegi, 2 virk kvöld og aðra hvora helgi. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 822 5229.

Sóttthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni með bílpróf 17 ára eða eldri til starfa við háþrýstjúpott og sóttthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Get bætt við mig verkefnum í parkettlög, hurðalasetningum, og innréttingum, vönduð og góð vinnu brögð. Upplýsingar í síma 896 8257 IR&S

Burstafell óskar eftir smiðum eða vönum mönnum í byggingarvinnu strax. Uppl. í síma 699-1620 eða 663-4067.

Óskum eftir vönum manni á dekkja- verkstæði. Uppl. í s. 892 0902.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnbindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Getu hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannafjónusta s. 661 7000.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, vélamenn, suðumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

34 ára maður, bakari og konditor að mennt, óskar eftir vinnu. Ýmislegt kemur til greina. S. 847 9139 & 552 3691.

SÖLUMADUR óskar eftir arðbærum verkefnum. Hefur mikla reynslu. Upplýsingar í síma 7700227 eða hagnadur@gamil.com

24 ára kk óskar eftir vinnu. Reyndur járnbindingamaður. En allt kemur til greina. S. 770 1498.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

SELT.IS
UPPLÝSINGAR OG TILKYNNINGAR

Þjóddu upp dótið þitt. selt.is Uppboðs- og auglýsingavefur.

Tilkynningar

space hárstofa
Hábaráramári 6 Sími 544 4455
Hárstofan Space býður Ástu velkomna til starfa

Einkamál

SÍMAPJÓNUSTUR

- Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
- Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
- Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
- Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
- Spjalldómur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

908 6666
Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gir. Hver verður kærastan þin í kvöld? Opið allan sólarhringinn, engin bið.

Leitar þú nýrra kynna?

Leitar þú tilbreytingar eða varanlegra kynna? Nýttu þér gjaldfrjálsa þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót strax í dag. Nú er mikil umferð og mikið hringt. Auglýsingasími kvenna: 555-4321. Auglýsingasími karla: 535-9923. www.raudatorgid.is,

Spennandi kona

vill kynnastrá karlmanni, 30+. Hún leitar mjög ákveðið að tilbreytingu. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8137.


45 ára kona

vill kynnastrá karlmanni með tilbreytingu í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8360.

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Tilkynningar

Skógræktarfélag Reykjavíkur
Jólamarkaðurinn Elliðaavatni
Peir aðilar sem áhuga hafa áhuga á að selja handverk sitt á Elliðaavatni vinsamlegast hafið samband við Aurora í s. 861 1544 eða Ástu í s. 821 2782. auroraf@simnet.is Skógræktarfélag Reykjavíkur.



Þjóðin veit hvað hún vill

Það mælist í tugum þúsunda hvað miklu fleiri lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið og 24 stundir

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnis- aðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum rifandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að nota færa sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Medalrestur á tölublað m.v. allt landið, 12-14. ára. Könnun Capacent í maí-júlí 2008.

VATNASKIL
HJÁ JÓNI ÓLAFSSYNI ATHAFNAMANNI
SJÁLFSTÆTT FÓLK – SUNNUDAG KL. 19:55

Egill Arnason hf
Arndi 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is



ÞÓRUNN
Lögg. fasteignasali
Sími 512 3400
tse@remax.is



HRAFNHILDUR
Sölufulltrúi
Sími 869 8150
hrafnhildur@remax.is



KRISTJÁN
Sölufulltrúi
Sími 699 6949
kristjan@remax.is



BENEDIKT
Sölufulltrúi
Sími 861 2743
benni@remax.is

RE/MAX
Bær
FASTEIGNASALAN Í BÆNUM



Opið hús

Víkurbraut 13
245 Sandgerði

Opið hús sunnudaginn 5. okt.
15:30-16:00

Ásett verð 13.700.000
Stærð 75 fm
Brunabótamat 11.750.000
Uppl. sími 861 2743 og 699 6949



Opið hús

Breiðhóll 9
245 Sandgerði

Opið hús sunnudaginn 5. okt.
16:00-16:30

Ásett verð 26.900.000
Stærð 180,5
Fasteignamat 17.195.000
Uppl. sími 861 2743 og 699 6949



Opið hús

Hringbraut 115
107 Reykjavík - 2ja herb.

Opið hús sunnudag 5. okt.
kl. 14:00 til 14:30

Stærð: 59,3 fm
Verð: 16,900,000
Brunabótamat: 10,800,000
Gsm 869 8150 og 512 3434



Opið hús

Reykjafold 15
112 Reykjavík

Opið hús sunnudaginn 5. okt.
17:00-17:30

Ásett verð 42.700.000
Stærð íbúðar 137,3 fm, Bílskúr 37,8 fm
Brunabótamat 24.600.000
Uppl. sími 861 2743 og 699 6949



Opið hús

Túngata 10
230 Reykjanesbæ

Opið hús sunnudaginn 5. okt.
14:30-15:00

Verð TILBOÐ
Stærð 318,2 fm
Brunabótamat 46.250.000
Uppl. sími 861 2743 og 699 6949



Opið hús

Efstaleiti 43
230 Reykjanesbæ

Opið hús sunnudaginn 5. okt.
kl. 14:00-14:30

Ásett verð 30.700.000
Stærð 156,8 fm
Brunabótamat 26.200.000
Uppl. sími 861 2743 og 699 6949



Opið hús

Sunnubraut 7 - einbýli
230 Reykjanesbæ

Opið hús sunnudaginn 5. okt.
kl. 15:30-16:00

Verð 29.800.000
Stærð 191,5 fm
Brunabótamat 23.350.000
Uppl. sími 861 2743 og 699 6949



Borgarvegur
260 Reykjanesbæ

Bókið skoðun!

Ásett verð 35.800.000
Stærð 191. fm
Brunabótamat 31.270.000
Uppl. sími 861 2743 og 699 6949

Hringdu í síma

512
50
60

ef blaðið berst ekki



VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Fasteignablaðið

Sími:

512
5469
694
4103



Ruth Bergs
ruth@365.is

Tilkynningar

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

*Örfá sæti eru laus í haustferð okkar
23. - 26. okt. næstkomandi.*

Flogið verður til Frankfurt, ekið til Trier, gíst þar í 2 nætur. Skoðunarferðir um Luxemborg, Móseldal og Rínardal, gíst síðusu nóttina í Wiesbaden.

Allar nánari upplýsingar á ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar í s. 5111515.

Nefndin

Atvinna

**LANGAR ÞIG
AÐ VINNA Í
FÆREYJUM?**

Voot starfsmannamiðlun leitar að duglegum verkamönnum, smiðum og rafvirkjum til að starfa í færeyjum. Mjög góð laun eru í boði fyrir rétta aðila.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast skrái sig á eftirfarandi netföng: oskar@voot.is eða hoskuldur@voot.is



www.voot.is

VOOT
STARFSMANNAMIÐLUN
HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR
SÍMI 420 9500
WWW.VOOT.IS



WE RECRUIT

Vantar þig Sölu Mann?

Er hörkudugleg kona með 10 ára reynslu af sölustörfum, og er að leita mér að góðu starfi við sölu mennsku. Hef fjölbreytta reynslu, bæði af almennum þjónustu- og sölustörfum, sem og stjórnunarstöðum. Er með frábæra þjónustulund, og er hvernir krónu virði!

Fyrir frekari upplýsingar hringið í Hildi í síma 868 1319 eða sendið tölvupóst á hildurko@visir.is



FJÁRFESTING

FASTEIGNASALA EHF

Sími 562 4250

Pétur P. Sigurðsson hrl.
lögilltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

Fást á yfirtöku á láni, engin útborgun.
Parhúsaloðir við Leirvogstungu í Mosfellsbæ



Parhúsaloðir við Kvíslartungu 31 og 33 í Leirvogstunguhverfi í Mosfellsbæ.

Jarðvegspúði er kominn. Arkitektateikningar samþykktar.

Bygginarleyfisgjöld eru fullgreidd. Hægt er að hefja framkvæmdir strax. Lóðimar fást á yfirtöku á áhvilandi láni, eftirstöðvar rúmar 28 millj.

Allar upplýsingar á skrifstofu Fjarfestingar eða hjá Óskari í síma 822-8750.

**ALLT
NÁM**
Alla þriðjudaga

Vantar þig starfskraft?

Karlmaður á besta aldri, hraustur, lipur og laghentur með viðskiptafræðimenntun og mikla starfsreynslu við hin ýmsu störf, leitar að starfi til skemmri eða lengri tíma. Allt kemur til greina.

Vinsamlega hafið samband við Jón í síma 897-3710.

VINSÆLU GESTAHÚSIN OG GARÐHÚSIN ERU AÐ SELJAST UPP

Því fer hver að verða síðastur að eignast hús frá okkur á gamla genginu. Næsta sending gæti hækkað um 20%.

Volundarhus.is hafa til sölu glæsileg ný gesta- og garðhús sem eru enn sterkbyggðari en áður. Nýju húsini eru bjálkahús frá 34 mm að þykkt og koma með tvöfaldri vatnslæsingu. Húsini eru tilvalin geymsla fyrir grillið og garðhúsgögnin.



34 mm bjálki - Tvöföld vatnslæsing/nótun.



Tilboð 256.000,-

45 mm bjálki

Verð: 286.000,- SVEFNKOFI 9,7m²



28 mm bjálki

Verð: 99.500,- BARNAHÚS 2,1 m²



UPPSELT

34 mm bjálki

Verð: 180.000,- GARÐHÚS 4,7 m²



34 mm bjálki

Verð: 210.000,- GARÐHÚS 6,0 m²



34 mm bjálki

Verð: 230.000,- GARÐHÚS 7,2 m²



UPPSELT

34 mm bjálki

Verð: 245.000,- GARÐHÚS 8,5 m²



34 mm bjálki

Verð: 260.000,- GARÐHÚS 9,7 m²



Tilboð 350.000,- MED VERÖND

1 hús eftir

45 mm bjálki

10m² + verönd

Verð: 448.000,- GESTAHÚS 10 m²



45 mm bjálki

Verð: 549.000,- GESTAHÚS 15 m²



45 mm bjálki

Verð: 849.000,- GESTAHÚS 21 m²



UPPSELT

70 mm bjálki

25 m² + 9 m² verönd

Verð: 1.199.000,- GESTAHÚS 25 m²



Sjö daga atburðarás



KYNNA ÞJÓBNÝTINGU Davíð Oddsson seðlabankastjóri og Lárus Welding, forstjóri Glitnis, kynna kaup ríkisins í Glitni að morgni mánudags.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Föstudagur 26. september
Forsvarsmenn Glitnis banka ganga á fund Seðlabankans og óska eftir láni gegn veðum sem bankinn hyggst leggja fram. Greina frá því að skammtímafjármögnunarleiðir hafi lokast.

Mánudagur 29. september
Boðað er til blaðamannafundar í Seðlabankanum þar sem kynnt eru kaup ríkisins á 75 prósent hlut í Glitni fyrir sem nemur 300 milljónum evra. Byr hættir samrunaviðræðum við Glitni og Stoðir (FL Group), stærsti hluthafi Glitnis, fær heimild Héraðsdóms Reykjavíkur til greiðslustöðvunar til 20. október. Stjórn félagsins sakar Seðlabankann um eignaupptöku. Matsfyrirtækið Fitch lækkar láshæfiseinkunn Glitnis og Standard & Poor's lækkaði láshæfi ríkisins. Björgólfur Thor Björgólfsson og bankastjórar Landsbankans fundu með Geir H. Haarde forsætisráðherra seint um kvöldið.

Þriðjudagur 30. september
Matsfyrirtækið Moody's lýsir yfir áhyggjum af stoðum íslensks fjármálakerfis og matsfyrirtækið Fitch lækkar einkunnir bankanna og ríkisins. Krónan fellur um rúm fimm prósent og hefur aldrei verið lægri, 196,5 stig. Viðskipti hefjast með hlutabréf Glitnis á markaði á ný. Miðað við viðskipti dagsins græddi ríkið 119 milljarða á hlut sínum í Glitni. Verðfall bréfanna frá föstudegi er yfir 70 prósent.

Miðvikudagur 1. október
Tilkynnt um kaup Straums-Burðarás á erlendri fjárfestingabankastarfsemi Landsbankans fyrir 308 milljónir evra, eða sem svarar rúmlega 55 milljörðum króna. Greiningardeild Kaupþings birtir hagspá og gagnrýnir störf Seðlabankans. Erlendir bankar hætta viðskiptum með krónuna. Fjármálaráðherra kynnr fjárlög næsta árs. Krónan aldrei veikari í lok dags, 202,7 vísitölustig.

Fimmtudagur 2. október
Fréttablaðið greinir frá því að Davíð Oddsson seðlabankastjóri hafi á fundum, meðal annars með ríkisstjórninni, víðrað hugmyndir um að koma hér saman þjóðstjórn. Seðlabankinn tilkynnir um aukið framboð á innistæðubréfum til þess að halda í krónubréfafjárfesta. Upplýst er um að hagfræðisvið Seðlabankans var ekki með í ráðum við mat á áhrifum af kaupum ríkisins í Glitni. Bankastjórn Seðlabankans heldur starfsmannafund þar sem áréttað er að unnið sé af fullum heilindum að hagstjórninni. Forsætisráðherra flytur stefnuræðu á Alþingi. Krónan féll um tvö prósent og hefur aldrei verið veikari.

Föstudagur 3. október
Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis, hvetur nú hluthafa bankans til að taka tilboði ríkisins á boðuðum hluthafafundi. Stjórnvöld eru sögð leita allra leiða til að leysa úr efnahagsþrengingunum. Vinnuhelgi fyrir dyrum og búist við útspili áður en markaðir opna á ný. Forsætis- og iðnaðarráðherra funda með lífeyrissjóðunum um mögulega þátttöku þeirra í sameiginlegum aðgerðum. Stjórnvöld boða vinnuhelgi þar sem unnið skuli á öllum vígstöðvum að efnahagsaðgerðum.



ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON



STRAUMUR KAUPIR Willam Fall, forstjóri Straums-Burðarás fjárfestingabanka, á kynningu á kaupum bankans á stórum hluta fjárfestingabankastarfsemi Landsbankans utan landsteinanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA Á midl.is
www.osk.is stendur fyrir sýningunni.

SYNGDU MEÐ

TEKJUHÆSTA MYND ALLRA TÍMA

SÉRSTÖK FJÖLSKYLDUSÝNING!

STREEP BRÖNNAN FRETHER SHARSGÁRD WALTERS COOPER SETTFRED BARANSGI

MAMMA MIA!
THE MOVIE

JÓNSI & BIRGITTA HAUKDAL HITA UPP MANNKAPINN ÁSAMT UNDIRLEIK

Á MORGUN 5. OKTÓBER KL. 15.00

HÁSHÓLA BÍÓ

Rýmingarsala á vinsælum húsgögnum

Takmarkað magn!

fánlegt í Hagkaup Smáralind og Holtagörðum

ÞÚ SPARAR 50.000 kr

Hægindasófi 840 149.000 kr
Verð áður 199.000.-

Hægindastóll 840 69.000 kr
Verð áður 89.000.-

ÞÚ SPARAR 70.000 kr

Hægindasófi 1+2+1 M8279 249.900 kr
Verð áður 319.900.-

ÞÚ SPARAR 70.000 kr

Tungusófi Roma 69.000 kr
Verð áður 139.000.-

ÞÚ SPARAR 135.000 kr

Sófasett 3+1+1 DL634 299.000 kr
Verð áður 434.000.-

Gildir til 7. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Gráir fyrir járnum í Hvalfirði

Frá því að sérsvait ríkislögreglustjóra – **víkingsveitin** – var stofnuð árið 1982 hafa nýliðar verið teknir ellefu sinnum inn. Nú um helgina lauk inntökuprófi nýliða, sannkallaðri þriggja vikna eldskírn. **Karen D. Kjartansdóttir**, blaðamaður Fréttablaðsins, fékk að kíkja á æfingu hjá nýjum sérsvaitarliðum. Þetta er í fyrsta sinn sem fjölmiðli er leyft að fylgjast með þessari eldskírn.

Myrkur er skolið á þegar blaðamaður kemur að æfingasvæði sérsvaitarinnar í Hvalfirði. Eftir að göngin voru tekin í notkun eru líkur á því að vegfarendur mæti ekki nokkrum bíl á leið sinni um endilangan fjörðinn. Við húsnæði sem eitt sinn hýsti matstofu svangra ferðalanga grillir þó í kyrrstæða bíla í kvöldhúminu. Við gamla veitingaskálan tekur Guðmundur Ómar Þráinsson á móti blaðamanni íklæddur samfestingi sérsvaitarinnar. Hann er eini meðlimur sérsvaitarinnar sem almennt er vitað hver er. Mikil leynd hefur alla tíð ríkt um sérsvaitarliða.

Gripið til vopna

„Lögreglan á að vera sterk heild,“ segir Guðmundur Ómar. Honum finnst mikilvægt að menn séu stoltir af starfi sínu og geri ekki greinarmun á því hvar þeir starfi innan lögreglunnar. Deilur, eins og þær sem borðið hefur á að undanfögnu innan lögreglunnar, skili engu en nýlega sendu sérsvaitarmenn frá sér yfirlýsingu þar sem þeir sögðu að alið væri á öfund gagnvart þeim. „Við erum allir lögreglumenn hvort sem við störfum innan sérsvaitarinnar eða ekki,“ segir hann.

Þegar ekið er upp bratta hlíð á æfingasvæði sérsvaitarinnar í Hvalfirði blasir við óvenjuleg sýn. Sjö vopnaðir menn skjóta á skotskífur, sem lýstar eru upp með kösturum. Á svip nærstaddra manna, sem standa með hríðskotabyssur til hliðar, má greina að æfingunum er hvergi nærri lokið.

Guðmundur Ómar er eini „opinberi“ sérsvaitarmaðurinn. Hann hefur starfað innan sérsvaitarinnar frá árinu 1983.

Það var árið 1982 sem fjórir fyrstu meðlimir Víkingsveitarinnar luku æfingum með norsku sérsvaitinni sem kölluð er Delta. Tilurð sérsvaitarinnar má einkum rekja til þess þegar flugræningjar lentu þotu á Keflavíkurflugvelli árið 1976. Ræningjarnir notuðu skotvopn gegn óvopnuðum íslenskum lögreglumönnum. Eftir þennan atburð þótti ljóst að lögreglan þyrfti að geta gripið til vopna.

Gráir fyrir járnum í Hvalfirði

Hvað sem áratugareynsla af glæpa og löggubáttum líður, þar sem byssur og skotárásir eru álíka hversdagsleg og kaffidrykkja, er líklegt að flestum bregði í brún við að sjá fjölda karlmanna í samfestingum og gráa fyrir járnum í hlíðum Hvalfjarðar. Blaðamaður spyr hvort hann óttist ekkert að inn í sveitina veljist aðeins ævintýramenn sem hafa gaman af óeirðum, einkennisbúningum og því að meðhöndla byssur. Byssurnar einar og sér, það er að segja byssur af þeirri gerð sem fæstir Íslendingar hafa augum litið utan hvíta tjaldsins, ættu að vera næg ástæða einar og sér til að tæla hóp slíkra manna til að sækja um hjá sérsvaitinni. Guðmundur Ómar brosir við þessa spurningu og svarar því að slíkir menn vinsist fljótlega úr í löngu og ströngu umsóknarferlinu. Hann útskýrir því næst hvaða kröfur fólk þarf að gangast undir til að fá þar starf: Til að geta sótt um í sérsvaitinni þarf fólk að hafa lokið námi í lögregluskólanum og vera með skipun í lögreglustarf. Engin önnur takmörk eru þó á umsóknum fyrir utan það að hámarksaldur umsækjenda er 35 ára. Hjá þeim sem sækjast eftir stöðu tekur svo við eins árs undirbúnings-tímabil en meðan á því stendur fer fram vandleg athugun á líkamlegu og andlegu þreki. Líkamlegar kröfur sem umsækjendur verða svo að standast til að komast á nýliðanámsskeiðið, þar sem hin eiginlega þjálfun hefst, er að geta hlaupið þrjá kílómetra á undir tólf mínútum, í beinu framhaldið af hlaupinu gert 30 armbeygjur, 60 kvíðlyftur, 30 hnébeygjur og því næst hið sig upp tíu sinnum á slá þannig að hakan fari upp yfir slána.

Innilokunarkennd, myrkur og loft-hræðsla

Þær aðferðir sem eru notaðar til að mæla andlegan styrk umsækjenda eru trúnaðarmál. Það eina sem næst upp



NÝLIÐAR FÁ ENGA HVÍLD Það er trúnaðarmál hvenær æfingar hefjast og hvenær þeim lýkur á kvöldin. Ljóst er þó að nýliðanámsskeiðin eru mikil eldraun.



Menn sem sækja um af ævintýramennsku einni saman myndu kannski komast í gegnum líkamlegu prófin en þegar fer að reyna á andlegan styrk þeirra

úr Guðmundi Ómari um þann þátt er að þær reyni til dæmis á innilokunarkennd, lofthræðslu og aðra slíka þætti. Ummerki um slíkar æfingar má sá á þrautabraut annars staðar í hlíðinni þar sem skotæfingarnar fara fram. Löng göng úr vírneti liggja strengd við jörðina, í gegn um það þurfa nýliðar að komast og má ætla að það reyni mjög á innilokunarkennd fólks, þá er löng og dimm laug hluti brautarinnar en yfir hana eru strengd bönd sem nýliðar verða að komast yfir. Í myrkrinu og gjóllunni virðist laugin enn dimmari og djúpari en hún er væntanlega í björtu og hrekkur sú spurning upp úr blaðamanni hvort hún sé ekki upphituð. Í andliti Guðmundar Ómars má sjá að honum bregður ögn við slíka spurningu en hann hristir því næst vingjarnlega kollinn og svarar: „Nei, í hana er dælt sjó.“ Þá er fjölmörg önnur töl að finna á brautinni sem blaðamaður getur ekki einu sinni ímyndað sér hvernig eru notuð.

Forðast byssuöða ævintýramenn

„Þetta undirbúningsferli á að tryggja að við fáum aðeins þá lögreglumenn sem við sækjumst eftir, það eru hófstílltir og duglegir menn. Menn sem sækja um af ævintýramennsku einni saman myndu kannski komast í gegnum líkamlegu prófin en þeir síast úr þegar fer að reyna á andlegan styrk þeirra,“ útskýrir hann.

Þá bendir Guðmundur Ómar á að sú staðreynd að í þann rúma aldarfjórðung sem sveitin hefur starfað hafi aldrei verið hleypt af skoti segi ýmsilegt um þann aga sem krafist er af mönnum. Hann útskýrir einnig að þjálfun íslenskra sérsvaitarmanna sé sambærileg þeirri sem meðlimir sérsvaita stærri þjóða hljóta og má velja þeirri staðreynd fyrir sér næst þegar hlustað er á sögur af þeim svadilföllum og þolraunum sem lagðar eru á meðlimi þeirra.

Gíslataka í strætisvagni

Við förum stundakorn inn í húsakynni veitingahússins þar sem ferðalangar gátu eitt sinn pantað sér hamborgara og steikur og aðra rétti sem

Af tilurð sérsvaitarinnar

Í bókinni Lögreglan á Íslandi, stéttartalið og saga sem út kom árið 1997 er vitnað til orða Guðmundar Guðjónssonar, yfirlögregluþjóns hjá Ríkislögreglustjóra, í tengslum við stofnun sérsvaitarinnar sem benti á að lögreglumenn hafi iðulega lagt sig í lífhættu hvort sem um var að ræða við björgunarstörf, afskipti af vopnuðu fólki eða í öðrum erfiðum aðstæðum. Smám saman hafi verið farið að líta slík tilvik alvarlegri augum

auk þess sem menn hefðu gert sér grein fyrir að veröldin væri orðin hættulegri. Einangrun Íslands væri rofin og veitti ekki lengur skjól. Við þessari stöðu var brugðist árið 1982 með stofnun fjögurra manna sérsvaitar lögreglumanna. Árið 1999 fluttist rekstur sérsvaitarinnar, til Ríkislögreglustjóra og árið 2003 lét Björn Bjarnason dómsmálaráðherra efla sveitina og er hún nú staðsett á Keflavíkurflugvelli og á Akureyri auk Reykjavíkur.

freista svangra vegfarenda og látið fara vel um sig. Þar inni er boðið upp á kaffi og kremkex frá Fróni og þótt félagsskapurinn virðist fremur einseleitur við fyrstu sýn er hann svo óvenjulegur að það kemur hvergi að sök. Það er jú ekki á hverjum degi sem hægt er að narta í kex og sötra kaffi í gulu skini rafmagsljósa frá níunda áratugnum umkringdur fjölda stæðilegra manna í einkennisbúningum. Guðmundur bendir á einhverja af mönnum og segir hve lengi þeir hafi starfað sem sérsvaitarmenn. Í nágrannalöndum okkar er sá tími sem menn starfa innan sérsvaita um fimm ár. Hér á landi virðast menn haldast mun lengur í starfi sínu. Sá langi tími sem þeir hafa gegnt þar störfum vekur upp þá spurningu hvað það sé sem haldi þeim við efnið. Við því á einn reynsluboltanna einfalt svar: „Þetta er svo skemmtilegt.“ Fyrir utan matstofuna er gamall strætisvagn. Vagninn á að nota sem hluta af æfingum nýliðanna sem taka við um hálfellefu leytið en vitanlega eru þeir ekki meðal þeirra manna sem sitja og hvíla sig í hlýju matstofunnar. Guðmundur Ómar útskýrir að á þeirri æfingu sé farið yfir þær aðferðir sem þykja æskilegar ef kæmi til gíslatöku.

Counter terrorist unit

Eins og áður hefur komið fram er ekki gefið upp hverjir með-

Skotvop sérsvaitarinnar

Heckler & Koch MP5-hríðskotabyssa
Glock 17-skammbyssa
Blazer 308 -riffill
Benelli-haglabýssa





ÞAÐ ER
ODYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

DAGVAKTIN

30% afsláttur af fyrsta mánuðinum ef áskrift er keypt á Netinu



FRINGE – frá höfundum Lost



GREY'S ANATOMY – snýr aftur



PRISON BREAK – aldrei betri!



skemmtilegri

EGG OPNAR

Í DAG OPNAR GLÆSILEG HEIM
Í BLÓMAVALI SKÚTUVOGI



ERIK BAGGER




EGO



EVA SOLO



MOLTEX



ASA



PARLANE



eb
erik bagger

AIA
SELECTION

EGO
open-minded individuals

evasolo

menu
scandinavian-design-originals

KERSTEN

Lin
DESIGN


MOLTEX

PARLANE
INTERNATIONAL

RITZENHOFF

Í SKÚTUVOGI

HEIMILIS- OG GJAFAVÖRUVERSLUN



20-40%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM UM HELGINA



SKEMMTILEG DAGSKRÁ Í DAG Í SKÚTUVOGINUM:

Djassbandið Mimosa Tribow leikur fyrir gesti

Kynningar á snyrtivörum

Smakkað á AMÉ sósíaldrykknum

Allar konur fá rós að gjöf



20-40%

AFSLÁTTUR Í ÖLLUM EGG ÚTIBÚUM

EGG UM LAND ALLT

Nú fást EGG vörur í eftirfarandi Blómavalsverslunum:

Skútuvogur
Grafarholt
Selfoss
Akureyri
Egilsstaðir
Reykjanesbær

blómaval
heillandi heimur



EGG

Þoli ekki græðgi og mannfyrirlitningu

Vigdís Hrefna Pálsdóttir leikkona fer með hlutverk lafði Macbeth í leikriti Shakespeares sem frumsýnt verður á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins á morgun. *Anna Margrét Björnsson* tók Vigdísi Hrefnu í þriðju gráðu yfirheyrslu og komst að því að lífsins vandamál halda fyrir henni vöku á nóttunni.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Vigdís Hrefna Pálsdóttir.

FÆÐINGARÁR OG HVÆÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVI ÁRI: 1977. Maria Callas og Elvis Presley dóu. Stjórnur deyja, stjórnur fæðast ...

STARFSFERILL Í HNOTSKURN: Leikkona.

Hvenær varstu hamingjusöm-ust? Í gær, baðaði dóttur mína og borðaði sushi með manninum mínum, fór svo að sýna forsýningu á Macbeth á Smíðaverkstæðinu.

Ef þú værir ekki leikkona, hvað myndirðu þá vera? Háskólanemi, það er fullt fleira sem mig langar til að læra.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér? Frakklandsfríð sem við fjölskyldan fórum í í sumar. Hverrar krónu virði.

Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig? Sem betur fer er ég fljót að gleyma, hvað þá einhverjum leiðindum.

Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar myndirðu vilja búa? Kannski í Cucuron [þorp í suðurhluta Frakklands], allavega hluta ársins.

Uppáhaldsleikskáld og af hverju? Verð að segja Shakespeare, er búin að marinerast í honum frá því í vor og hef ekki enn fengið nóg.

Draumahelgin þín í einni setningu? Eyrarbakki með Bassa og Úlfhildi, þrjúna, bækur og kannski eina rauðvín.

Uppáhalds Shakespeare-karakterinn og af hverju? Lady Macbeth, hún er svo helvíti djúsi týpa, margræð og áhugaverð.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt? Vann tvö sumur sem leiðbeinandi í Vinnuskólanum með lata unglunga. Yndislegt að vinna úti en leiðinlegt að reka fólk áfram allan daginn. Erfiður aldur.

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni? Íslensk sveit um sumar. Cucuron kemur líka sterkt inn.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag hlustarðu mest á í dag? Hlusta mest þessa dagana á fado-tónlist á netútvarpsstöðinni Lastfm.com. Mjög sniðugt fyrirbæri, þú slærð bara inn listamann eða tónlistartegund, svo spilar stöðin hitt og þetta fyrir mann. Eftirlætislagið myndi vera Back to Black með Amy Winehouse, algjörlega frábært popplag og hún er allt öðruvísi söngkona en allar aðrar í dag. Þorir að vera kona, ekki smástelpa. Mjög hressandi.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndurðu fara og af hverju? Aftur um þrjátíu, fjórutíu ár, hér í Reykjavík, bara til að sjá hvernig hún var, fólkíð og lífið.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Já, um leið og ég legg höfuðið á koddann fer ég að leysa öll lífsins vandamál. Hrikalegur ávani. Er að vinna í þessu.

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera? Ég myndi vera duglegri að læra í menntó, hangsið var svo mikil tímaeyðsla. Maður kann



HANGSIÐ VAR TÍMAEYÐSLA Vigdís Hrefna myndi vera duglegri að læra í menntó ef hún gæti breytt einhverju í fortíðinni. Þá fyrst fer maður að meta menntun þegar skóla lýkur, segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR.

ekki að meta nám fyrr en maður er hættur í skóla.

Hvenær fékkstu síðast hláturskast? Er að vinna bæði með Sveppa og Rúnari Frey, þannig að ég hlæ mikið í vinnunni. Mjög gaman.

Áttu þér einhverja leynda nautn? eBay ... need I say more?

Uppáhaldsbókin þessa stundina? Sumarljós, og svo kemur nóttin, eftir Jón Kalman Stefánsson. Myndrífur og draumkenndur still, samt eitthvað svo hreinn og beinn.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Ég dáist að vinkonu minni Eddu Heiðrúnu Backman, hvernig hún hefur tekist á við veikindi sín, haldið í lífsgleði sína og kraft.

En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki? Þoli ekki græðgina og mannfyrirlitninguna sem ein-kennir svo margt í okkar samfélagi.

Uppáhaldsorðið þitt? Mautlíngur.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna

lífsgæði þín? Stærri garður. Hvaða eitt hlutverk verður þú að leika áður en þú deyrð? Guð minn góður, það veit ég ekki.

Hver verða þín frægu hinstu orð? Hvar setti ég aftur ... ég skil ekkert í þessu, það er bara horfið.

Hvað er næst á dagskrá? Næst er Sumarljós, og svo kemur nóttin, sem er jólasýning Þjóðleikhússins.

Svo er Kardemommubærinn eftir áramót, hér kemur Sívertsen vagnstjóri!

MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

FM Belfast eiga klárlega eina bestu plötuna í jólaplötufloðinu sem hefst innan skamms.

Töff og elegant tónlistin þeirra ætti skilyrðislaust að


hljóma í eyrum allra um þessar mundir, sem á annað borð hlusta á tónlist.



Loðfeldir Pelsar eru svo 2008, hlýir og endingargóðir og alltaf hægt að gera góð kaup á þeim í „second hand“-búðum ef pyngjan leyfir ekki kaup á nýjum feld. Í vindasömum vetrarhríðum er ekki til betri klæðnaður sem að auk gerir hvaða konu sem er glæsilegri en þær sem klæðast aumum kápudulum.

Hnésokkar

Vonandi eru allir búnir að leggja legghlifunum því hnésokkar yfir sokkabuxur eru svo málið núna. Samsetningin er smart, hlý og kynþokkafull. Hvað er hægt að biðja um meira?




Slátur Þvílík söluaukning á slátri hefur ekki sést í háa herrans tíð, það eru erfiðir tímar og atvinnuþref og því ekki annað í stöðunni en að taka slátur og tryggja sér þannig hollan mat fyrir veturinn.



■ Á niðurleið

Pastellitir Gráföl andlit skollitaðra Íslendinga eru ætíð einkennileg við hlið pastellita en þó einkum og sér í lagi á veturna. Gott að þeir eru á hraðri niðurleið í tiskuheiminum, hvort sem er í fötum eða húsbúnaði.



Bubbi Morthens Kóngurinn selur ekki plötur í bílförnum eins og áður var, Megas selur betur sem hefði þótt ótrúlegt fyrir nokkrum árum. Og það þrátt fyrir góða dóma. Bubbi hefur boðað til mótmælafundar gegn efnahagsástandi í næstu viku og aldrei að vita nema hann hitti aftur í mark hjá þjóðinni eftir hann.

Raumsæjar kvikmyndir Enginn vill horfa upp á eynd og volæði í kreppunni, fólkíð vill afþreyingu og skemmtan, því meiri ævintýri og vitleysa því betra.

Bankastjórar Hlutabréf hrapa í verði og krónan gerir ekki annað en að falla, íslenskir bankar hafa verðfallið svo um munar í vikunni. Hinu séríslenska útrásargeni hefði eftir á að hyggja ekki veitt af blöndun við skynsemi sem var talað um í hæðnistóni á tímabili.





EKVADOR

Suður-amerísk menningarhátíð
í Kópavogi 4.–12. okt. 2008



DANSFLOKKURINN JACCHIGUA

EKKI MISSA AF FRÁBÆRRI FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

Dansflokkurinn Jacchigua lýsir þjóðarsál og menningu Ekvador af ótrúlegu innsæi. Blandað er saman þjóðlegri danshefð og ballett af miklu fjöri undir leik tónlistarmanna sem spila á hefðbundin Andesfjallahljóðfæri. Á sviðinu lifna við sögur, hátíðir og örlög þjóðarinnar og eru sýningar dansflokksins ævintýri líkastar. Um 30 manns eru í dansflokknum sem sækir Kópavog heim – sá yngsti aðeins fimm ára – og hljómsveitin er skipuð fimm hljóðfæraleikurum.

SÝNINGAR Í SALNUM

Miðasala á www.salurinn.is og í síma 570 0400

Laugardag	4. okt.	kl. 17	Föstudag	10. okt.	kl. 20
Sunnudag	5. okt.	kl. 17	Laugardag	11. okt.	kl. 17
Miðvikudag	8. okt.	kl. 20			

KYNNING Á HÁTÍÐINI Í VETRARGARÐINUM

Aðgangur er ókeypis
og allir eru velkomnir!

Jacchigua, Skólakór Kársness og Skólahljómsveit
Kópavogs kynna hátíðina í Vetrargarðinum í Smáralind.

Sunnudag 5. október kl. 15



Kynntu þér fjölbreytta dagskrá hátíðarinnar á www.kopavogur.is



GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

... Davíð Oddsson Frábær vika fyrir Davíð. Honum tókst að ná sér niðri á fjendum sínum eins og honum einum er lagið. Burt-séð frá því hvort þjóðnýting Glitnis var hið eina í stöðunni eða ekki þurfa menn ekki að gruflla lengi í huga sér til að finna svar við spurningunni hvort Kjartan Gunnarsson og Landsbankamenn hefðu mætt viðmóti því sem Glitnismenn þurftu að sætta sig við eða fengið aðrar eins trakteringar?



... Geir H. Haarde Stefnumaðan olli vonbrigðum. Ekkert þar sem hald er í. Talað er um sársaukafullar aðgerðir en ekkert bólar á aðgerðum sem mega heita sársaukafullar fyrir Sjálfstæðisflokk/Samfylkingu, ráðherra-lið og alþingismenn. Af hverju sýnir þingið til dæmis ekki lit með að afnema eftirlauna-ósómann?



... Agnesi Bragadóttur Vikan var nokkuð góð framan af fyrir Agnesi því þegar vikan er góð fyrir Agnesi. Henni tókst í Íslandi að koma í veg fyrir að Sigurði G. Guðjónssyni fengi útskýrt hvers vegna aðkallandi er að Davíð víki úr Seðlabankanum. En heldur féll botninn úr vikunni hjá Agnesi þegar kom á daginn að Agnes hafði misreiknað sig um 126 milljarða aðeins þegar hún var að segja af lánnum Stoda sem gjaldfalla á næstu þremur mánuðum – misreikningur sem sagt var frá í öllum fjölmiðlum nema Mogganum.



... Jóhönnu Sigurðardóttur Jóhanna er enn og aftur kosin vinsælasti ráðherrann enda aldrei ávallt hljómgrunnur fyrir því að hugað sé að öryrkjum og gamalmönnum – án þess að konur og menn viti hvaðan fé í hina opinberu sjóði komi. Sem jafn- aðarmaður hlýtur Jóhanna að gleðjast (og reyndar Steingrímur J. einnig) því hamfarirnar leiða til jöfnuðar. Þeir sem eiga ekki neitt – tapa engu. Hvað fór af auðæfum Róberts Wessman þegar Glitnir var þjóðnýttur? Fimm milljarðar.



... Baltasar Kormák Kvikmynd Óskars Jónassonar Reykjavík Rotterdam, sem Baltasar framleiðir og leikur jafnframt aðalhlutverk í, fær einróma lof gagnrýnenda. Frammistaða Baltasars frábær og það sem meira er – Baltasar segist í 24 stundum hafa selt flestar eignir fyrirtækis síns Sagnar áður en hrúði fór af stað fyrir alvöru. Alvöruverkefni handan horns og framtíðin brosir við Balta.



... Eirík Jónsson Enn falla dómur í Hæstarétti yfir blaðamönnum. Eiríkur má greiða 1,3 milljónir í allt fyrir að hafa haft eftir viðmælanda að Þóra í Atlanta væri blönk. Dómarnir tóku til þess að umbrotsmennirnir hefðu sett upp fréttina þannig að fólk vildi hugsanlega lesa hana. Það sem einkum sætir furðu nú á dögum að það skuli teljast til meiri háttar hnjóðsyrða að nefna einhvern blankan?



HORFT ÚT Í HEIM
Kolbeinn Óttarsson Proppé

Jackie Chan kemur til bjargar enn á ný

Unglingagengi eru alþjóðlegt vandamál og Austur-Tímor fer ekki varhlauda af þeim. Í uppbotunum sem urðu árið 2006 voru þau áberandi og félagar í Trygga hjartanu, Lotus bræðralaginu, Sagrada fjölskyldunni, Sjó-sjó og Djöflunum æddu um allt, oftar en ekki í eiturfyljavímu, hjuggu á báðar hendur og kveiktu í heimilum.

Á milli 10 og 25 prósent ungmenna í landinu tóku þátt í uppbotunum, þó fráleitt sé þessi fjöldi í gengjunum. Engu að síður frömdu gengin á síðasta ári 55 glæpi á viku, misalvarlega þó.

Stjórnvöld í Austur-Tímor reyna eðlilega að taka á þessum vanda. Gengi unglínga, sem finnst þeir utanveltu í samfélaginu, finna enga samleið með því og líta því á reglur þess sem sér óviðkomandi má finna um allan heim. Sérstaklega grassera gengin í fátækrahverfum, þar sem framtíðin býður ekki upp á neitt nema grams á ruslahaugum eða betli.

Sérkenni austur-tímorskra gengja er fyrst og fremst aðdáun á og kunnátta í bardagalistum. Oftar en ekki myndast þau upp úr hópum sem hafa æft saman; menn hætta að kljást til æfinga, vígvæðast og hefja alvöru slagsmál. Talið er að um 20 prósent gengjanna hafi orðið til þannig.

Bylgja ofbeldis náði hámarki í Austur-Tímor í sumar þegar 30 létu lífið í óeirðum tengdum gengjunum. Í kjölfarið gripu stjórnvöld til aðgerða.

Þær aðgerðir fólust ekki í „ekkert-umburðarlyndi“ stefnu sem víða má finna. Þess í stað ákváðu stjórnvöld að leita til þekkrar fyrirmyndar og höfðu þannig til drengjanna. Og hver er betur fallinn til þess en einmitt Jackie Chan?

Stjórnvöld og félagasamtök tóku sig saman og komu skilaboðum til gengjanna. Ef þið hegðið ykkur vel kemur Jackie Chan í heimsókn. Og viti menn; glæpum snarfækkaði og ofbeldi minnkaði. Vikulegum afbrotum fækkaði úr 55 í 35 og í ágúst skrifuðu tvö bardagalistagengi undir friðarsamning og báðust afsökunar á hlut sínum í óeirðunum árið 2006.

Stjórnvöld stóðu við orð sín og Jackie Chan ferðaðist um Austur-Tímor í þrjá daga og ungu mennirnir fengu ósk sína uppfyllta. Hann bar út boðskap friðar. „Engu skiptir úr hvaða bardagalistaskóla við komum, svo lengi sem við erum sameinuð. Æfingarnar styrkja huga ykkar og líkama. Rammir að afli með styrkan huga skulum við hjálpa fólki. Ekki meidda það,“ sagði kung-fú meistarinn.

Og svo er að sjá sem orð hans hafi haft áhrif. Það vekur óneitanlega upp spurningar um hvort ekki sé hægt að beita þessum aðferðum annars staðar? Mun Venni Páer leggja niður deilur í Fellahverfinu? Mads Mikkelsen sætta Hell's Angels og gengi innflytjenda í Danmörku? Nær Van Damme að halda Belgíu saman?

Og hver mun leiða Ísraela og Palestínúmennt að friðarborðinu? Vin Diesel, eða kannski sjálfur Wesley Snipes? Kannski þarf bara Arnold Schwarzenegger í forsetastólinn til að koma á heimsfriði.

FRÉTTAGETRAUN VIKUNNAR

1. Hvaða íslenski leikari fer með aðalhlutverk í uppfærslu Royal Shakespeare Company á Don Juan í Bretlandi?
2. Hvaða íslenska sælgætisgerð fagnar 90 ára afmæli um þessar mundir?
3. Beðið hefur verið um rannsókn á rassiu sem gerð var hjá hælisleitendum suður með sjó. Frá hverjum er sú beiðni komin?
4. Ný rannsókn sýnir að Evrópuþjóð tók þátt í helför Þjóðverja árin 1941-1944. Hvaða þjóð er það?
5. Hver hafði sigur í Formúlu 1 keppni í Singapúr um síðustu helgi?
6. Í hvaða á veiddust flestir laxar í sumar?
7. Hvaða heita varaforsætæfni Repúblikana- og Demókrataflokksins í Bandaríkjunum?
8. Leifur Garðarsson var rekinn sem þjálfari Fylkis en hefur nú samið við lið í fyrstu deild. Hvaða lið?
9. Hver er stjórnarformaður Glitnis?
10. Í hvaða menningarhúsi hófst tónleikaröðin Klassik í hádeginu á miðvikudag?
11. Davíð Oddsson lagði til þjóðstjórn í vikunni. Hve oft hefur slík stjórn setið hér?
12. Hvað er gert ráð fyrir miklum halla á ríkissjóði á næsta ári í fjárlagafrumvarpinu?
13. Hvaða hljómsveit lék frumsamda tónlist undir kvikmyndinni Sögu Borgarættarinnar í gærkvöldi?
14. Hver leikstýrir kvikmyndinni Reykjavík Rotterdam sem frumsýnd var í gær?
15. Hver sagði Davíð Oddsson beita smjörklípuaðferð með hugmyndum um þjóðstjórn?



1. Gísli Örn Garðarsson Svörtur
2. Freyja 3. Raudí Kross
Íslands 4. Finnar 5.
Fernando Alonso 6. Ytri-
Joseph Biden 8. Víking 9.
Pörsteinn Már Baldvinsson
10. Gerðuberg 11. Einn
sinn, 1939 12. 57 milljörð-
um 13. Háfallin 14. Óskar
Jónsson 15. Þorgeirur
Katrín Gunnarsdóttir

AUGNABLIK



LAUF UM HAUST Margrét Auðunsdóttir átti augnablik vikunnar en þema myndar frá lesenda þessa vikuna var haust. Þema næstu viku er bjartsýni. Myndirnar skal senda á netfangið augnablik@frettabladid.is og skal nafn höfundar fylgja og gjarnan stuttur texti.

FINNDU ORÐIN

V Ú J Þ R S Í F N E N U O O Æ
I E T B S Ó S E P T E M B E R
Þ P L O R R I B Y D Á M A N U
R B Í A H G R R G Ö Æ P S P G
I E L R Þ X E Ú N Ð R É S K A
Ð K Ú R Ö V Ö A Ó Í S P Þ X D
J L J A N Ú A R L Þ P B S R D U
U R U G A D U N Á M Þ J E U K
D B E T F S Æ Y E Æ R S B B I
A S Æ B R S R A M K E R Ó É V
G Ö Ú A M Í U P Ö M Í T T H Ð
U Ð Ó K N E Þ N B Ö S Ð K L I
R S S Ú Ö Þ V E Z Ú F G O P M
A T J U I N R Ó G A B M A Í K
U L X K Ú Ö Í Á N M H R U P N

- Janúar
- Febrúar
- Mars
- Apríl
- Máí
- Júní
- Júlí
- Ágúst
- September
- Október
- Nóvember
- Desember
- Mánudagur
- Þriðjudagur
- Miðvikudagur

Orðin geta verið á ská, upp, niður, afturbak eða áfram.

30-90% afsláttur

BÓKALAGERSALA

Ópið kl. 11-19

GARÐATORGI – GARÐABÆ

STEINHEGGIN SÍÐASTA HELGIN SÍÐASTA HELGIN SÍÐASTA



Dæmi 1

3.990 kr.
45% afsláttur



390 kr.
90% afsláttur



990 kr.
30% afsláttur



1.990 kr.
30% afsláttur



990 kr.
63% afsláttur



990 kr.
67% afsláttur



490 kr.
50% afsláttur

990 kr.
80% afsláttur



5.990 kr.
54% afsláttur



990 kr.
74% afsláttur



890 kr.
64% afsláttur



1.490 kr.
47% afsláttur



690 kr.
47% afsláttur



1.490 kr.
70% afsláttur



2.490 kr.
45% afsláttur



Dæmi 2

Samtals kosta þessar bækur á lagersölunni
8.040 kr.

Verðmæti þessara bóka er aftur á móti 19.930 kr.*
Auk þess gefum við í dag öllum sem versla fyrir meira en 8.000 kr. tvær bækur. Verðmæti þeirra er 8.970 kr. Þú sparar á þessum pakka 20.860 kr.

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

*Miðast við skráð leiðbeinandi útsöluverð

Þitt með fyrirvara um prentvillur.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Allir sem versla fyrir meira en 8.000 krónur fá að gjöf bækurnar *Veður og umhverfi*, í þýðingu Unnar Ólafsdóttur veðurfræðings, og *Ekkjuna* eftir Stephen King.

Við rýmum fyrir jólabókunum – komdu og gerðu góð kaup

Europpris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

KORPUT



15.990

BORÐSTOFUBORÐ - EIK

- Borð úr oliuborinni eik, 180x95 cm
- Stóll úr oliuborinni eik, kr 3990 pr stk



3590

FÓTSKEMILL

- 3 gerðir af mynstri
- Rauður, svartur eða hvítur



399

EFFEKT ÞVOTTAEFNI

- 2,3 kg



4990

GEYMSLUKOLLUR

- 39,5x39,5x40 cm

99

SALERNISPAPPÍR

- 8 rúllur
- Miljö-spar



1 líter af vanillu/súkkúlaði ís
frá Kjörís á **aðeins kr 99**

10 kg



1290

HUNDAMATUR - 10 KG



5990

BEKKUR M/PÚÐA

- Með 4 körfum
- 85x32x51 cm



4990

BEKKUR M/PÚÐA

- Með 2 körfum
- 42x32x51 cm



199

PIZZA GRANDIOSA

- 585 gr



4990

KANÍNUBÚR

- 100x50x41 cm


Opið frá kl. 10 til 19 um virka daga og frá kl. 10 til 18 um helgar

Ný Europris verslun opnar á Korputorgi í dag, laugardaginn 4. október kl. 8:00.
FJÖLDI TILBOÐA Í TÍLEFNI DAGSINS.

MIKIÐ
 fyrir
 LITÍÐ

100-stk sprittkerti
199

ORG



50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR UM HELGINA



1290

SAMOKUGRILL

• One



1290

BRAUÐRIST

• One



1290

STRAUJÁRN

• 1800 W



5990

KULDAGALLAR

• Flísfóðraðir
 • St 92–134. Stráka og stelpu
 • Vatnsfráhrindandi



19.990

STIGVÉL

• Tölva sýnir tíma, hraða, vegalengd, brennslu, púls, hita, BM, BMR o.fl



2990

MOKKASÍNUR

• St.: 40-45



11.990

VERANDAVERMIR

• Fyrir gas



4990
 pr. stk

12" REIÐHJÓL

• Stelpu/stráka, 2-4 ára



PRJÓNAGARN Í MIKLU ÚRVALI!

ATH! Tilboðin gilda aðeins í verslun Europris á Korputorgi

www.europris.is

ROKKARINN JANIS JOPLIN LÉST
PENNAN DAG 1970

„Gerðu aldrei lítið úr sjálf-
um þér, farðu aldrei bil
beggja eða gerðu málamíð-
anir þegar kemur að eigin
lífshamingju. Vertu alltaf
bestur við sjálfan þig. Þú ert
allt sem þú átt.“

Söngkonan Janis Joplin var
kosin ljótasti neminn í Texas-
háskóla 1963. Hún sló í gegn
með hásrí rödd sinni á Wood-
stock 1969 en fannst látin ári
síðar eftir ofneyslu heróíns.




PETTA GERÐIST 4. OKTÓBER 1883

Austurlandahraðlest í jómfrúferð

Austurlandahraðlest er sú farþega-
lest kölluð sem upphaflega tengdi
Tyrkland við Evrópu. Áætlun henn-
ar hefur margsinnis breyst en
tvær borgir tengjast henni órjúfan-
legum böndum; upphaflegu
endastöðvagnar París og Istanbúl,
en í dag kemur lestin í hvoruga
borgina.

Þótt Austurlandahraðlestin hafi í árdaga verið
látlaus og hefðbundin fór fljótlega að loða við
hana orðspor lúxuslífs og dulúðar, en lestin hefur
orðið mörgum yrkisefni og bakgrunnur skáldsagna
og kvikmyndu. Á fjórða áratug 20. aldar var lestin
á hátindi frægðar sinnar þegar þægilegir svefn-
vagnar með úrvals þjónustu um borð gerðu ferða-
lagið eftirsóknarverðara. Í Austurlandahraðlestinni
voru veitingastaðir í heimsklassa og fastagestirnir
kóngafólk, aðalsmenn, diplómatar og viðskiptaljón



innan um borgara af millistétt.
Fyrsta áætlunarferð lestarinn-
ar var frá París til Vinar en frá 4.
október 1883 fékk lestin viður-
nefnið Austurlandahraðlestin og
hélt frá París til Giurgiu í Rúmeníu,
með viðkomu í München og
Vín. Frá Giurgiu fóru farþegar með
ferju yfir ána Dóná til Rouse í

Búlgaríu og áfram í lest til Varna en þaðan var siglt
yfir til Istanbúl með ferju.

Þann 1. júní 1889 ók lestin viðstöðulaust frá
París til Istanbúl sem hélt austasta endastöð
Austurlandahraðlestarinnar til 19. maí 1977. Lest-
in ók í síðasta sinn frá París til Vinar hinn 8. júní í
fyrra.

Síðan hefur áætlun Austurlandahraðlestarinnar
verið stytta og ekur hún nú frá Strassborg til Vinar
klukkan 22.20 á degi hverjum.

MERKISATBURÐIR

- 1539 Hinrik VIII Englands-
konungur semur um að
kvenast Önnu af Cleves.
- 1824 Mexíkó verður lýðveldi.
- 1904 Neðanjarðarlestir New
York hefja áætlunarferðir.
- 1908 Þórhallur Bjarnarson vígð-
ur biskup.
- 1931 Teiknimyndasagan um
Dick Tracy kemur út.
- 1939 Kolamálið: Þjóðviljinn
sakar ráðamenn um
að draga sér eldivíð á
skömmunartímum.
- 1940 Adolf Hitler ráðgast við ít-
alska einræðisherrann
Benito Mussolini í ítölsku
Ölpunum.
- 1982 Helmut Kohl kjörinn
kanslari Þýskalands.
- 1984 Verfall BSRB hefst og
hefur viðtæk áhrif.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn og besti vinur,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og tengda-
sonur,

Evar Guðmundsson

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn
3. október 2008. Útför verður auglýst síðar.

Guðrún Eyjólfsdóttir

Sveinn Evarsson

Ragnhildur Evarsdóttir

Eiður Evarsson

Eyrún Helga Evarsdóttir

María Hermannsdóttir

og barnabörn.

Guðrún Birna Guðmundsdóttir

George Coutts

Aðalheiður Nielsdóttir



Hjartans þakkir sendum við öllum þeim er
sýndu okkur samúð og vinarbug við and-
lát og útför móður okkar, tengdamóður,
ömmu, langömmu og langlangömmu,

Arnfríðar Róbertsdóttir

dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,
áður til heimilis að Furulundi 1c.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki
Dvalarheimilisins Hlíðar fyrir hlýja og góða umönnun.

Herborg Káradóttir

Pálmi Kárason

Stefán Kárason

Steindór Kárason

og ömmubörnin.

Geir Örn Ingimarsson

Margrét Haddsdóttir

Jóna Þórðardóttir



Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir,
bróðir, afi og langafi,

Sigurjón Ingimarsson

Víkurási 2, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut, deild 11 E,
25. september, verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju
þriðjudaginn 7. október kl. 15.00.

Jónína Þóra Sigurjónsdóttir

Ingibjörg T. Sigurjónsdóttir

Katrín Sigurjónsdóttir

V. Lilly Sigurjónsdóttir

Guðjón Þór Kristjánsson

Sigurósk G. Kristjánsdóttir

systkini, barnabörn og barnabarnabörn.

Sveinn F. Sveinsson

Salmann Tamimi

Sólvi Guðbjartsson

Páll Jóhannesson

Steinninn Guðmundsdóttir

Egill Jón Kristjánsson



MÍDALDAMADUR Björn Pétursson, bæjarminjavörður Hafnarfjarðar, á nýppgerðu og stórfallegu torgi Bjarna riddara í miðbæ Hafnarfjarðar, en þar og í Pakkhúsinu við Vesturgötu verður haldin spennandi og vegleg Hansahátíð í dag, þar sem andi miðalda ríkir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

MÍDALDIR ENDURVAKTAR Í HAFNARFIRÐI: HANSAHÁTÍÐ Í GAMLA BÆNUM Í DAG

Þýskt-enskt stríð um skreið

„Frá árinu 1470 fram að einokun 1602
var Hafnarfjörður þýskur Hansabær
og því viljum við fagna í dag. Áður
voru hér fyrir enskir útgerðarmenn
og kaupmenn, sem lentu í átökum við
Þjóðverja sem ásældust mjög íslenska
skreið. Stríði um íslenskar hafnir lauk
á þann veg að Hansakaupmenn hröktu
Englendinga á brott og settust hér
að í ein 130 ár,“ segir Björn Pétur-
sson bæjarminjavörður Hafnarfjarð-
ar, en í dag klukkan 13 verður blásið í
lúðra á nýppgerðu torgi Bjarna ridd-
ara vegna Hansahátíðar sem stendur
til klukkan 17.

„Svo var það fyrir nokkrum árum
að stofnuð voru Hin nýju Hansasam-
tök en að þeim standa 180 evrópskar
borgir sem áður voru undir stjórn
Hansakaupmanna. Borgirnar eru
flestar í norðan- og austanverðri Evr-
ópu og er Hafnarfjörður eini íslenski
bærinn í samtökunum,“ segir Björn.

Árlega koma borgirnar saman á al-
þjóðlegri Hansahátíð þar sem þær

kynna sig og sína menningu, en í
sumar var Hansahátíð haldin í þýsku
borginni Lippstadt. Einnig er hald-
in árviss hátíð í hverri borg, þar sem
miðaldamenningu er gert hátt undir
höfði.

„Við leggjum mikið í Hansahátíðina
og blöndum saman fjölbreyttum fróð-
leik og skemmtun. Á hátíðinni mun
Hrólfur Sæmundsson barítónsöngv-
ari og söngflokkurinn Voces Thules
flytja tónlist og kveðskap úr íslensk-
um menningararfi frá Sturlungaöld
til hinna myrku miðalda og fræðim-
enn munu halda fyrirlestra og kyn-
ningar á matargerð, ölgerð og vopna-
burði miðalda,“ segir Björn þar sem
hann gæðir sér á skyri með grænkáli,
en matreiðslumeistarar Gamla Vín-
hússins bjóða gestum og gangandi að
smakka á forvitnilegum og afar góm-
sætum miðaldaréttum í dag.

„Hér verður ölgerðarmeistari frá
Agli Skallagrímssyni með kynningu
á miðaldamiði Hansakaupmanna og í

allan dag verður skemmtilegur götu-
listahópur á svæðinu með eldgleypi í
fararbroddi. Birgir Loftson sagnfræð-
ingur verður með fyrirlestur um átök
Englendinga og Hansamanna um Ís-
landshafnir og Skjöldingadeild FH
sýnir vopnafimi. Síðast en ekki síst
njótum við tóna Lúðrasveitar Tónlist-
arskólans og barnakórs leikskólans
Smáralundar, og einnig verður hægt
að skoða og versla handverk frá hand-
verksfólki Rimmugýs sem hér verður
að störfum í list sinni,“ segir Björn
sem hlakkar til að upplifa miðalda-
menningu Hansamanna.

„Hansakaupmenn voru stórhuga og
reistu meðal annars fyrstu lúthersku
kirkjuna á Íslandi í Hafnarfirði, þar
sem suðurhöfnin stendur í dag, en
þar stendur nú stór steinbogi til minn-
ingar um kirkjuna. Það er því vel við
hæfi að minnst líðinna alda í gleði
og söng, og færa gamla Hansabæinn
í framandi búning miðalda.“

thordis@frettabladid.is

AFMÆLI



**ÓLÖF RÚN
SKÚLA-
DÓTTIR**
fjölmíðla-
kona
er 47 ára.



**JÓHANNA
SIGURÐAR-
DÓTTIR**
félagsmála-
ráðherra
er 66 ára.

**ÞORGERÐ-
UR KATRÍN-
GUNNARS-
DÓTTIR**
mennta-
málaráð-
herra
er 43 ára.



**KJARTAN
GUNNARS-
SON** fyrrum
fram-
kvæmda-
stjóri
Sjálfstæðis-
flokksins
er 57 ára.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma
og langamma,

Kristín Jónsdóttir Swan

Lindasíðu 4, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 28. september. Útför
hennar mun fara fram í kyrrþey.

Guðmundur Þorberg Jósefsson

Swan Teri Swan

Jón David Swan

Katrín Jónína Swan

Kelli Ann Shoulders

Xanath Spengler

Kæja Rós Swan

og langömmubörn.

Legsteinar

í miklu úrvali



Steinsmiðja

• Viðarhöfða 1

• 110 Reykjavík

• ☎ 566 7878

• Netfang: rein@rein.is

Tilkynningar um merkisatburði má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

OPNUM

NYJA VERSLUN

ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ • OPIÐ ALLA HELGINA

FYRSTA GREIÐSLA
1. JANÚAR
2009
RADGREIÐSLUR TIL
ALLT AÐ 48 MÁN

OPIÐ
ALLA
HELGINA

ÍS
FYRIR ALLA
LJÚFENGUR EMMESS ÍS Í
BOÐI ALLA HELGINA MEÐAN
BIRGÐIR ENDAST

50%
AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
AF YFIR 1000
TÖLVUVÖRUM

FRÍTT
HEIM AÐ
DYRUM*
HVERT Á LAND
SEM ER

* Þar sem Pósturinn býður upp á þá
þjónustu annars á næsta pósthús

Tilboð gilda dagana 3-5 október eða meðan birgðir endast • Öll verð eru áfáttaðarverð birt með fyrirvara um villur.

OPIÐ ALLA HELGINA
LAUGARDAG
10:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00



TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



Karma

í kvöld

Tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Kommóður

á tilboði



kr. 21.800



kr. 14.900



kr. 10.900



kr. 15.900

Hirzlan

Smíðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is



Þjóðleikhúsið

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Ástin er diskó, lífið er pönk

Hallgrímur Helgason

Ekki missa af eldfjörugum söngleik
lau 4/10 örfá sæti laus

Klókur ertu, Einar Áskell

Bernd Ogradnik

Heillandi og krúttleg brúðsýning fyrir yngstu börnin
sun. 5/10 þrjár sýningar, örfá sæti laus

Skilaboðaskjóðan

Porvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson

Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna!
sun. 5/10 kl. 13 örfá sæti laus



Engisprettur

Biljana Srbijanovic

Heillandi leikhúsvésla
Aðeins þrjár sýningar eftir
sun. 5/10 örfá sæti laus

Macbeth

William Shakespeare

Blóð vill blóð...
frumsýn. sun 5/10 uppselt

Hart í bak

Jökull Jakobsson

Frumskýning 17. október
Örfá sæti laus á fyrstu
fimm sýningarnar
Tryggðu þér sæti!

www.leikhusid.is



Frystikistan er komin í samband

NOKKUR ORÐ
Ragnheiður
Tryggvadóttir

Það fer ekki hjá því að óryggstilfinning geri vart við sig í hjartanu nú þegar krepputalið stendur sem hæst. Ráðlausir rausa ráðamenn þjóðarinnar um samstöðu og að íslenska þjóðin sé ekki þekkt fyrir að láta deigan síga á ögurstund. Nú skuli þjappa sér saman og róa gegnum brimið með samstilltu átaki. Enginn veit samt hvað felst í þessu átaki svo bjargi sér hver sem getur. Eldsneytið gæti klárast í landinu og verslanir mæla með því að fólk birgi sig upp af mat. Ég hringdi í þvottadregningu til að heyra í honum hljóði og hitti á hann þar sem hann geystist með innkaupakörfuna í Bónus. Í hana hlóð hann niðursuðuvörum sem ættu að endast okkur gegum margar kreppur og hamstraði eins og hann ætti lífið að leysa. Drengurinn hefur alltaf haft nef fyrir tilboðum í stórmörkuðum og undirbýr kreppuna eins og kjarnorkuvetur sé í vændum. Í morgun

dreif hann sig niður í kjallara og skellti frystikistunni í samband en hún hafði staðið ónotuð og rýkfallin meðan við gleymdum okkur í góðærinu. Kistuna á nú að fylla af slátri, frampörtum og bógum og heimabök-uðu brauði svo eitthvað sé nefnt. Stoppað verður í sokka, afgangar frystir og tekið fyrir kaffihúsaferðir og innkaup á köflöttum skyrtum. Þetta hafa svo sem hagsýnar húsmæður gert árum saman án þess að til þess sé tekið. Það væri kannski nær að þær tækju að sér að sigla þjóðarskútunni út úr öldurótinu. Við þvottadregningurinn erum allavega tilbúin í slaginn, vel birg af kreppukræsingum og munum sigla gegnum brimið á frystikistunni.

„Drengurinn hefur alltaf haft nef fyrir tilboðum í stórmörkuðum og undirbýr kreppuna eins og kjarnorkuvetur sé í vændum.“

myndasögur

■ Pondus


Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

© KFS/Distr. BULLS

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HVAD? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 4. október 2008

→ Tónleikar

18.00 Pönkhljómveitin Die Young spilar á Kaffi hljómalind, Laugavegi 23. Einnig koma fram Gavin Portland, Tentacles of Doom og Swords of Chaos.

22.00 Færeyska folk-metal hljómveitin Týr spilar á NASA við Austurvöll ásamt Severed Crotch, Mammút, Dark Harvest og Perlu. Húsið opnar kl. 21.00.

→ Opnanir

14.00 Hvaðan koma þær – hvert eru þær að fara **Guðmunda Kristinsdóttir** opnar sýningu í Reykjavík Art Gallery, Skúlagötu 30. Sýningin stendur til 18. okt.

→ Umræður

13.00 UNIFEM-UMRÆÐUR **Hrund Gunnsteinsdóttir** og **Auður H. Ingólfssdóttir** fjalla um störf sín við fríðaruppbyggingu hjá UNIFEM á Balkanskaga. Miðstöð Sameinuðu þjóðanna, Laugavegi 42.

→ Sýningar

Suður-amerísk menningarhátíð í Kópavogi Sýning tileinkuð náttúru Galapagos-eyja og menningu frumbyggja á meginlandi Ekvador er í anddyri Safnahúss, Kópavogs. Opið mán.-fim. kl. 10.00-12.00, fös. 11.00-17.00 og um helgar 13.00-17.00.

→ Opið Hús

Opið hús verður á **Korpúlfsstöðum** frá kl. 13.00-17.00 og munu myndlistarmenn og hönnuðir taka á móti gestum.

→ Dansleikur

Kvennakvöld Milljónamæringarnir leika fyrir dansi á Players, Bæjarlind 4, Kópavogi Frítt inn fyrir konur.

→ Viðburður

17.00 Suður-amerísk menningarhátíð í Kópavogi Dansflokkurinn Jacchigua frá Ekvador sýnir dans í Salnum, Hamraborg 6, Kópavogi.

HVAD? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 5. október 2008

→ Kvikmyndir

15.00 Boris Pasternak MÍR sýnir kvikmynd byggða á skáldsögunni Sívagó læknir (Doktor Zhivago), á Hverfisgötu 105. Ljósmyndasýning um Pasternak hefur verið sett upp í MÍR-salnum. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

→ Tónleikar

18.00 Færeyska folk-metal hljómveitin **Týr** spilar í Hellinum, TPM, Hólmastóð 2. Einnig koma fram Gone Postal, Hostile, Trassar og Palmprint in Blood.

→ Listamannspjall

15.00 Samsíða heimar Ingibjörg Jónsdóttir verður með listamannspjall um sýningu sína í Hafnarhúsinu.

→ Viðburður

15.00 Suður-amerísk menningarhátíð í Kópavogi Kynning á hátíðinni verður í Vetrargarðinum í Smáralind.

17.00 Suður-amerísk menningarhátíð í Kópavogi Dansflokkurinn Jacchigua frá Ekvador sýnir dans í Salnum, Hamraborg 6, Kópavogi.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Skynjun í efni og óefni

Hið firnaðfluga Listasafn ASÍ lætur enn til skarar skríða nú um helgina og stendur fyrir opnun á sýningunni Myrkurlampi í dag kl. 15, en á henni má sjá verk eftir Harald Jónsson.

Sýningin er unnin sérstaklega út og inn frá sjálfri byggingu listasafnsins og vísar til mismunandi og margbrottinna skynsviða sýningargesta. Verkin eru unnin í ýmis efni og óefni, ef svo mætti að orði komast; hljóðverk, keramikhlutir og ljósmyndir eru á meðal þess sem fyrir skynfærin ber á sýningunni. Í texta á heimasíðu safnsins segir um sýninguna að hún sé bæði hugarástand og framlenging af líkamanum og að verkin á henni tengist innbyrðis og myndi skynfærleg bil á milli herbergja og hæða safnsins.

Listamaðurinn tengist húsi Listasafnsins sem og Skólavörðuhæðinni, þar sem safnið er staðsett, órofa böndum enda sleit hann þar

barnsskónum þegar hann sótti sína fyrstu myndlistartíma á þessum stað.

Í tilefni af sýningunni kemur út sýningarskrá, en í henni verður meðal annars að finna textann Skynheima eftir Sigríði Þorgeirsdóttur heimspeking.

Boðið verður upp á listamannspjall í safninu á morgun kl. 15, en þá mun Haraldur fjalla um verk sín fyrir áhugasama safngesti.

Vert er að vekja athygli myndlistaráhugafélks á nýjum vef safnsins, www listasafnasi.is. Á honum má finna greinagóðar upplýsingar um safnið, sögu þess og viðburði sem og upplýsingar um sýningar í fortíð, nútíð og framtíð. Listasafn ASÍ er til húsa á Freyjugötu 41.

HARALDUR JÓNSSON MYNDLISTARMAÐUR Opnar sýninguna Myrkurlampi í Listasafni ASÍ í dag.



RÝMINGARSALA Í BOHEMIA

Á GENGI SÍÐASTA ÁRS

Nú rýmum við til fyrir nýjum vörum tryggðu þér afar hagstæð verð!

Húsgögn.....amk. 30% afsláttur

Verðdæmi: borðstofuborð 200x100cm eik/hnota og 6 stólar...**verð 99.000,-**
(verð áður 146.400,-)

Garðhúsgögn viðhaldsfrí50% afsláttur

Verðdæmi: borð 80x80 og tveir stólar.....**verð 23.900,-**
(verð áður 47.800,-)

Stólar og sófar.....20-50% afsláttur

Verðdæmi: hægindastóll - leður.....**verð 39.000,-**
(verð áður 89.000,-)

Vínkælar, nuddpottar og uppvottavélar.....20-50% afsláttur

Bjóðum staðgreiðslulán í allt að 36 mánuði - fyrsti gjalddagi í janúar 2009



Bohemia - Akralind 4 - sími: 5442290 - www.bohemia.is - bohemia@bohemia.is
Afgreiðslutími virka daga 10-18 laugardaga 11-16 og sunnudaga 13-16

10%

vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is

spron
- bankinn þinn





BAROCCA sófi
Áður 145.000
Nú 116.000

GEORGE hægindastóll
Áður 38.000
Nú 26.600

Gerum hús að heimili
Kynntu þér afmælistilboðin á www.tekk.is

ÞRIÐ LAUGARDAGA 10-17 OG SUNNUDAGA 13-17

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS



HARLEM bókahilla
Áður 48.000
Nú **38.400**

SIA kertastjaki
Áður 3.200
Nú **2.600**

PROFILE borð
og 6 ANGELICA stólar
Áður 251.000
Nú **100.000**

Gerðu þér glaðan dag og komdu í afmælisveislu í Tekk-Company
Afmælisveitingar, hlýlegt andrúmsloft og fjöldi afmælistilboða

TEKK
COMPANY

> E-LABEL & EMM

Íslenska tískumerkið E-LABEL og förðunarskólinn EMM hafa sameinað krafta sína og opnað verslun á Laugavegi 33. Ekki missa af þessari upplifun.

stíll

utlit@frettabladid.is



...Tvílitá skvísuskó sem eru bæði fallegir við buxur og pils. Þeir fást í Kultur.



...Æðislegt svart lakk-veski með gylltum lás frá Dolce & Gabbana. Fáest hjá Sævari Karli.

OKKUR LANGAR Í

...

...„Serumið“ frá Estée Lauder sem Elizabeth Hurley auglýsir grímt þessa dagana. Það hlýtur að virka.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Marta María Jónasdóttir

Peningar kaupa ekki stíl

Veturinn skall á án fyrirvara og var lítið af kvenpeningnum undir þetta búinn. Konurnar voru heldur ekki undir það búnað að hér myndi hrikta svo mikið í stöðum efnahagslífsins að þær gætu kannski ekki keypt sér ný fót eða breytt algerlega um stíl þegar haustið gekk í garð. Neyðin kennir naktri konu að spinna og þegar þrengir að þurfa mestu skvísurnar að hugsa heildarmyndina upp á nýtt. Alveg burtséð frá því að peningar hafi aldrei keypt stíl.

Þegar ég var unglingur komst ég að því að með því að sauma flest mín fót sjálf gat ég nánast verið í nýjum kjól um hverja helgi án þess að því fylgdi einhver fórnarkostnaður. Á sama tíma þefaði ég uppi útsölumarkað sem seldi frábært efni á slíkk. Efnid var kannski ekki það albesta og til að mynda þurfti ég að bera mýkingarefni á rönguna svo það límdist ekki allt við kroppinn – en gerði algerlega sitt gagn.

Í gegnum tíðina hefur hópur af best klæddu konum landsins dressað sig upp í verslunum Hjalpræðishersins og Rauða krossins. Það þarf vissulega þolinmæði og þann eiginleika að hugsa út fyrir rammann þegar þessar verslanir eru heimsóttar. Það er heldur ekki verra að viðkomandi hafi kveikt á skvísuradarnum og viðkomandi þarf einnig að hafa vott af spádómsgáfu til að geta greint tískuslysins frá gersemunum.


Síðustu ár var ég farin að gera ansi vel við mig þegar kom að fatakaupum. Valdi bara það besta þótt það kostaði kannski örlítið meira. Í dag ganga þessi fót undir nafninu „góðærisfötin“ og þeim er nú tjaldað óspart. Það er nefnilega þannig að ef kona er í fallegum skóm, í grand yfirhöfn og með fallegt veski þá er hún eiginlega skotheild. Hreinræktaðar flíspeysutýpur geta þó glaðst núna því þær þurfa ekki að hafa neinar áhyggjur. Bara í gallann, flíspeysuna og gallabuxurnar og málið er dautt...



LJÓÐAR GALLABUXUR
Rífnar buxur við hvítan bol og „eighties“-jakka.



HVÍTT Sumarlegt og rokkað dress frá Balmain.



LIVE BRILLIANTLY DEMI MOORE
fyrir Helena Rubinstein

HR
HELENA RUBINSTEIN

FANGAÐU ATHYGLINA



NÝTT
GLORIOUS
MASKARI

ÞÉTT OG FALLEGA SVEIGÐ
AUGNHÁR ALLAN DAGINN

www.helenarubinstein.com

HELENA RUBINSTEIN DAGAR Í DEBENHAMS 2. - 5. OKTÓBER

Allir maskarar eru nú í gull- eða silfurlitri tösku ásamt augnhreinsifarða 50ml. Glæsilegar snyrtitöskur fylgja öllum kremum sem vinna gegn öldrun húðarinnar. 20% afsláttur er af Life Pearl Cellular kremunum, sem byggja upp og næra þroskaða húð. Lítið við og fáid hugmynd að fallegri förðun og ráðleggingar um umhirðu húðarinnar. Glæsilegur kaupauki (sjá mynd) fylgir þegar keyptar eru vörur frá HR fyrir 6.800 kr. eða meira.*

*Gildir á meðan birgðir endast. Fleiri gerðir kaupauka í boði.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

DECARNIN SLÆR Í GEGN:

Rokkstelpur hjá Balmain

Á nýyfirastaðinni tískuviku í Parísarborg sló hönnuðurinn Christophe Decarnin rækilega í gegn með línu sinni fyrir franska tískuhúsið Balmain. Hann vakti mikla athygli síðastliðið vor með rokkuðum og kynþokkafullum vetrarfötum en bætti um betur fyrir vor og sumar 2008 með línu sem kvenpeningurinn féll í stafi yfir. Fyrirsæturnar gengu niður pallana eftir gömlum Madonnu-lögum í fatnaði sem minnti á rokkstjörnur níunda áratugarins, glamúr og kynþokki í fyrir-rúmi. Decarnin bauð upp á þröng mínípils og kjóla, þröngar buxur við rokkalega jakka og allt saman skreytt með semeljusteinum, keðjum og göddum. Einhvern veginn ímyndar maður sér að Kate Moss muni ekki ganga í öðru næsta árið. - amb



VEL SNIÐINN
Þessi jakki er hvernar krónu virði.



GLITRANDI
Stuttur kjóll með einum hlýra frá Balmain.

Opnum á Korputorgi í dag klukkan átta! um morguninn



GLERVASI OG 7 ÍSLENSKAR RÓSIR
á meðan birgðir endast
á aðeins **790,-**



PÚÐI 563307
rétt verð 3490,-
opnunartilboð
1.490,-



KERTI 30%
afsláttur



MING SKÁPUR
rétt verð 29.900,-
opnunartilboð **9.900,-**



MOSAIC BRIGHT
509763
opnunartilboð **25%**
afsláttur



OXFORD SVEFNSÓFI
með mjúku pluss áklæði, 2 litir
rétt verð 39.900,-
opnunartilboð **19.900,-**



PAPASAN, stóll og pulla
12.900,-



LUAN SKÁPUR 506786
rétt verð 29.900,-
opnunartilboð **12.900,-**



CANTON BLAÐAKARFA
1923930
rétt verð 1990,-
opnunartilboð
1.490,-

MANDARIN KOMMÓÐA
Með 6 skúffum, 506366
rétt verð 29.900,-
opnunartilboð
14.900,-



LAUFKRANS
kertastjaki
2061764
rétt verð 5990,-
opnunartilboð
3.990,-

the
PIER Ótrúleg
opnunartilboð!
tilboðin gilda í báðum verslunum Pier

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 // Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

Aldrei fór ég austur

Asa er fyrrum sjóliði sem býr á hinni réttnefndu Hunger steppu í Kasakstan. Hann dreymir um að gifta sig, og á steppunni er aðeins ein gjafvaxta stúlka. Vandamálið er hins vegar það að stúlkunni finnst hann með of stór eyru. Tilraunir hans til að ganga í augun á stúlkunni, sem annars sést sjaldnast, eru fyndnar. Hann sýnir henni mynd af Díönu og Karli, „prinsi frá Amríku“, til að reyna að telja henni trú um að það sé í lagi að vera með stór eyru.

Myndin er þannig ágætis hliðstæða við aðra hátíðarmynd, heimildarmyndina „Um vatn: fólk og gular dósir“, sem sýnir skip sem hafa orðið innlyksa á þurru landi í Kasakstan eftir að vötnin þurrkuðust upp. Það er einnig gaman að fá

mynd frá fjarlægum landi sem að við vitum annars lítið um. Kannski er lífið þrátt fyrir allt ekki svo mikið öðruvísi þar en hér, fólk dreymir um að eignast sauðahjörð og gervihnattadisk, héraðslæknirinn keyrir um með kameldýr á mótórhjólí og skoðar veikar kindur. Í staðinn fyrir að vilja flytja til Reykjavíkur eða útlanda vilja menn flytja á eyjuna Sakhalín og jafnvel til Ameríku. En samt eru alltaf einhver bönd sem halda mönnum föstum í heimabænum, jafnvel þó að það séu aðeins draumár sem geta aldrei ræst. Sagan sem myndin segir er áhugaverð, en á 100 mínútum hefði maður viljað fá aðeins meiri söguþráð og aðeins færri sauðkindur. Það er líka ágætt að leyfa Kasökum einu sinni að tala



KVIKMYNDIR

Tulpan

Leikstjóri: Sergey Dvortsevov. Sýnd á RIFF í Regnbogunum í dag kl. 17.30 og á morgun kl. 15.30.

★★★

Skemmtileg mynd frá fjarlægum landi.

sínu máli sjálfir og hvíla Borat um stund. Valur Gunnarsson

NÝTT Í BÍÓ!

PEYKJAVÍK ROTTERDAM
KVIKMYNDIR
14 LÚXUS
20% afsláttur af miðaverði sé greitt með greiðslukorti Vildarklubbs Giltis.

BURN AFTER READING
GÁFUR ERU ÖFMETNARI!
16

LUKKU LÁKI
S.V.M.B.L.
16

REYKJAVÍK ROTTERDAM
14

BURN AFTER READING
16

PINEAPPLE EXPRESS D
16

MIRRORES
16

STEP BROTHERS
12

MAMMA MIA!
L

GRÍSIRNIR 3
L

LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR
L

SMÁRABÍÓ Sími 564 0000 **TILBOÐSVERÐ**

REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 1.30-3.40-5.50-8-10-10	14
REYKJAVÍK-ROTTERDAM LÚXUS	kl. 1.30-3.40-5.50-8-10-10	14
BURN AFTER READING	kl. 5.45-8-10-15	16
PINEAPPLE EXPRESS D	kl. 5.30-8-10-30	16
MIRRORES	kl. 10-30	16
STEP BROTHERS	kl. 5.45-8	12
MAMMA MIA	kl. 1-3-15	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 1-3	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 1-3	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANNA **mid.is**

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919 **TILBOÐSVERÐ**

REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 3.30-6-8-20-10-30	14
BURN AFTER READING	kl. 5.45-8-10-15	16
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 5.30-8-10-30	16
SVETABRÚDKAUP	kl. 5.45-8-10-15	L
MAMMA MIA	kl. 3-5.30-8-10-30	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 3.30	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 3.30	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANNA **mid.is**

BORGARBÍÓ Sími 462 3500 **TILBOÐSVERÐ**

REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 6-8-10	14
BURN AFTER READING	kl. 8	16
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 10	16
MAMMA MIA	kl. 5.50	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 4	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 4	L

FÁRÐ 5% ENDURGREIÐT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANNA MEÐ KREDITKORTI **AUKAKRÖNUR**

Taílensk drottning á Íslandi

Macbeth er frumsýndur í Þjóðleikhúsinu á morgun. Pattra Sriyanonde fer með eitt hlutverkanna í sýningunni.

„Stefán Hallur Stefánsson leikari og annar leikstjóri sýningarinnar hringdi í mig eftir að ég lék í Vodafone-auglýsingunum og bauð mér lítið hlutverk,“ segir Pattra Sriyanonde sem leikur í sýningunni Macbeth sem verður frumsýnd á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins á morgun.

„Ég leik drottninguna og segi nokkrar línur á taílesku. Ég er svo drepin tiltölulega snemma í sýningunni en ég er samt inni í verkinu allan tímann því leikararnir fara ekki af sviðinu. Ég hef aðeins verið fyrir framan myndavélar en þetta er frumraun mín á sviði. Það er búið að vera rosalega gaman að vinna með fólki sem kann á þetta,“ segir Pattra sem lék í myndunum Stóra planinu og Strákunum okkar auk þess sem hún hefur leikið í auglýsingum fyrir Sony í Asíu, Skyr og nú síðast í „Skítt með kerfið“ auglýsingum Vodafone. Pattra lauk nýverið við tölur sjónvarpsmyndarinnar The Circle Drawer undir leikstjórn Ólafs Jóhannessonar sem verður sýnd á næsta ári. „Ég og Ragnhildur Steinunn Jóns-



VILL LEGGJA LEIKLISTINA FYRIR SIG Pattra hefur verið í sambandi við Arnar Gunnlaugsson fótboltakappa um nokkurt skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

dóttir erum englar og leikum kærustupar en myndin er rosalega listræn og flott tekin,“ útskýrir Pattra sem er 21 árs og stefnir á að leggja leiklistina fyrir sig.

„Mig langar að fara í leiklistarskóla erlendis á næsta ári, annaðhvort til Glasgow eða New York. Arnar Gunnlaugsson, kærastinn

minn, er í fjárfestingafélagi sem er að byggja hótél í Glasgow svo við höfum verið mikið þar og finnst borgin frábær. Ég ætlaði að sækja um inngöngu í leiklistarskóla í sumar en þá kom Macbeth-verkefnið upp og ég vildi ekki sleppa þessu frábæra tækifæri,“ segir Pattra. **alma@frettabladid.is**

Nýtt í bíó LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

HÖRKU HASAR
BABYLON A.D.
ATH! 650 KR.

PEYKJAVÍK ROTTERDAM
KVIKMYNDIR
14

LUKKU LÁKI
S.V.M.B.L.
16

MAMMA MIA!
L

GRÍSIRNIR 3
L

LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR
L

SÝNINGARTÍMAR

REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 6, 8 og 10	12
BABYLON A.D.	kl. 8 og 10	16
LUKKU LÁKI - Ísl. Tali	kl. 2(500), 4 og 6 (650 kr.)	L
JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 2(800) og 4	L
MAMMA MIA	kl. 1.50(500), 4, 6, 8 og 10	L

SAMBÍÓINN

ÁLFABAKKA

PATHOLOGY	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
WILD CHILD	kl. 1:30 - 3:40 - 8 - 10:10	VIP
GEIMAPARNIR mv/isl. tali	kl. 2 - 4 - 6:10	L
CHARLIE BARTLETT	kl. 8 - 10:10	12
JOURNEY 3D DIGITAL 3D	kl. 5:50	L
DEATH RACE	kl. 10:10	16
TROPIC THUNDER	kl. 8 - 10:20	16
SVETABRÚDKAUP	kl. 3:40 - 5:50 - 8	L
SVETABRÚDKAUP	kl. 5:50	VIP
STAR WARS	kl. 3:40	L
WALL-E mv/isl. tali	kl. 1:30 - 4	L
KUNG FU PANDA mv/isl. tali	kl. 1:30	L

KRINGLUNNI

PATHOLOGY	kl. 8 - 10:20	16
HAPPY GO LUCKY 3D	kl. 8 - 10:20	12
JOURNEY 3D	kl. 1:40 - 3:50 - 6 - 8:10	L
WILD CHILD	kl. 3:50 - 5:50	L
GEIMAPARNIR mv/isl. tali	kl. 2 - 4	L
SMART PEOPLE	kl. 6	12
DARK KNIGHT	kl. 10:10 (Sb. sýn. dagur 7. okt.)	12
GET SMART	kl. 1:40	L

SELFOS

REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 6 - 8 - 10:10	14
WILD CHILD	kl. 6 - 8	L
STEP BROTHERS	kl. 10:10	12
GEIMAPARNIR mv/isl. tali	kl. 2	L
LUKKU LÁKI mv/isl. tali	kl. 2	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR mv/isl. tali	kl. 4	L
MAMMA MÍA	kl. 3:50	L

AKUREYRI

GEIMAPARNIR mv/isl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
BABYLON A.D.	kl. 8 - 10	16
STAR WARS	kl. 2	L
WILD CHILD	kl. 4 - 6 - 8	L
CHARLIE BARTLETT	kl. 10	12

KEFLAVÍK

REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 6 - 8 - 10:10	14
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8	16
MIRRORES	kl. 10:20	16
GEIMAPARNIR mv/isl. tali	kl. 2 - 4	L
LUKKU LÁKI mv/isl. tali	kl. 2	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR mv/isl. tali	kl. 4	L
MAMMA MÍA	kl. 5:50	L

SparBíó SAMbio.is **SAMBÍÓINN**

laugardag og sunnudag

WILD CHILD	kl. 1.30 í Álfabakka	550kr
GEIMAPARNIR	kl. 2 í Álfabakka kl. 2 á Akureyri í Keflavík og á Selfossi	550kr
JOURNEY 3D	kl. 1.40 í Kringlunni	850kr
STAR WARS	kl. 2 á Akureyri	550kr
WALL-E	isl. tali kl. 1.30 í Álfabakka	550kr
KUNG FU PANDA	isl. tali kl. 1.30 í Álfabakka	550kr

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

MAMMA MIA!	KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
LUKKU LÁKI	KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 BORGARBÍÓ
PEYKJAVÍK ROTTERDAM	KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 BORGARBÍÓ

Sími: 553 2075 LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus **Ódýrt í bíó**

LUKKU LÁKI ATH!!! 500 KR. Kringlunni

JOURNEY TO THE CENTER OF THE EARTH ATH!!! 800 KR. Kringlunni

MAMMA MIA! ATH!!! 500 KR. Kringlunni

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

Takk fyrir hjálpina

Brasilíska gítarleikarinn Thiago Trinsi, sem býr í Ólafsfirði, er afar þakklátur íslensku þjóðinni fyrir að hafa stökkið úr 36. sæti í það þriðja í alþjóðlegri gítarkeppni sem fer fram á netinu.



THIAGO TRINSI Thiago er afar þakklátur Íslendingum fyrir að hafa kosið sig í alþjóðlegu gítarkeppninni.

að fólk haldi áfram að kjósa myndbandið mitt til 5. nóvember. Ég er mjög ánægður með að taka þátt í þessari alþjóðlegu gítarkeppni fyrir hönd Íslands.“

Hægt er að kjósa Thiago á slóðinni <http://deanguitars.com/shredder/view-profile.php?id=1431>.

15. nóvember verður besti gítarleikarinn síðan valinn og fær hann verðlaun að verðmæti um 1,2 milljónir króna. - fb



25. september — 5. október 2008 — riff.is

Laugardagur 4. október

→ Regnboginn

→ riff.is



Ein lína á dag hlýtur að vera nóg!
Ein regla um dagin má vera nokk!

lðnó kl. 20.00

Mynd um færeyska listamanninn Tórodd Poulsen, svarta pönk-skáldið. Færeyska leikstýran Katrin Ottarsdóttir svarar spurningum áhorfenda eftir sýningu.

Kattadansarar	15:30
Upprisan	15:30
Kalt borð	15:30
Snjór	15:30
Bræðin	17:30
Þar til dauðinn aðskilur okkur	17:30
Tulpan	17:30
Öxin	17:30
Ruslriddarinn	20:00
Landsbyggðakennarinn	20:00
Rannsóknarmaðurinn	20:00
Regn	20:00
Þungarokk í Bagdad	22:30
Ég hef lengi elskað þið	22:30
Hefnd	22:30
Saga 52	22:30

→ lðnó

Þungur róður	13:30
Allar mættar!/Þetta kalla ég dans	15:30
Sjálfsvígisferðabjónusta	17:30
Ein lína á dag hlýtur að vera nóg!	20:00
Blóm á reki	22:30

→ Norræna húsið

Óþokkaveisla	17:30
33 atriði úr lífinu	20:00
Dieter Roth Puzzle	22:30



KVIKMYNDIR

Þetta kalla ég dans

Leikstjóri: Ásthildur Kjartansdóttir. Sýnd á RIFF. Næsta sýning í lðnó í dag klukkan 15.30.

★★

Áhugaverð mynd sem sýnir því miður ekki nóg af dansi.

Dans á mörkum hryllings og fegurðar

Sú var tíð að Íslendingar voru bestir í öllu. En nú rísa peningamennirnir ekki lengur undir nafni og því enn meiri ástæða til að leggja áherslu á listamennina.

Erna Ómarsdóttir er frábær dansari og stundar list sína af svo mikilli innlifun að jafnvel þeir sem hafa lítið stúderað formið geta ekki annað en hrifist með. Í þessu liggur helsti styrkur myndarinnar. Ásthildur Kjartansdóttir er greinilega mjög áhugasöm um viðfangsefni sitt, en stundum hefði mátt beita meiri aga í klippiherberginu. Vandamálið er nefnilega að það er lítið gaman til lengdar að hlusta á fólk lýsa persónueinkennum sínum, að það sé svona og hinseginn „í sér“. Persóna fólks kemur best fram í athöfnum þess og erfitt að gera grein fyrir sjálfum sér í einu eldhúsviðtali. Dansararnir tjá sig best með list sinni og í raun bætir myndin ekki nógu miklu við það sem við sjáum á sviðinu.

Það hefði verið gaman að fá meiri innsýn inn í heim nútímadansins, bæði sem listforms og sem bransa. Erna segir reyndar að stundum sé það þannig að sé dansari eitt sinn veikir missi hann hlutverk sitt og sé feykt til hliðar. En málið er ekki krufið, það er byrjað að mala um björtu hliðarnar einmitt þegar kvikmyndargerðarmaður ætti að vera forvitnari um þær dökku. Því það er ljóst að þar sem slík færni er fyrir hendi hlýtur einnig að vera gríðarleg samkeppni. Í staðinn fáum við í byrjun myndar belgíska gagnrýnendur að hrósa Ernu og í lokin íslenska menningarvita, það er eins og það sé enn verið að selja manni miða á mynd sem maður er þegar búinn að kaupa sig inn á.

Myndin þjónar þó þeim tilgangi að vekja áhuga á viðfangsefninu og list hennar og er þá mikið unnið. Dansatriðin eru geysilega flott og ágætlega tekin, nútímaballett sem sækir innblástur sinn að hluta til í þungarokk, hryllingsmyndir og jafnvel klám. Ef til vill hefðum við þó verið betur sett með að fá frekar heila danssýningu á tjaldið.

Valur Gunnarsson

KOLSVÖRT KÓMEDÍA FRÁ JOEL OG ETHAN COEN
ÓSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRUM "NO COUNTRY FOR OLD MEN" OG "BIG LEBOWSKI"

GEORGE CLOONEY

★★★★★
"ENN EIN SNILLDIN FRÁ COEN-BRÆÐRUM"
-T.S.K., 24 STUNDIR

BRAD PITT

★★★★★
"SPRENGHLÆGILEGUR GAMANFARSI ÞAR SEM HEILT HLAÐBORÐ AFLEIKURUM FER Á KOSTUM"
- TOMMI, KVIKMYNDIR.IS

TILDA SWINTON

JOHN MALKOVICH

GÁFUR ERU OFMETNAR!

FRANCES McDORMAND

BURN AFTER READING

EKKI MISSA AF ÞESSARI MÖGNUM MYND - NÚ Í BÍÓ!

> Atli í stað Ragnars

Atli Hilmarsson var í gær ráðinn þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar í handknattleik í stað Ragnars Hermannssonar sem lét óvænt af störfum sem þjálfari. Ragnar þjálfaði Stjörnuna ásamt Aðalsteini Reyni Eyjólfssyni á síðustu leiktíð þegar liðið vann bæði Íslandsmeistaratiðilinn og Eimskipsbikarinn. Eins og fram kemur á heimasíðu Stjörnunnar þá reyndi stjórn handknattleiksdeildar félagsins að telja Ragnari hughvarf, en þær tilraunir gengu ekki upp en komið er á framfæri þakklæti til Ragnars fyrir frábær störf í þágu félagsins. Stjarnan hefur unnið báða leiki sína í N1-deild kvenna til þessa, gegn Haukum og Val.

sport
sport@frettabladid.is



ÞJÁLFAFARNIR ÁSMUNDUR ARNARSSON OG LOGI ÓLAFSSON: ALLT TIL STAÐAR FYRIR FRÁBÆRAN ÚRSLITALEIK

Unga og efnilega félagið gegn gamla stórveldinu

Fjölismenn eru að leika til úrslita í VISA-bikarnum annað árið í röð en þjálfarinn Ásmundur Arnarsson telur nú lið sitt betur í stakk búið til þess að fara með sigur af hólmi heldur en í fyrra.

„Við erum reynslunni ríkari, bæði af því að spila nákvæmlega svona leik og eins eftir að hafa spilað sumarið í efstu deild, þannig að við erum tilbúnari til þess að klára verkefni sem þetta. Við komum því í leikinn með það að markmiði og ekkert annað,“ segir Ásmundur ákveðinn.

„Þessi úrslitaleikur sem framundan er hjálpaði okkur líka til þess að klára deildina með sæmd því hver og einn

leikmaður innan hópsins vill náttúrulega vera í byrjunarliðinu í þeim leik og því verða menn að halda sér á tánum. Það er því jákvætt vandamál hjá mér að velja úr út af mikilli samkeppni um stöður,“ segir Ásmundur.


„KR er stórveldi og er sigurstranglegra liðið, það liggur fyrir. Ég lit dálítið á þetta eins og gamla stórveldið sé að mæta einu yngsta og efnilegasta félagi landsins og það er skemmtilegur viðburður. Þetta er að sama skapi próf fyrir okkur að sýna það að við séum tilbúnari að stíga upp úr því að vera ungar og

efnilegir í að verða góðir, með titil í höndunum,“ segir Ásmundur.

Logi Ólafsson, þjálfari KR, er fullur tilhlökkunar fyrir leikinn þó svo að hann geri sér grein fyrir því að KR-inga biði erfitt verkefni.

„Við erum að fara að mæta spræku liði sem hefur verið að spila vel í sumar og hefur það kannski fram yfir okkur að vera með reynsluna af því að leika úrslitaleikinn í fyrra. Það er aftur á móti fint sjálftraust í okkar liði og við förum inn í úrslitaleikinn af fitonskrafti og ætlum auðvitað að vinna hann,“ segir Logi.

„Við nálgumst þetta verkefni eins og hvern annan leik sem við höfum spilað í sumar, með því að hafa gaman af því sem við erum að gera og standa okkur vel,“ segir Logi.



VISA-BIKARINN Það verður keppt um þennan bikar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bikarúrslit karla í fótbolta:

Prettándi borgarslagurinn

FÓTBOLTI Það eru tvö Reykjavíkurlíð sem mætast í bikaúrslitaleik karla í dag og er þetta í þrettánda sinn sem úrslitaleikurinn er slagur milli tveggja borgarliða.

Fjölismenn, sem eru að spila sinn annan úrslitaleik, eru að spila sinn fyrsta Reykjavíkurlag í bikaúrslitum en KR-ingar eru aftur á móti að mæta nágrannaliði úr Reykjavík í áttunda sinn í bikaúrslitaleik.

KR hefur gengið vel gegn Reykjavíkurlíðum í bikaúrslitum því liðið hefur unnið fimm af þessum sjö leikjum. Síðasti Reykjavíkurlagur félagsins var árið 1995 þegar KR vann 2-1 sigur á Fram. KR tapaði hins vegar borgarslögum sínum 1990 (Valur) og 1989 (Fram).

Stærsti leikur sumarsins í dag

Það verður allt lagt í sölurnar þegar Fjölirnir og KR mætast í úrslitaleik VISA-bikars karla á Laugardalsvelli kl. 14 í dag. Auk bikarsins er þáttökuréttur í Evrópukeppni félagsliða í boði fyrir sigurvegarana.

FÓTBOLTI Bæði Fjölirnir og KR hafa verið á miklu skriði síðustu vikur fyrir úrslitaleikinn en Fjölismenn unnu síðustu þrjá leiki sína í Landsbankadeildinni með samlagðri markatölu 9-1 og KR-ingar hafa leikið átta leiki í röð án taps, sjö í Landsbankadeildinni og einn í bikar.

„Við erum búnir að biða eftir þessum leik í þó nokkurn tíma og eftirvæntingin er vissulega mikil. Við ákváðum engu að síður að klára deildina með sæmd og gerðum það og við höldum okkur þannig á tánum og unnum í sjálfstraustinu til þess að mæta tilbúnir í þennan leik,“ segir Jónas Guðni Sævarsson, fyrirlíði KR.

Jónas Guðni á von á erfiðum leik en vill ekki meina að sumarið sé eintóm vonbrigði fyrir KR, fari svo að félagið landi ekki bikarnum.

„Við vitum að þetta verður erfiður leikur því Fjölirnir er með hörkulið sem hefur gert fína hluti með því að enda í sjötta sæti á sínu fyrsta ári í efstu deild. Við enduðum í fjórða sæti, stíga á eftir Fram, sem er ef til vill ekki ásættanlegur árangur.

En ef mið er tekið af gengi okkar síðasta sumar og þeim manna-breytingum sem urðu í liðinu fyrir þetta sumar þá er vel hægt að una



ALLT LAGT UNDIR Það má búast við spennandi og skemmtilegum leik þegar Fjölirnir og KR mætast í úrslitum VISA-bikars karla á Laugardalsvelli í dag. Baráttan verður væntanlega gríðarleg bæði innan vallar og utan þar sem harðakjarnastuðningsmenn félagsanna, Káramenn og Miðjan, eigast við. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

við þessa niðurstöðu, sér í lagi ef við vinnum bikarinn,“ segir Jónas Guðni.

Jónas Guðni hefur jákvæða reynslu af því að leika til úrslita í bikarnum og leikurinn í dag verður hans þriðji en hann vann hina tvo með Keflavík árin 2004 og 2006.

„Það er engu líkt að vinna bikarinn í stærsta leik sumarsins og þetta er klárlega upplifun sem maður vill endurtaka aftur og aftur,“ segir Jónas Guðni.

Magnús Ingi Einarsson, fyrirlíði Fjölnis, rétt missti af því að hampa bikarnum í fyrrasumar þegar Fjölirnir, sem lék þá í 1. deild, tapaði gegn FH í framlengdum úrslitaleik. Hann telur að Fjölirnir eigi ef til vill raunhæfari möguleika á að vinna bikarinn núna.

„Þó svo að bikarleikir séu dálítið frábrugðnir öðrum leikjum þar sem allt virðist geta gerst þá má segja að við séum í annarri stöðu núna en í fyrra og eigum ef til vill raunhæfari möguleika á því að vinna leikinn,“ segir Magnús Ingi.

Fjölirnir hefur verið kallað „bikarlið“ vegna góðs árangurs síðustu ár og Magnús Ingi er sáttur við þá nafngift en á von á erfiðum leik gegn KR.

„Bikarlið eru væntanlega þau lið sem standa sig vel í bikarnum og það á vissulega við um okkur. Við erum að leika til úrslita í bikarnum annað árið í röð og höfum einhvern veginn alltaf náð að gíra okkur sérstaklega vel upp í þessa bikarleiki.

KR er stærsta lið Íslands og það er alveg sama hvaða tölfræði er

skoðuð, þá er hefðin alltaf þeirra. Það er bara frábært fyrir okkur að mæta svoleiðis liði og ég hef trú á því að leikurinn verði hin besta skemmtun. Það er líka góð stemning í kringum bæði liðin og ég á von á góðri mætingu í stúkunn.

Ég veit allavega af því að Káramenn eru búnir að undirbúa sig undir þennan leik í þó nokkurn tíma og koma grimmar og fjölmennari en nokkru sinni fyrr,“ segir Magnús Ingi.

Miðjan mætir Káramönnum

Stuðningsmenn beggja félaga taka daginn snemma og skipulagðar fjölskylduhátíðir verða í Íþróttahúsinu Dalhúsum fyrir Fjölismenn og í DHL-höllinni fyrir KR-inga og hefjast á slaginu 10.

omar@frettabladid.is



Vínningar verða afhendir hjá BT Smáraliðum í Köppum

ÚTGÁFUDAGUR 3. OKTÓBER

FIFA 09

SENDU SMS BTL FBB Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!

Vínningar eru FIFA 09, TÖLVULEMNI, DVD, PEPSI OG NÁGOT FLÉTRA

9. HÉR VINNAR!

FIFA 09
250 breytingar frá síðustu útgáfu
Graffikin aldrei betri
Fléiri spilunarmöguleikar
Mun meiri hraði
Aukinn viðbragðshraði leikmanna
Besti FIFA til þessa

Laugardalsvöllur var með 10 cm snjólag í gær en verður klár fyrir bikarúrslitin:

Margar hendur vinna létt verk

FÓTBOLTI Laugardalsvöllurinn verður tilbúinn fyrir bikarúrslitaleikinn í dag þrátt fyrir að í gærmorgun hafi 10 sm snjólag verið yfir vellinum. Jóhann Kristinsson, vallaarstjóri, kallaði til gott fólk og talið er að mokað hafi verið um 800 rúmmetrum af snjó af vellinum í gær.

„Það er gott að eiga marga vini. Það hafa allir sameinast um að gera völlinn tilbúinn. Völlurinn er nánast auður,“ sagði Jóhann þegar Fréttablaðið náði í hann í gær. Jóhann fékk góða hjálp í gær því starfsmenn golfklúbba-anna á höfuðborgarsvæðinu, vallaarstarfsmenn og skrifstofufólk hjá KSÍ hjálpuðu honum við að gera völlinn kláran.

„Völlurinn er aumur eftir að



Á FULLRI FERÐ Jóhann Kristinsson vallaarstjóri að moka í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

við erum búnir að hnoðast á honum í allan dag. Við erum kannski að fara illa með grasið en leikurinn á morgun mun ekkert skemma meira en ef leikið væri á blautum velli,“ sagði Jóhann en engin vel

nýttist við moksturinn.

„Það er vandamálið að um leið og vél spólar einu sinni þá er hún búnin að búa til gat sem erfitt er að laga,“ sagði Jóhann að lokum.

Guðmundur um Einar:

Kemur til greina í liðið

HANDBOLTI Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari er í vandræðum með hægri vænginn í landsliðinu þar sem Ólafur Stefánsson gefur ekki kost á sér í liðið og Alexander Petersson er meiddur.

Liðsins bíða tveir leikir í undankeppni EM um næstu mánaðamót og spyrja menn sig að því hvort Guðmundur ætli að velja Einar Hólmgeirsson í liðið. Einar gaf ekki kost á sér fyrir Ólympíuleikana og sagðist hafa meiri áhuga á að vera með nýfæddu barni en vera túristi í Peking. Hann hafði á þeim tíma verið að fá lítil tækifæri.

„Hann er alveg inn í myndinni. Það er ekkert illt á milli okkar. Menn fá misjöfn tækifæri í landsliðinu og það er bara svoleiðis. Ég tek því ekkert persónulega þó svo menn séu ósáttir á stundum og gagnrýni. Ég er þroskaðri en það. Hann kemur því að sjálfsgöðu til greina eins og allir aðrir ef hann gefur kost á sér,“ sagði Guðmundur.

Einar segist vera klár ef kallið kemur.

„Að sjálfsgöðu gef ég kost á mér ef ég er valinn. Ég er tilbúinn ef kallið kemur,“ sagði Einar sem er á ágætu róli eftir meiðslin en hann vonast til að vera kominn í sitt besta form eftir tvær vikur. Hann segir þó eðlilega vanta aðeins upp á leikformið sem stendur. - hbg



Ögrandi að halda áfram með liðið

Guðmundur Guðmundsson verður áfram landsliðsþjálfari Íslands í handknattleik en hann hefur skrifað undir samning til ársins 2012. Guðmundur segir það hafa verið freistandi að hætta eftir silfrið í Peking en það sé ögrun að halda áfram. HSÍ er hætt að tjalda til einnar nætur og nú er hugsað til framtíðar.

HANDBOLTI Forráðamönnum HSÍ varð að ósk sinni í gær þegar tilkynnt var að Guðmundur Guðmundsson hefði framlengt samning sinn við sambandið til ársins 2012. Guðmundur var eðlilega fyrsti kostur í starfið eftir ótrúlegan árangur í Peking og var ekki rætt við neinn annan.

Guðmundur mun enn fremur halda sínu aðstoðarfólki sem einnig á mikinn þátt í árangrinum á Ólympíuleikumunum.

„Auðvitað var freistandi að hætta eftir Ólympíuleikana. Mót-tökur þjóðarinnar voru aftur á móti slíkar og áskoranirnar um að halda áfram það margar að mig langaði til að halda áfram með liðið. Ég veit vel að það eru ögrandi verkefni framundan sem gaman verður að takast á við.“

Svo hafði einnig mikið að segja að Kaupping gat gefið mér þann slaka sem til þurfti til að sinna starfinu almennilega,“ sagði Guðmundur sem tók ákvörðunina fyrir stuttu síðan enda sagði hann hana hafa verið erfiða.

Það eru ekki margir mánuðir síðan að Guðmundur tók óvænt við starfi landsliðsþjálfara og kom þar með HSÍ til bjargar enda fannst ekki maður til að stýra liðinu. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og nú er þessi „björgunarleiðangur“ Guðmundar orðinn að vegferð sem mun líklega standa til 2012.

„Lífið er oft skrítið. Það breytist margt í lífinu og maður á aldrei að segja aldrei með neitt því maður veit ekki hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Það



STÝRIR SKÚTUNNI ÁFRAM Guðmundur Guðmundsson er búinn að gera langtíma-samning við HSÍ. Hans bíður að byggja upp nýtt lið. FRETTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

hefur kviknað neisti hjá mér og ég hef ákaflega gaman af þessu. Er að ná góðu sambandi við strákana í liðinu og með frábært aðstoðarfólk. Þá verður þetta skemmtilegt,“ sagði Guðmundur sem gerir sér þó grein fyrir því að erfitt sé að lifa á fornri frægð.

„Þetta starf er æðislegt þegar vel gengur en að sama skapi mjög erfitt þegar illa árár. Eftir ár gæti allt verið orðið vitlaust á ný enda eru Íslendingar mjög fljótir að gleyma. Þannig er þetta bara og ég er til í að taka þetta verkefni að mér, ætla að leggja mig allan í það

og við spyrjum svo að leikslökum. Ég tel mig hafa mikið fram að færa og vonandi getum við haldið áfram að ná árangri,“ sagði Guðmundur.

Hans bíður að mörgu leyti það verkefni að byggja upp nýtt lið án Ólafs Stefánssonar sem hefur verið burðarstólpi liðsins í mörg ár. „Það er auðvitað slæmt að missa Óla og ekki góðar fréttir. Að vera án Óla er aftur á móti enn meiri ögrun fyrir mig,“ sagði Guðmundur sem mun einnig fara af stað með svokallað „2012-lið“ en það verður skipað efnilegum leikmönnum sem líklegir eru til að koma inn í landsliðið á næstu miss-erum og árum.

Það lið mun fá alþjóðleg verkefni og leikmennirnir þar af leiðandi mikla reynslu sem mun hjálpa þeim er þeir taka skrefið inn í A-liðið. Guðmundur segir afar mikilvægt að huga að framtíðinni, stækka leikmannahópinn og hætta að tjalda til einnar nætur eins og HSÍ hefur verið að gera í allt of mörg ár.

„Þetta tel ég vera afar mikilvægt upp á framhaldið því það gleymist oft að það tekur langan tíma að byggja menn upp í A-landsliðið. Mér finnst menn hafa verið að tjalda of mikið til einnar nætur og er ég viðraði þessa hugmynd við HSÍ voru menn sammála mér. Það kveikti enn meira í mér að taka þetta verkefni að mér. Ég mun hafa áhrif á það lið, hverjir eru valdir, hvernig það spilar og annað, en Kristján Halldórsson mun sjá um að stýra því,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari. henry@frettabladid.is

Komdu peningunum þínum

í öruggt skjól í nýrri eign



Lundur 1-3

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegum áklæddum fjölbýlishúsum í Lundur 1-3 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 3ja til 4ra herbergja, frá 120-160 fm og eru flestar með góðu útsýni. Stæði fylgja öllum íbúðum. Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúðabyggðar á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Óskjuhlíðin og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli byggðar og náttúru. Hverfið er skipulagt með sex kjörnum og milli þeirra verða stór græn svæði. Stutt er í margvíslega þjónustu, afþreyingu og menningu, s.s. Smáralind, Kringluna, Salinn og Gerðasafn.

GLÆSILEGAR SÝNINGARÍBÚÐIR
– hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna íbúðina þína

Fjárfestu til framtíðar!

Hafið samband við söluaðila og bókið skoðun.

Kynntu þér eignir á sölu hjá Bygg á heimasíðu þeirra, bygg.is

Lundur • Langalína • Jónshús • 17. júní torg

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA ehf
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31

Hilmar: 896 8750

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐI 27
Sími 594 5000
akkurat.is

Viggó: 824 5066

FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, löggr., fasteignasali

BYGG

Glæsilegar, vandaðar íbúðir

- Vandaðar innréttingar úr eik frá Brúnás
- Innihurðir og flísar frá Agli Arnasyni
- AEG eldhústæki frá Ormsson
- Gólfhiti í baðherbergi
- Álklæðning utanhúss

FAGMENNSKA
METNAÐUR
REYNSLA

BÚM
BETUR

BYGG

www.bygg.is

> David Strathairn

„Ed Murrow gat séð fyrir hvað þyrfti að varast í framtíðinni. Hann sagði að það versta sem gæti hent sjónvarpsstöðvar væri ef þeir sem ættu peninga fengu að ráða yfir þeim. Þetta sagði hann árið 1950.“ Strathairn fer með hlutverk frétta- mannsins Eds Murrow í kvikmyndinni Good Night, and Good Luck sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KAREN D. KJARTANSDÓTTIR LIFIR SPART OG NOTAR HUMAR ÚR FRYSTINUM

Möntrur frjálshyggjunnar þagna

Munið þið þegar sagt var með stolti að Íslendingar væru að kaupa upp Danaveldi. Skyndilega var skyldustopp hvers ætttrækings Íslendinga sem kom við í Kaupmannahöfn að koma við í einhverri verslunarmiðstöð sem kölluð var Magasin du Nord, glotta þar framan í blásaklausa Dani og segja við nærstadda: „Hugsid ykkur við eigum þetta.“ Allir höfðu klisjur og tilvitnanir í feður frjálshyggjunnar í flimtingum og töldu sig hafa vit á fjármálum. Adam Smith og aðrir vitrir menn á tímum iðnvæðinganna voru víst þeir einu sem vissu hvað okkur væri fyrir bestu. Þegar maður með íslenskt blóð í æðum ornaði einhvers konar kaffihús með þvottaadstöðu í Kaupmannahöfn var látið eins og engum hefði áður komið til hugar að hefja þar í borg verslunarrekstur. Íslenskir þáttagerðarmenn fóru í heimsókn til þvottakarsins sem gat lagað kaffi og sett í vél. Sá brosti glaðhlakalega framan í linsur myndavélanna og sagði að ástæðan fyrir því að hann og samlandar hans myndu ná svona langt væri líklega þetta vikingablóð. Danir



væru svo varkárir og hallærislegir.

En nú er öldin önnur. Við tölum ekki lengur um útrásarvíkinga, íslensk efnahagsundur eða með háði og spotti um varkára og vinstri sinnaða bauna. Danir eru nú vinir okkar og frændur sem hugsanlega gætu barasta hlaupið undir bagga með okkur í þrengingum. Verst að smáþjóð eins og Danir geta ekki einir og sér bjargað okkur út úr því skuldafeni sem við sköpuðum okkur í góðærinu, til þess þarf mun stærri þjóð.

Íslendingar hafa mun meiri reynslu af því að kúldrast í kreppu með sultardropa heldur en liggja í víking. Ég ætla að rifja upp sögur gamla vitra mannsins sem hér vinnur í fyrirtækinu og fara að lifa spart. Til að byrja með ætla ég að borða það sem er til í frystinum, verst að þar er ekki að finna einhvern kreppumat, heldur helfrosnar leifar góðærisins á borð við humar og rækjur. Inn á milli veit ég samt að ég á eftir að finna góðu hrossabjúgun hans pabba míns.

Möntrur frjálshyggjunnar um frelsi markaðarins hafa þagnað.

EKKI MISSA AF



► **13.15 Fjölnir - KR, BEINT**
SJÓNVARPIÐ



► **13.30 Alfred Dunhill-mótið, BEINT**
STÖÐ 2 SPORT



► **19.45 America's Funniest Home Videos**
SKJÁREINN



► **20.05 Duma**
STÖÐ 2



► **20.10 Dagvaktin**
STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstudningur okkar Kóala-bræðurnir, Herrarnir, Sammi, Músahús Mikka, Skordýrin í Sólarlaut, Upp í sveit, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn, Leyniþátturinn og Tobbi tvisvar.

10.25 Kastljós (e)

11.00 Hvað veistu? – Með tónlist á heilanum

11.30 Kiljan (e)

12.15 Banvænar veirur (e)

► **13.15 Bikarkeppnin í fótbolta** Bein útsending frá úrslitaleik Fjölnis og KR í Vísu bikarkeppni karla. Leikur hefst kl. 14.00.

15.55 Kínverski flotinn - Drekar hafsins (e)

16.50 Tímaflakk (Doctor Who II) (13:13)

17.40 Tákn málsfréttir

17.50 Útsvar (e)

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.35 Veður

19.45 Spaugstofan

20.10 Gott kvöld

21.00 Eins konar ást (A Lot Like Love) Bandarísk bímynd frá 2005 sem fjallar um Oliver og Emily sem kynna sig í flugvél og eru sundur og saman næstu sjö árin. Aðahlutverk: Ashton Kutcher og Amanda Peet.

22.45 Ökufantar 2 (2 Fast 2 Furious) Bandarísk spennumynd frá 2003. Tveir félagar hans taka að sér að flytja peninga fyrir glæpamann í Miami með það í huga að reyna að sanna á hann sök. Aðahlutverk: Paul Walker, Tyrese Gibson, Eva Mendes og Cole Hauser.

00.30 Kaldárgil (Cold Creek Manor)(e)

02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Life Support

10.00 Finding Neverland

12.00 The Ringer

14.00 Life Support

16.00 Finding Neverland

18.00 The Ringer

20.00 Man of the House

22.00 Jarhead

00.00 Transporter 2

02.00 Palindromes

04.00 Jarhead

06.00 So I Married an Axe Murderer

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Hlaupin, Dynkur smáeðla, Funky Valley og Refurinn Pablo.

08.00 Algjör Sveppi

09.35 Stóra teiknimyndastundin

10.00 Adventures of Jimmy Neutron

10.25 Doctor Dolittle 3 Sjálfstætt framhald sögunnar um Dagfinn dýralækni en nú er komið að dóttur hans að nota hæfileikann til að tala við dýr.

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Bold and the Beautiful

12.50 Bold and the Beautiful

13.10 Bold and the Beautiful

13.30 Bold and the Beautiful

13.50 Bold and the Beautiful

14.15 The Celebrity Apprentice (4:14)

15.10 The New Adventures of Old Christine (14:22)

15.35 Men in Trees (1:19)

16.25 Sjálfstætt fólk (2:40)

17.30 Dagvaktin (1:11)

18.00 Ríkið (6:10)

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.49 Íþróttir

18.55 Lottó

19.01 Veður

19.10 The Simpsons (8:20)

19.35 Latibær (8:18)

► **20.05 Duma** Mynd fyrir alla fjölskylduna um Xan sem er 10 ára og býr í Suður-Afríku með föður sínum. Þeir finna ungan, munaðarlausan blettatígur sem þeir taka í föstur. Þegar blettatígurinn fullorðnast ákveður pabbinn að tími sé kominn til að sleppa honum lausum en Xan er honum ósamhála.

21.45 Good Night, and Good Luck Sannsóguleg mynd í leikstjórn George Clooney um fréttaföngun Edward Murrow. Murrow svipti hulunni af þingmanninum Joseph McCarthy sem sá kommúnista í hverju horni og hóf ofsóknir á hendur þeim.

23.20 Lord of the Rings: The Return of the King

02.35 Air Panic

04.05 The New Adventures of Old Christine (14:22)

04.30 Dagvaktin (1:11)

04.55 The New Adventures of Old Christine (14:22)

05.20 The Simpsons (8:20)

05.45 Fréttir

SPORT

besta sætið

07.50 PGA Tour 2008 - Hápunktar

08.45 Inside the PGA

09.10 Fittnesshelgin 2008

10.10 Meistaradeild Evrópu

11.50 Meistaradeild Evrópu

12.30 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu

13.00 NFL deildin

► **13.30 Evrópumótaröðin í golfi** Bein útsending frá Alfred Dunhill-mótnu í golfi en mótið er hluti af Evrópumótaröðinni.

16.30 Landsbankamörkin 2008

17.25 Spænski boltinn Fréttabáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.

17.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Villarreal og Betis.

19.50 Spænski boltinn Bein útsending frá stórleik Barcelona og Atletico Madrid.

21.50 UFC Unleashed Bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

22.50 Evrópumótaröðin í golfi

SPORT 2

enski boltinn

09.40 PL Classic Matches Tottenham - Leicester, 03/04.

10.10 PL Classic Matches Tottenham Hotspur - Portsmouth.

10.40 Premier League World

11.10 Premier League Preview Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.

11.40 Enska 1. deildin Bein útsending frá leik Birmingham og QPR.

13.45 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Everton og Liverpool.

15.25 PL Classic Matches Crystal Palace - Blackburn leiktíðina 1992-1993.

15.50 PL Classic Matches Everton - Liverpool, 00/01.

16.15 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Blackburn og Man. Utd.

18.30 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Wigan og Middlesbrough.

20.10 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik WBA og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.

21.50 PL Classic Matches Leeds - Newcastle, 01/02.

22.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Sunderland og Arsenal.

00.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Blackburn og Man. Utd.

SKJÁREINN

06.10 Óstöðvandi tónlist

10.20 Vörutorg

11.20 Moto GP - Hápunktar Sýndar sviptmyndir frá síðustu keppni í MotoGP.

12.20 Rachael Ray (e)

13.05 Rachael Ray (e)

13.50 Rachael Ray (e)

14.35 Kitchen Nightmares (e)

15.25 Robin Hood (e)

16.15 Charmed (e)

17.05 Survivor (e)

17.55 Family Guy (e)

18.20 Game tívi (e)

18.50 Nokia Trends Lab Áhugaverðir þættir þar sem fjallað er um allt það nýjasta í tónlist, tísku, menningu og listum.

19.15 30 Rock (e)

► **19.45 America's Funniest Home Videos** Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

20.10 What I Like About You (12:22) Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York.

20.35 Frasier (11:24)

21.00 Eureka (e)

21.50 House (e)

22.40 Singing Bee (e)

23.35 CSI: New York (e)

00.25 Law & Order: Special Victims Unit (e)

01.15 Criss Angel (e)

01.50 Moto GP Bein útsending frá Phillip Island í Ástralíu þar sem sextánda mót tímabilsins í MotoGP fer fram. Þar er ein skemmtilegasta brautin í MotoGP og hjólin ná gríðarlegum hraða. Keppni hefst klukkan tvö að nóttu að okkar tíma en kraftmestu hjólin verða ræst klukkan fimm. Keppnin verður síðan öll endursýnd um morguninn.

06.05 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni liðinnar viku Sýnt á kfst fresti til 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Island rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Barcelona

í október

frá kr. 29.990

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértilboð 12.-16. okt., 16.-19. okt., 19.-24. okt. og 27. okt.-2. nóv.



Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. Allt verð er netverð á mann.



16. okt. - 3 nætur
19. okt. - 5 nætur
27. okt. - 6 nætur

Frábært sértilboð Hotel Aranea

Verð kr. 59.990 – Helgarferð 16. okt.


Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli á Hotel Aranea *** í 3 nætur með morgunverði. Aukalega m.v. gistingu í einþýli kr. 15.000. Gisting á Hotel Catalonia Suite**** eða Hotel Barcelona Plaza **** kr. 10.000 aukalega. Aukalega m.v. gistingu í einþýli kr. 19.000. Sértilb. 16. okt. Helgarferð 24. okt. kr. 69.990, m.v. gistingu í tvíþýli á Hotel Aranea *** í 3 nætur með morgunverði. Aukalega m.v. gistingu í einþýli kr. 15.000. Netverð á mann. Sértilb. 24. okt.

Verð kr. 69.990 – 5 nætur 19. okt.

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli á Hotel Aranea *** í 5 nætur með morgunverði. Aukalega m.v. gistingu í einþýli kr. 25.000. Sértilb. 19. okt.

Verð kr. 69.990 – 6 nætur 27. okt.

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli á Hotel Aranea *** í 6 nætur með morgunverði. Aukalega m.v. gistingu í einþýli kr. 30.000. Sértilb. 27. okt.



Hotel Aranea

Frábærar ferðir í 3, 5 eða 6 nætur – allra síðustu sæti!

Heimsferðir bjóða ótrúleg tilboð á allra síðustu sætum í frábærar ferðir til Barcelona í október. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástföstri við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu og afþreyingu að ógleymdu öllu því úrvali fjölbreyttra verslana sem eru í borginni. Sértilboð á gistingu í boði, m.a. á Hotel Aranea, sem gott og vel staðsett hótél miðsvæðis í borginni. Griptu þetta frábæra tækifæri - **örfá sæti laus!**

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.35

Önnur þáttaröðin um íþrótaálfinn, Söllu stírðu, Nenna níska, Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ. Glanni glæpur heldur áfram að hrella íbúa Latabæjar og reyna að spilla krökkunum sem hafa loksins áttað sig á því að íþrótaálfurinn hafði á réttu að standa þegar hann sagði þeim að betra væri að hreyfa sig og borða hollan mat. Sjónvarpsþættirnir hafa verið sýndir í yfir eitt hundrað löndum og njóta sívaxandi vinsælda.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Gott kvöld

Sjónvarpið kl. 20.10

Gott kvöld er nýr skemmtipáttur Sjónvarpsins á laugardagskvöldum í umsjón

Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur. Í þættinum koma fram helstu stjórnur íslenskrar dægurtónlistar ásamt fjölda annara gesta. Samúel Samúelsson í Jagúar stjórnar húsbandinu sem flytur ný eða endurútsett lög með stjórnun þáttarins. Gestur fyrsta þáttar er Bubbi Morthens.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Stef
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kvika
11.00 Víkulokin
12.02 Hádegisútlarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Í söguferð um Brasilíu
14.40 Stjómukíkir
15.25 Lostafulli listræninginn

16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Orð skulu standa
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Bláar nótur í bland
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Heimur óperunnar
19.50 Sagnaslóð
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Ísland og Evrópusambandið
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Hvað er að heyra?
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

15.30 Hollyoaks (26:260) Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

15.55 Hollyoaks (27:260)

16.20 Hollyoaks (28:260)

16.45 Hollyoaks (29:260)

17.10 Hollyoaks (30:260)

18.05 Talk Show With Spike Feresten

18.30 Smallville (7:20)

19.15 The Dresden Files (8:13)

20.00 Logi í beinni Spjallþáttur í umsjón Loga Bergmanns Eðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppkomur.

20.30 Ríkið (6:10) Þættirnir gerast á óræðum tíma þar sem allt er kjánalegt, hús-gögnin, aðbúnaðurinn, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þó sérstaklega fólkið.

▶ 21.00 Dagvaktin (2:11) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremminganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.

21.30 E.R. (4:25) Þættirnir gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem enillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

22.15 The Daily Show: Global Edition

23.25 The Dresden Files (8:13)

00.10 E.R. (4:25)

01.00 The Daily Show: Global Edition

01.25 Talk Show With Spike Feresten

01.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífunni TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link 11.00 Ballykissangel
12.00 Ballykissangel 13.00 Room Rivals 13.30 Room Rivals
14.00 Staying Put 14.30 Staying Put
15.00 Perfect Properties 15.30 Perfect Properties
16.00 Mastermind 16.30 Mastermind 17.00 Ray Mears' Extreme Survival
18.00 Too Close for Comfort
18.30 Too Close for Comfort 19.00 Under the Greenwood Tree
20.35 The Only Boy for Me
22.10 Ray Mears' Extreme Survival 23.00 Too Close for Comfort
23.30 Too Close for Comfort

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Troldspejlet
10.30 Boogie Lørdag 11.00 Pigerne Mod Drengene
11.30 Family Guy 11.50 Talent 2008
12.50 Talent 2008 13.10 Den store dag
14.10 Sommer 15.10 Før søndagen 15.20 Held og Lotto
15.30 Der var engang... 16.00 Vilde verden
16.30 TV Avisen med Sport 16.55 SportNyt
17.10 Geparden Toki 18.00 Hvem ved det!
18.30 Agent 007 - du lever kun to gange 20.25 Miss Marple
22.00 Storm

NRK1

09.15 Columbo 10.45 Ansikt til ansikt 11.15 Verdensarven
11.30 Kunnskapskanalen 2008 12.00 Kunnskapskanalen 2008
12.25 Himmelblå 13.10 Kvitt eller dobbelt
14.10 Den store reisen 15.00 Beat for beat
16.00 Kometkameratene 16.30 Amigo
17.00 Lørdagsrevyen 17.45 Lottotrekning
17.55 Kvitt eller dobbelt 18.55 Den store reisen
19.45 Sjúkehuset i Aidsensfield 20.35 Løvebakken
21.00 Kveldsnytt 21.15 Return to sender
23.00 Singel i L.A.

SVT 1

10.10 Andra Avenyn 10.40 Andra Avenyn 11.10 Andra Avenyn
11.40 Livet i Fagervik 12.25 Folk i bild 2008
12.40 Doobidoo 13.40 Byss
13.55 Handboll. Champions League 15.50 Helgmalringning
15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.15 Ella på två ställen
16.45 Pettson & Findus 17.00 Eva & Adam
17.30 Rapport 17.45 Sportnytt
18.00 Svensson, Svensson 18.30 Lilla Melodifestivalen 2008
20.00 Five days 21.05 Videokväll hos Luuk
21.35 I samlarens spår 23.30 Sändningar från SVT24

GOTT KVÖLD

TÓNLIST OG FRÁBÆR SKEMMTUN!

Í Sjónvarpinu í kvöld kl. 20.10

Gestur kvöldsins er **Bubbi Morthens**

SJÓNVARPIÐ - Annað og meira



Óskar Jónasson

Aldur: 45 ára.
Starf: Kvikmyndagerðarmaður.
Fjölskylduhagir: Kona hans er Eva María Jónsdóttir, dagskrárgerðarkona. Þau eiga þrjár dætur, Matt-hildi, Júlíu og Sigrúnu.
Foreldrar: Jónas Bjarnason, fyrrum lögregluþjónn, og Guðrún Guðmundsdóttir.
Búseta: Víð Bjarnarstíg.
Stjórnumerkir: Krabbi.
Óskar Jónasson frumsýndi kvikmynd sína og Arnaldar Indriðasonar, Reykjavík - Rotterdam, í vikunni. Hann leikstýrir einnig Svörtum englum á Ríkissjónvarpinu.

Mýrin endurgerð í Bandaríkjunum

„Já, já, þetta þýðir ‚money, money, money...‘ Og meira að segja í útlenskum peningum,“ segir Baltasar Kormákur kvikmyndaleikstjóri hlæjandi spurður hvort Mýrin í Bandaríkjunum þýði ekki meiri háttar tekjur til fyrirtækis hans Sagnar.

Ákveðið hefur verið að endurgera Mýrina, eða Jar City, í Bandaríkjunum. Overture Films hefur keypt réttinn en Baltasar Kormákur mun verða meðframleiðandi. Þetta kemur fram á Reuters/Hollywood Reporter. Myndin byggir sem kunnugt er á samnefndri bók Arnalds Indriðasonar en Michael Ross hefur verið ráðinn til að skrifa handritið. Samkvæmt Reuters mun hann leggja upp úr því að þeir þættir sem fyrir eru í frumgerðinni, draugar úr fortíð auk spennu, verði eftir sem áður til staðar. Í bandarísku útgáfunni er sögusviðið Louisiana.

Aðspurður um kostnaðaráætlun segist

Baltasar ekki vita um hana á þessu stigi. „Hún kostar ofsalega mikið og vonandi sem mest. Nei, þetta er alveg frábært. Þetta eru gæjarnir sem voru að gera myndina Righteous Kill með Al Pacino og Robert deNiro sem var að opna núna vestan hafs. Þeir hafa ekki leikið saman síðan í Heat. Þetta er eitt af öflugri fyrirtækjum í Bandaríkjunum,“ segir Baltasar.

Er þetta í fyrsta skipti sem íslensk kvikmynd er endurgerð í Bandaríkjunum. Og það sem meira er, það var slegist um réttinn, en Working Title, sem er eitt öflugasta kvikmyndafyrirtæki á Bretlandi bauð einnig í Mýrina. „Overture varð á undan. Þetta er alvöru. Handritið er að verða tilbúið.“ - jbg

INGVAR SEM ERLENDUR Fróðlegt verður að fylgjast með því hvaða bandaríski leikari Erlend lög-
regluföringja.




FRÉTTIR AF FÓLKI

Þeir voru ekki margir sem höfðu mikla trú á **Jónsa** og söngþættinum hans, Singin' Bee. En víst er að efasemdaraddirnar hafa nú verið kveðnar í kúttinn því allt stefnir í að þátturinn verði einn sá vinsælasti í sögu Skjás eins. Samkvæmt nýjustu skoðanakönnun Capacent mælist þátturinn með tæplega þrjátíu prósent áhorf sem þykir sanna að þjóðin hefur alltaf jafn gaman af laglausu fólki. Fáir hoppa þó eflaust hæð sína meira en Jónsi, enda nýbúið að ríkisvæða gamla vinnustaðinn hans á Kirkjusandi og óvist hvort ríkið ætli að leggja einhvern pening í menningarviðburði.



Og meira af sjónvarpi. Því samráð sjónvarpsstjórnanna **Pálma Guðmundssonar** og **Pórhalls Gunnarssonar** virðist hafa heppnast fullkomlega. Lengi vel stefndi í að áhorfendur þyrftu að gera uppá milli Dagvaktar Stöðvar 2 og Svartra Engla RÚV. En menn urðu kátir þegar fréttist að þessu yrði breytt og það kemur vel við sjónvarpsáhorfendur - rúmlega helmingur þjóðarinnar horfir á Englana á meðan tæplega fjórtíu prósent fylgjast með raunum Ólafs, Daníels og Georgs. Raunar mátti litlu muna að Dagvaktin skákaði áhorfi Spaugstofunnar en ljóst má vera að þáttur Evu Maríu njóti síður góðs af samráðinu.



GUNNAR Í KROSSINUM: SÉR ANTÍKRIST Í KORTUNUM

Trúarleiðtogar landsins leggjast á bæn í kreppunni

„Ef þetta heldur áfram í tvær til þrjár vikur þá tel ég að við séum komin í þrengingarnar miklu sem talað er um í hinni heilögu bók,“ segir Gunnar Þorsteinsson, leiðtogi Krossins í Kópavogi. „Heiminum mun þá birtast maður sem hefur öll ráð í hendi sér. Hann mun leysa allar efnahagskrísur en um leið sölsa undir sig heiminn. Sá maður er antíkrístur,“ lýsir Gunnar yfir. Ef spár Gunnars eru á rökum reistar er því réttast fyrir ríkisstjórn Íslands að hafa hraðar hendur.

Gunnar, líkt og aðrir landsmenn, hefur ekki farið varhluta af fréttum um efnahagslægdina sem gengur yfir land og þjóð. Hann bendir hins vegar á að hann hafi í bók sinni, Spádómarnir rætast, sem kom út 1991, séð þetta ástand fyrir og því komi þetta honum ekkert á óvart. „Trúin á Evrópusambandið, olíukreppuna og þessa nýju heimsskipan sem við erum að verða vitni að. Allt var þetta í bókinni minni,“ útskýrir Gunnar. Honum hrýs jafnframt hugur við því að arabar skuli vera að leggja undir sig Evrópu með „svarta gullinu“ sínu, olíunni. „Og þeir eru meira að segja komnir til Íslands,“ segir Gunnar. Þessu hafi hins vegar verið gerð góð skil í bók hans.

Gunnar segir þó ekkert hafa að óttast, hann leggi allt sitt traust á Guð. Og bætir því jafnframt við að hann finni fyrir þörf á hugarfarsbreytingu. „Menn hafa áttað sig á



SÉR ANTÍKRIST Í KREPPUNNI Gunnar Þorsteinsson segist hafa séð þetta ástand fyrir í bók sinni, Spádómarnir rætast, sem kom út 1991.

því að Mammon hefur brugðist,“ segir Gunnar

Og trúmenn sitja ekki með hendur í skauti og biða þess að óveðrinu sloti heldur leggja sitt af mörkum. Gunnar er í hópi þrjátíu trúarleiðtoga úr öllum kirkjusöfnum

landsins sem koma saman á þriðjudögum og biðja fyrir ráðamönnum, ríkisstjórn og þjóðinni allri. „Við hittumst í Friðrikskapelli og leggjumst á bæn og biðjum fyrir því að ríkisstjórnin nái að leida okkur út úr þessum hremmingum.“ - fgg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. ríki í Mið-Ameríku, 6. rún, 8. að, 9. gagn, 11. guð, 12. hald, 14. skaf, 16. í röð, 17. espa, 18. hætta, 20. tveir eins, 21. maður.

LÓÐRÉTT

1. áfengisblanda, 3. innan, 4. koma í ljós, 5. næra, 7. heimilistæki, 10. verkur, 13. frjó, 15. fálma, 16. stal, 19. númer.

LAUSN

patá, 16. tók, 19. nr. ala, 7. ríkissaga, 10. ták, 13. fræ, 15.

LÓÐRÉTT: 1. þú, 3. út, 4. birtast, 5. æsa, 18. ögn, 20. tí, 21. karl.

LÁRÉTT: 2. kúba, 6. úr, 8. til, 9. ný, 11. ra, 12. skaf, 14. krap, 16. tu, 17.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Hafnarfirði.
- 2 800 Bars.
- 3 Ólafur Haukur Símonarson.

Námskeið í innkaupum og vörustjórnun: Að hámarka virði innkaupa

Einn af mikilvægustu þáttum verslunarreksturs er innkaup vöru og flutningur hennar frá seljanda eða upprunalandi. Þarna koma margvíslegir þættir til athugunar eins og innkaupsverð, verðmæti þess sem verið er að kaupa á móti flutningskostnaði. Jafnframt þarf að huga að birgðahaldi og upplýsingaflæði.

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa starfað að innkaupum og stjórnun vöruflokka í smásölu en jafnframt þeim er hafa hug á að stofna verslun eða stunda innflutning á vöru til dæmis frá fjárlægum slóðum.

Markmið

Í lok námskeiðsins eiga þátttakendur að kunna skil á helstu atriðum innkaupa og kunna hagnýtar lausnir við mat flutningskostnaðar og öðrum kostnaði sem fellur á vöru frá því að innkaup eiga sér stað. Námskeiðið leggur megin áherslu á að hámarks virði náist í öllu vörufloðinu frá innkaupum til afhendingar.

Námskeiðið verður haldið 8. og 9. október frá kl. 9.00 - 13.00 báða dagana.

Skráning á vef okkar www.impra/namskeid.is í síma 522 9000 eða á netfanginu brynjasig@nmi.is.



Egill Helga og þjóðarsálin

„Ég man ekki eftir svona ágangi á vefsíðuna hjá mér,“ segir sjónvarpsmaðurinn og ofurbloggarinn Egill Helgason. Hann hefur varla mátt drepa niður fingri á lykklaborð sitt án þess að fleiri tugir, jafnvel hundruð athugasemda hafi hlaðist upp á vefsvæði hans á Eyjunn. „Og það sem hefur eiginlega komið mér mest á óvart er hvursu margt af þessu er hreinlega ágætlega framsett, ég er í það minnsta sáttur við flest af því sem þarna kemur inn,“ heldur Egill áfram.

Einhverjir hafa lýst bloggsvæði Egils sem hinni nýju Þjóðarsál, arftaka útvarpsþáttarins fræga á Rás 2. Hann naut einmitt mikilla vinsælda þegar þjóðarsálin var gerð í lok síðustu aldar og ástandið var ekkert ósvipað og nú. Egill frábiður sér reyndar einhverjar samlíkingar við einn frægasta stjórnanda hennar, Stefán Jón Hafstein, en segist annars sáttur við samlíkinguna. „Svo lengi sem hún er í jákvæðum skilningi.“

Og víst er að margir eiga eftir að sitja límdir fyrir framan sjónvarpstækin á sunnudag þegar Silfríð rúllar af stað og Egill segist ætla að brydda upp á einhverjum nýjungum. „Menn er komnir með

nóg af lýðskrumurum og frasa-kóngum sem mér fannst einkenna umræðurnar í kringum stefnuræðu forsætisráðherra. Ég ætla að reyna að forðast þá í lengstu lög á sunnudag,“ lýsir Egill yfir og víst er að þessi yfirlýsing verði til þess að menn fylgist enn frekar með til að sjá hverja sjónvarpsmaðurinn telur ekki til framangreinds flokks. „Ég held að fólk vilji einfaldlega fá að heyra eitthvað konkret því Íslendingar er orðnir óhemju vel að sér í efnahagsmálum og öllu sem tengist þeim. Þau hafa eiginlega tekið við af veðrinu sem helsta umræðuefnið manna á milli.“ - fgg

STJÓRNAR HINNI NÝJU ÞJÓÐARSÁL Bloggsvæði Egils Helgasonar hefur eiginlega logað síðan efnahagslægdin hóf að ganga á land.



Kíktu inn á www.pitstop.is og skoðaðu úrvalið



VETRARDEKKIN FÆRÐU HJÁ OKKUR
GOTT ÚRVAL – FRÁBÆRT VERÐ

pitstop
ÞJÓNUSTA Í FYRIRRÚMI



MICHELIN

BF Goodrich

Kleber

Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi



Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta

TILBOÐ

FÓLKSBÍLA- OG JEPPADEKKJUM

Afsláttur

15% afsláttur af öllum dekkjum

20% afsláttur af allri vinnu



pitstop

Rauðhelli 11 Hfj.
Sími: 568 2035



pitstop

Hjallahrauni 4 Hfj.
Sími: 565 2121



pitstop

Dugguvogi 10
Sími: 568 2020



Við notum Shell Helix smurolíur



Gesthús Dúna
Tveggja manna herbergi
á kr. 5.000 nóttin
Svefnpokapláss
kr. 1.500 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is



BAKÞANKAR
Guðmundar
Steingrímssonar

Jæja

Landsmenn hafa líklega flestir látt sig á því að það sem raunverulega getur gerst á Íslandi á næstu vikum, ef allt fer í hundana, er að lífskjör hoppi cirka 25 ár aftur í tímann. Þá erum við að tala um vöruskort í búðum, ekkert klettalat, sólarlandaferðir til Mallorca sem fjarlægur draum, vanilludropa í partíum, slagsmál um bílavarahluti og biðraðir við fatabúðir sem bjóða stretsbuxur og rúllukragapeysur á vildarkjörum.

VIÐ erum komin í hann krappan, er óhætt að segja. Margir eru sveittir á efri vör að tæta skjöl. Krónan er að verða eins og Latabæjarpeningur. Spurning um að fá gjaldeyrslán frá Íþróttarálfnum? Gjaldþrot og atvinnuleysi blasa við. Það er ekkert grín. Vonleysið getur grafið um sig og hrópendur eru víða. Mistökkin eru af alls konar toga. Breyskleiki mannskepnunnar blasir við í allri sinni mynd. Græðgi, hroki og efalessi hafa leikið okkur grátt og naflaskoðun er óhjákvæmileg.


HÚN verður athyglisverð, er löngu tímabær og verður gaman að fylgjast með henni og taka þátt. Það sem hins vegar þarf að gera núna er að bretta upp ermar, setja allt af stað, snúa bókum saman og massa þennan vanda sem steðjar að okkur. Allt upp á borðið, allir að borðinu og klára dæmið. Ekkert rugl. KR-ingar, Valsmenn, Gaflarar og Garðbæingar, SA og ASÍ, Davíð og Jón Ásgeir, Glitnir, Geir og stjórnmalamenn allir: Nú er að duga eða drepast.

VIÐ erum í þessu saman. Nú þurfa landsleiðtogar að láta af öllum skuggalegum næturfundum, brólti niður brunastiga og læðupokastjórnmalum. Nú þarf að tala. Eyða óvissu. Segja frá. Stilla saman strengi. Við Íslendingar erum engir aumingjar. Við ætlum ekki að láta einhverja alþjóðamarkaðspesa snúa okkur niður svo glatt hér á norðurhvara án þess að bregðast við.

NÚ duga heldur engar skammtímalausnir, landsmenn góðir. Ekkert „þetta-reddast-látum bara Dorrit-hringja-i-vini-sína-hugarfar“. Við þurfum að horfa fram á við af kjarki og taka stórar ákvarðanir byggðar á svörum við stórum spurningum. Hvaða vinabjóðir eigum við í heiminum? Hverjir eru okkar bandamenn og bakhjarlar? Þurfum við evru og ESB?

ÞAÐ er komið að þeirri stund sem allir Íslendingar þekkja. Upplausnarástand og losarabragur endar alltaf hér á landi með því að einhver stendur upp og segir: Jæja.

NÚ verðum við að fara að gera eitthvað.



GÓÐAN DAG!
Í dag er laugardagurinn
4. október, 278. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 7.46	13.16	18.45
Akureyri 7.33	13.01	18.27

Heimild: Almanak Háskólans

Þitt líf - Þitt heimili



GRILLA grillpanna
L36xB26, H5cm. Teflonhúðað
ál. Svart 1.790,-



CELEBER olíuflöskur
á standi 31 cl. H22cm.
Hvít/akasiuviður



ORDNING eggjaklukka Ø6,
H6cm. Ryðfrítt stál 695,-



MIXTUR ofn-/framreiðsluföt 3 stk. L9xB7cm og
1 stk. L24xB11cm. Glært gler 1.190,-/4 í pk.



STABIL hlíf Ø33cm.
Ryðfrítt stál 495,-



RESURS skurðarbretti
L45xB30cm. Beyki 1.090,-



PROMPT form/grillgrind L38xB31cm.
Teflonhúðað stál/ryðfrítt stál. Grátt



IKEA 365+ pottur m/loki L40xB25,
H16cm. 5 l. Ryðfrítt stál, teflonhúðað/
glært gler 5.490,-




4.790,-

STIL wokpanna m/grind Ø35, H10cm.
Ryðfrítt stál, teflonhúðað



MEDALJ pottur m/loki
Ø18, H13cm. 3 l.
Ryðfrítt stál 3.490,-



ORDNING standur
Ø12, H13,5cm.
Ryðfrítt stál 695,-



DINERA DEKAL matarstell.
2 diskar, 2 skálar m/loki,
2 sósuskálar og 2 pör matarpjónar.
Grátt 2.690,-/10 í setti



KOMMERS kryddjurtahnífur
m/bakka. Bakki B20xL20cm. Hnífur
L16x8cm. Ryðfrítt stál/beyki 950,-



FANTAST kjöthitamælir/tímastillir
stafrænn B9xH7cm. Svart 995,-



DISTINKT hnífasett. L24,
31 og 32cm. Ryðfrítt stál/
bambus 2.690,-/3 í pk.



FAVORIT steikarpanna L23xB33, H5cm.
Teflonhúðað ál/ryðfrítt stál

Morgunmatur
frá kl. 9:30 - 11:00 alla daga



245,-

IKEA FOOD

Helgarsteik

Reykt svínasteik
m/brúnuðum kartöflum,
rauðkáli, baunum og sósu

845,-

IKEA FOOD



Opið 11-20 alla daga
Veitingastaður opin 9:30 - 19:30

www.IKEA.is